

Friðrik G. Olgeirsson

# OBHM

## Saga Orlofssjóðs Bandalags háskólamanna 1974–2016

Orlofssjóður BHM



**Friðrik G. Olgeirsson**

# OBHM

## Saga Orlofssjóðs Bandalags háskólamanna 1974–2016

Orlofssjóður BHM
2017

OBHM – Saga Orlofssjóðs Bandalags háskólamanna 1974–2016
© Friðrik G. Olgeirsson
Útgefandi: OBHM
Hönnun/prentvinnsla: Prentvinnsla: Oddi umhverfisvottuð prentsmiðja
Ljósmyndir á kápu: Kristín Bogadóttir, forsíðu og baksíðu
Rafael Pinho & Bjarni Kristinsson, baksíðu

Öll notkun á efni bókarinnar er óheimil nema með leyfi höfundar og útgefanda.

ISBN 978-9935-24-234-1

# *Efnisyfirlit*

**1. Inngangur. Ögn flókin saga bandalags** ..... 5

**2. Upphaf Orlofssjóðs BHM** ..... 9
- 2.1 Stofnun orlofsnefndar og orlofsheimilasjóðs ..... 9
- 2.2 Nafnabreytingar ..... 11
- 2.3 Fyrstu orlofsferðirnar ..... 11
- 2.4 Sjóðurinn kaupir sumarbústaðaland ..... 12
- 2.5 Aðildarfélög BHM 1958–1976 ..... 13

**3. Starfsemi Orlofssjóðs BHM 1976–1998** ..... 15
- 3.1 Aðildarfélög og fjöldi félagsmanna sjóðsins ..... 15
- 3.2 Stjórn sjóðsins ..... 16
  - Lög og reglugerðir ..... 16
  - Stjórnarmenn ..... 18
  - Rekstur og fjárfestingar ..... 19
- 3.3 Starfsfólk á skrifstofu og útleiga orlofshúsa ..... 19
- 3.4 Orlofshús og íbúðir í eigu sjóðsins ..... 20
  - Yfirlit ..... 20
  - Uppbygging í Brekkuskógi 1977–1998 ..... 20
  - Núpar í Aðaldal ..... 23
  - Á Miðhúsum við Egilsstaði ..... 23
  - Svignaskarð í Borgarfirði ..... 24
  - Fyrstu eignaríbúðir sjóðsins ..... 24
- 3.5 Leiguhúsnæði til endurleigu ..... 25
- 3.6 Liðkað fyrir ferðalögum innanlands ..... 25
- 3.7 Orlof í útlöndum ..... 25
- 3.8 Upphaf starfsáætlana og stefnumörkunar ..... 26

**4. Starfsemi Orlofssjóðs BHM 1999–2016** ..... 27
- 4.1 OBHM verður sjálfseignarstofnun ..... 27
- 4.2 Skipulagsskráin og seinni breytingar á henni ..... 27
- 4.3 Aðildarfélög og fjöldi sjóðfélaga ..... 28
- 4.4 Stjórn sjóðsins ..... 29
  - Fulltrúaráð og stjórn ..... 29
  - Stefnumótun og viðhorfskannanir ..... 31
  - Verklagsreglur við úthlutun orlofshúsa ..... 34
  - Rekstur sjóðsins og fjárfestingar ..... 35
- 4.5 Starfsmenn og skrifstofa ..... 36
  - Þjónustusamningar við BHM ..... 36
  - Aukin tækni við móttöku umsókna ..... 37
  - Orlofsvikur, úthlutanir og nýting húsa ..... 38
- 4.6 Orlofshús og íbúðir í eigu sjóðsins ..... 39
  - Yfirlit ..... 39
  - Brekkuskógur ..... 39
  - Núpar í Aðaldal ..... 45
  - Á Miðhúsum við Egilsstaði ..... 45
  - Hraunvé við Hreðavatn ..... 45
  - Hálönd í Hlíðarfjalli ..... 46
  - Íbúðir sjóðsins í Reykjavík og á Akureyri ..... 46
- 4.7 Leiguhús og íbúðir til endurleigu ..... 47
  - Í boði innanlands ..... 47
  - Orlofskostir erlendis ..... 47
- 4.8 Önnur orlofsfyrirgreiðsla sjóðsins ..... 48

**Tilvísanaskrá** ..... 49

**Heimildaskrá** ..... 53

# 1. Inngangur. Ögn flókin saga bandalags

Stofnfundur Bandalags háskólamenntaðra manna var haldinn í kennarastofu Háskóla Íslands fimmtudaginn 23. október 1958. Eftir að búið var að samþykkja lög fyrir bandalagið var því kosin stjórn og var Ármann Snævarr kosinn fyrsti formaður. Í félögunum 11 sem stofnuðu bandalagið voru á bilinu 15 til 293 manns og samtals voru félagsmenn allra aðildarfélaganna um 1200. Nákvæm tala var ekki tiltæk, þar sem sum félögin höfðu ekki fullkomnar skrár á þessum tíma, en talan 1200 var miðuð við þá sem borguðu félagsgjöld.[1]

Samkvæmt lögum Bandalags háskólamenntaðra manna var meginhlutverk þess tilgreint með eftirfarandi hætti:

1. Að efla samheldni háskólamenntaðra manna á Íslandi.
2. Að gæta í hvívetna hagsmuna háskólamenntaðra manna hér á landi og vera í fyrirsvari fyrir þá gagnvart innlendum og erlendum aðilum.
3. Að stuðla að bættri aðstöðu til vísindalegra starfa á Íslandi og vinna að auknum skilningi landsmanna á gildi þeirra.

Verkefni bandalagsins voru með öðrum orðum tvíþætt. Annars vegar að vinna að hagsmuna- og félagsmálum háskólafólks og hins vegar bar bandalaginu að beita sér fyrir ýmsum menningarmálum sem eðlilegt þótti að háskólafólk léti sig einhverju varða. Bandalagið átti að samstilla krafta einstakra félaga við að ná settum markmiðum, eiga um þau frumkvæði og aðstoða félögin í baráttu þeirra fyrir einstökum málefnum, þar með töldum kjaramálum. Segja má að kjörorð bandalagsins hafi verið: Sameinaðir stöndum vér, sundraðir föllum vér. Æðsta vald í málefnum þess var í höndum fulltrúaráðs og á fyrsta aðalfundi þess 26. nóvember 1959 var samþykkt að breyta nafni samtakanna í Bandalag háskólamanna, skammstafað BHM.

Þegar Bandalagi háskólamanna var ýtt úr vör var það yfirlýst stefna stjórnar þess og fulltrúaráðs að vinnubrögðin yrðu með þeim hætti að hvert einstakt félag beitti sér fyrir bættum kjörum sinnar stéttar en að bandalagið styrkti og hjálpaði þeim eins og hægt væri og ákveðið yrði hverju sinni. Áður en félögin legðu út í kjarabaráttu ættu þau að tilkynna stjórn bandalagsins eða fulltrúaráði hverjar kröfurnar væru og myndi þá stjórnin vega þær og meta. Hið opinbera viðurkenndi í upphafi ekki nýja bandalagið sem forsjáraðila fyrir hönd félaganna heldur BSRB, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, í flestum tilfellum. Ljóst er



*Þessir menn áttu sæti í stjórn BHM á fyrstu árum bandalagsins. Frá vinstri: Árni Böðvarsson, Aðalsteinn Sigurðsson, Ármann Snævarr og Jón O. Edwald. Myndin var tekin í október 1983.*

þó að forystumenn BHM vonuðust til þess að bandalagið fengi með tíð og tíma slíkt umboð og bentu í því sambandi til Norðurlandanna þar sem hliðstæð bandalög voru flest viðurkennd sem samningsaðilar gagnvart ríkisvaldinu.

Baráttan fyrir samnings- og verkfallsrétti var bæði löng og ströng. Ríkisvaldið var lengi tregt til að viðurkenna bandalagið og BSRB fór með samningsrétt allra opinberra starfsmanna fram á áttunda áratuginn. Það var loks árið 1973 að baráttan fyrir samningsrétti skilaði árangri. Í apríl það ár voru samþykkt ný samningsréttarlög, lög nr. 46/1973.[2] Samkvæmt þeim fóru heildarsamtök starfsmanna ríkisins, sem fjármálaráðherra viðurkenndi, með fyrirsvar ríkisstarfsmanna um aðalkjarasamning en einstök aðildarfélög með samningsrétt um sérmál sín. Um lækna var gerð sú undantekning að fjármálaráðherra var heimilað að veita Læknafélagi Íslands rétt til að fara með kjarasamninga fyrir þá félagsmenn sem ráðnir voru með skemmri uppsagnarfresti en þremur mánuðum. Hinn 25. maí viðurkenndi fjármálaráðherra BHM sem samningsaðila fyrir hönd háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna. Langþráður sigur var þá loks í höfn.

Í kjölfar þessa sigurs var lögum BHM breytt í maí 1973. Ákveðið var að sérstakt þing, sem haldið yrði í nóvember annað hvert ár, hefði æðsta vald í málefnum bandalagsins en það ár sem þing væri ekki skyldi halda aðalfund fulltrúaráðs með formönnum aðildarfélaganna í nóvember. Launamálaráð ríkisstarfsmanna yrði samninganefnd bandalagsins við gerð aðalkjarasamnings. Ráðið hafði verið stofnað 13. júní 1962 til að samræma kröfur aðildarfélaga BHM og í raun leiða kjarabaráttuna. Þótt launamálaráð væri búið að starfa í mörg ár má líta á þetta sem nýtt ráð enda í fyrsta sinn sem það var nefnt á nafn í lögum bandalagsins. Þar sagði að í ráðinu ætti sæti einn fulltrúi frá hverju því aðildarfélagi bandalagsins sem hefði ríkisstarfsmenn innan sinna vébanda en auk þess tilnefndi stjórn BHM tvo ríkisstarfsmenn í ráðið úr sínum hópi en þeir hefðu ekki atkvæðisrétt.[3] Stjórn BHM átti að taka ákvörðun um uppsögn kjarasamninga samkvæmt tillögum launamálaráðs þannig að í raun var það ráðið sem réð ferðinni í þeim efnum. Upp frá þessu fór ráðið að starfa af meiri krafti en áður; það varð smám saman sjálfstæðara á sama tíma og mikinn kraft dró úr bandalaginu sjálfu, móðurfélaginu.

Þessi þróun leiddi til þess að tillögur um lagabreytingar voru lagðar fyrir fimmta þing BHM í nóvember 1982 og þar voru þær samþykktar sem ný lög fyrir bandalagið. Helstu nýmæli þeirra voru að fjölgað var í stjórninni og hún kölluð framkvæmdastjórn. Það voru formenn launamálaráðs, ráðs sjálfstætt starfandi háskólamanna og launamálaráðs borgarstarfsmanna sem þá fengu sæti í framkvæmdastjórninni við hlið þeirra fimm manna sem kjörnir voru á þingunum eins og verið hafði. Fulltrúaráðið var lagt niður en í stað þess kom aðalstjórn sem skipuð var formönnum aðildarfélaganna, framkvæmdastjórninni og fulltrúum ráðanna. Þá var sjálfstæði ráðanna innan bandalagsins stóraukið frá því sem var og þau látin setja sér sínar eigin starfsreglur. Loks voru ákvæðin um kjarasamninga opinberra starfsmanna felld úr lögunum og þeim vísað til samþykkta launamálaráðs ríkisstarfsmanna. Fyrir utan þessar breytingar var ákveðið að stefna að því að setja á fót ráð háskólamanna á almennum vinnumarkaði og þar með áttu stofnar BHM að vera þrír: opinberir starfsmenn (launamálaráð), ráð sjálfstætt starfandi háskólamanna og áðurnefnt ráð háskólamanna á almennum markaði.[4]

Með þessum lagabreytingum urðu nokkur tímamót í sögu Bandalags háskólamanna. Eftir breytinguna átti yfirstjórn BHM eingöngu að láta sig varða málefni heildarinnar, vera málsvari félagsmanna í sameiginlegum málum inn á við og út á við, en ráðin áttu að sjá um kjaramálin.[5] Ljóst er að margir vildu gera róttækari breytingar á lögunum en gert var á þinginu og taka með markvissari hætti á grundvallarskipulagi bandalagsins, gera skilin gleggri milli móðurfélagsins og ráðanna, sér í lagi launamálaráðs sem lét mest að sér kveða. Skipulagið var flókið og má tala um tvískipta einingu á árunum 1982–1986. Starfsmaður á skrifstofu var til að mynda í hálfu starfi hjá BHM og að hálfu hjá launamálaráði. Jafnvel fólk í framvarðarsveit bandalagsins vissi sumt varla hvort um eitt bandalag væri að ræða eða tvö. BHM var eins og trjástofn sem greinst hafði í tvær megin trjágreinar. Fljótlega eftir breytingarnar árið 1982 var farið að kalla launamálaráðið BHMR, Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna.

Á sjöunda þingi BHM 21. og 22. nóvember 1986 var gerð breyting á lögum bandalagsins sem endanlega greindi það og BHMR í tvö bandalög. Breytingartillagan sem þá var samþykkt hljóðaði svo: „BHMR eru heildarsamtök stéttarfélaga háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna. BHMR setur sér lög. Fjármál BHM og eignir eru aðskilin fjármálum og eignum BHMR“. Þar með var aðild að BHMR óháð aðild að BHM. Var starfsemi BHM og BHMR næstu árin nánast algerlega aðskilin, einu tengslin voru þau að BHMR hafði fulltrúa í framkvæmdastjórn en BHM aftur á móti áheyrnarfulltrúa á fundum launamálaráðs BHMR.[6] Þetta skipulag gekk ekki upp og svo fór að lokum að árið 1993 var ákveðið að BHM yrði lagt niður og í kjölfarið var kosin skilanefnd til að ganga frá skuldbindingum bandalagsins. Nefndin samdi við BHMR um endalok Bandalags háskólamanna sem urðu með þeim hætti að BHMR yfirtók lífeyrisskuldbindingar starfsmanna bandalagsins og skuldir þess en fékk í staðinn hluta

BHM í Ásbrú sf., sameignarfélagi bandalagsins og aðildarfélaga um rekstur húseignar, og yfirráð nafnsins Bandalag háskólamanna, BHM. Gamla bandalagið var þar með úr sögunni en skilanefndin lauk þó ekki störfum með formlegri innköllun á kröfum í búið fyrr en að þremur árum liðnum.

Í árslok 1986 fengu einstök félög innan BHMR samningsrétt en fram að því hafði bandalagið sjálft haft hann. Höfðu þá sumir á orði að bandalagið væri í raun komið í sama tómarúm og BHM áður. Við þessum breyttu aðstæðum var brugðist með þeim hætti að á næstu árum var bandalagið skipulagt upp á nýtt og einnig var skipulag aðildarfélaganna aðlagað þeim nýja veruleika að þau voru orðin stéttarfélög, sum þó blanda stéttar- og fagfélaga. Fram að þessu hafði BHMR eingöngu sinnt kjaramálum en fór nú að sinna öðrum málaflokkum og tók á næstu árum við því hlutverki sem BHM hafði gegnt. Það varð málsvari allra háskólamanna og opið jafnt ríkisstarfsmönnum sem háskólafólki á almennum vinnumarkaði. Vegna þessara nýju aðstæðna var samþykkt á miðstjórnarfundi í desember 1993 að skipa nefnd um framtíðarmarkmið og starfshætti BHMR. Nefndin skilaði skýrslu með tillögum sínum 20. mars 1994 sem teknar voru fyrir á aðalfundi samtakanna fimm dögum seinna og samþykktar. Megintillagan var þessi: „BHMR verði í reynd samtök fag- og stéttarfélaga, jafnt í opinberri þjónustu sem á almennum markaði.“[7]

Vegna breytinganna á starfi og skipulagi BHMR sem hér hefur verið greint frá þótti nafn samtakanna ekki lengur nothæft. Á aðalfundi 24.–25. mars 1994 var því samþykkt að breyta nafni samtakanna í Bandalag háskólamanna en þar sem skilanefndin var enn ekki búin að ganga lögformlega frá slitum gamla bandalagsins var ákveðið að nafnið Bandalag háskólamanna – BHMR yrði notað þar til að nefndin hefði lokið störfum. Hún lauk störfum með formlegri innköllun á kröfum í búið árið 1996 og 1. maí það ár voru stafirnir BHMR endanlega felldir brott úr nafni yngra bandalagsins og hefur það síðan borið nafnið Bandalag háskólamanna, skammstafað BHM.[8]

Í þessu riti verður ekki fjallað nánar um sögu BHM heldur sjóð sem stofnaður var á vegum bandalagsins um miðjan áttunda áratuginn sem nota skyldi til að auðvelda félagsmönnum að taka sér hvíld – orlof – frá starfi á sumrin. Skipulagsbreytingar á bandalaginu höfðu töluverð áhrif á sjóðinn, nafn hans og starfsemi, og því þótti nauðsynlegt að hefja sögu hans, Orlofssjóðs BHM, á því að skýra og greina þróun BHM með þeim hætti sem hér hefur verið gert í inngangi.

# 2. Upphaf Orlofssjóðs BHM

## 2.1 Stofnun orlofsnefndar og orlofsheimilasjóðs

Orlofsmál bar ekki á góma í starfi Bandalags háskólamanna fyrstu 12 árin sem það starfaði. Það var ekki fyrr en í apríl 1970 sem sú tillaga kom fram að vert væri að athuga hvort hægt yrði að fá land undir sumarbústaði. Ekki verður þess vart að málinu hafi aftur verið hreyft næstu árin en í október 1973 skipaði stjórn bandalagsins fimm menn í nefnd sem kölluð var orlofsmálanefnd. Þeir voru Almar Grímsson lyfjafræðingur, Hilmar Sigurðsson viðskiptafræðingur, Sigmundur Magnússon læknir, Sæmundur Óskarsson verkfræðingur og Þorsteinn Magnússon kennari. Nefndinni var ætlað að kanna hug félagsmanna til ferðalaga til útlanda og hvort áhugi væri fyrir innlendum orlofshúsum. Nefndin sendi spurningalista á 117 félagsmenn og í ljós kom að 70% svarenda vildu eiga kost á orlofsferðum á vegum BHM til útlanda og 39% vildu að bandalagið leigði eða byggði sumarbústaði til leigu, þó ekki í stóru orlofshúsahverfi heldur fremur dreift um landið. Um veturinn samdi nefndin við ferðaskrifstofuna Sunnu um afslátt félagsmanna BHM og fjölskyldna þeirra á flugmiðum til fimm landa sumarið 1974 og voru það fyrstu orlofsferðir á vegum bandalagsins. Viðbúið er að nefndin hafi eitthvað kannað leigu á sumarbústöðum eða byggingu þeirra en ekki varð þó af frekara starfi hennar.[1]

Næsta skref í orlofsmálum var stigið haustið 1974 en þá gengu formaður og framkvæmdastjóri BHM, Markús Á. Einarsson veðurfræðingur og Guðríður Þorsteinsdóttir lögfræðingur, á fund Matthíasar Á. Mathiesen fjármálaráðherra til að leita eftir stuðningi ríkisvaldsins við stofnun orlofssjóðs bandalagsins. Árangur ferðarinnar var sá að nokkrum mánuðum seinna fékk bandalagið þriggja milljóna króna framlag frá ríkinu í orlofsheimilasjóð, eins og sjóðurinn var nefndur fyrstu árin, fyrir árið 1974. Líta má svo á að með þessu framlagi hafi Orlofsheimilasjóður BHM orðið til og fékk hann fjögurra milljóna króna framlag árið 1975 og fimm milljónir árið 1976. Að núvirði var sjóðurinn því árið 1976 rúmar 30 milljónir króna. Hann var undir stjórn launamálaráðs BHM.[2]

Í desember 1974 var skipuð orlofsnefnd með formlegum hætti til að undirbúa byggingu orlofshúsa. Stefán Hermannsson verkfræðingur var formaður hennar, Hilmar Ólafsson arkitekt varaformaður og Almar Grímsson lyfjafræðingur meðstjórnandi. Nefndin samdi við ferðaskrifstofuna Sunnu um ferðir til útlanda sumarið 1975 og einnig tók hún á leigu þrjá sumarbústaði sem leigðir voru félagsmönnum um sumarið og var nýting þeirra góð. Loks lagði nefndin



*Stjórn BHM 1972–1974 ásamt framkvæmdastjóra. Frá vinstri: Stefán Hermannsson varamaður, Hrafn Bragason gjaldkeri, Markús Á. Einarsson formaður, Guðríður Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri, Heimir Þorleifsson varaformaður og Bjarki Magnússon meðstjórnandi. Á myndina vantar Hilmar Ólafsson ritara. Stefán var formaður orlofsnefndar BHM 1974–1978.*

á árinu fram tillögu að reglugerð fyrir orlofssjóðinn. Orlofsmálin voru mikið rædd allt árið 1975 og reglugerðardrögin stöðugt í skoðun. Árið eftir samdi BHM um það við fjármálaráðherra í kjarasamningum að ríkissjóður greiddi framvegis 0,25% af föstum launum þeirra félagsmanna sem voru í þjónustu ríkisins í orlofsheimilasjóð bandalagsins en ári seinna breyttist það í 0,25% af heildarlaunum.[3]

Reglugerðardrögin voru samþykkt á öðru þingi Bandalags háskólamanna í nóvember 1976 og var reglugerðin í gildi til ársloka 1984. Lögin skiptust í fjóra kafla með 12 greinum. Þegar þau voru samþykkt

## Reglugerð um Orlofsheimilasjóð BHM

### I. kafli. Aðild og tekjur

1. grein

Rétt til aðildar að Orlofsheimilasjóði BHM eiga allir félagar í BHM. Aðild að sjóðnum getur verið með þrenns konar hætti:

1. Allir ríkisstarfsmenn innan BHM eiga aðild með framlagi ríkissjóðs til Orlofsheimilasjóðs BHM.
2. Aðrir en ríkisstarfsmenn geta átt aðild með þátttöku í sérstökum orlofsheimilasjóðum einstakra aðildarfélaga BHM.
3. Háskólamenn með einstaklingsaðild að BHM, svo og þeir félagsmenn einstakra aðildarfélaga BHM, sem ekki eiga kost á aðild samkvæmt töluliðum 1 og 2 hér að ofan, geta fengið beina aðild að Orlofsheimilasjóði BHM.

2. grein

Framlög sjóðfélaga til Orlofsheimilasjóðs BHM eru:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs vegna ríkisstarfsmanna.
2. Árlegt framlag orlofsheimilasjóða einstakra aðildarfélaga BHM skal vera jafnt framlagi ríkissjóðs til Orlofsheimilasjóðs BHM deilt með fjölda ríkisstarfsmanna innan BHM, fyrir þá sjóðfélaga sem samið hafa við sína atvinnurekendur um greiðslu sérstaks orlofsheimilagjalds, en 2/3 þessarar upphæðar fyrir aðra sjóðfélaga.
3. Árlegt framlag sjóðfélaga með einstaklingsaðild að sjóðnum skal vera 2/3 hlutar framlags ríkissjóðs deilt með fjölda ríkisstarfsmanna innan BHM eins og hann er 1. júlí.

Framlög samkvæmt þessari grein falla í gjalddaga 1. febrúar það ár sem við á.

### II. kafli. Réttindi sjóðfélaga

3. grein

Rétt til afnota af sumarhúsum eða annarri þjónustu Orlofsheimilasjóðs hafa allir sjóðfélagar sbr. 1. gr. samkvæmt nánari ákvörðun 4. gr.

4. grein

Öllum félögum BHM skal tilkynnt fyrir 1. janúar ár hvert hvaða orlofsdvöl sjóðurinn bjóði uppá og skal sækja um leigu á sumarhúsum fyrir 15. febrúar. Fyrir 15. mars skal orlofsnefnd tilkynna hverjir geti fengið orlofshús á leigu yfir sumarið. Einungis þeir, sem skuldlausir eru við BHM og Orlofsheimilasjóð, skulu hafa rétt til að taka orlofshús á leigu. Að öðru leyti skulu umsóknir um sumardvöl metnar þannig: Forgangsröð umsókna miðast við röðunarstuðul k, k = (a+50) x s. Þar sem a = aldur umsækjanda í árum, s = sjóðsaldur eða árafjöldi frá síðustu leigutöku.

Heimilt er að taka sérstakt tillit til þess ef umsækjandi hefur innt af hendi sérstök störf í þágu BHM.

5. grein

Orlofsheimilasjóðum einstakra félaga BHM er heimilt að leggja fram meira fé til sjóðsins en kveðið er á samkvæmt 2. gr. og öðlast sjóðfélagar þeirra þá meiri rétt til leigu sumarhúsa í hlutfalli við greitt heildarframlag. Aldrei er þó hægt að kaupa sér aukinn rétt nema sem svarar tvöföldum almennum rétti hið mesta.

Óski einstök aðildarfélög BHM eftir að eignast einstök hús í orlofsheimilahverfi BHM, er orlofsnefnd heimilt að gera um það sérstakt samkomulag, enda standi slík félög undir eðlilegum hluta sameiginlegs kostnaðar.

### III. kafli. Stjórn og rekstur sjóðsins

6. grein

Þing BHM kýs tvo menn og tvo til vara til setu í orlofsnefnd til tveggja ára. Stjórn BHM kýs einn nefndarmann úr sínum hópi til setu í nefndinni og skal hann jafnframt vera formaður orlofsnefndar. Stjórnin kýs jafnframt einn varamann sem tekur sæti formanns í forföllum hans. Nú gengur nefndarmaður kosinn af þingi BHM úr orlofsnefnd á kjörtímabilinu og skal þá fulltrúaráð BHM kjósa mann í hans stað. Stjórn BHM ákveður þóknun til nefndarmanna.

7. grein

Orlofsheimilasjóður BHM er í vörslu orlofsnefndar en skrifstofa BHM annast daglegan rekstur sjóðsins. Orlofsnefnd er heimilt að taka lán í nafni sjóðsins og undirgangast aðrar skuldbindingar að fengnu samþykki stjórnar BHM.

8. grein

Orlofsheimilasjóði BHM skal varið til byggingar orlofsheimila og til að skapa á annan hátt aðstöðu til orlofsdvalar sjóðfélaga. Leiga af orlofsheimilum skal ákveðin þannig að hún standi undir rekstri.

**IV. kafli. Almenn ákvæði**

9. grein

Orlofsnefnd geri tillögur til stjórnar BHM um meginákvarðanir varðandi uppbyggingu og rekstur orlofsheimila BHM. Stjórnin leggur slíkar tillögur fyrir fulltrúaráð BHM til fullnaðar afgreiðslu.

10. grein

Rísi ágreiningur um einstök atriði í reglugerð þessari sker fulltrúaráð BHM úr honum.

11. grein

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og verður henni aðeins breytt á þingi BHM eða fundi skv. 13. gr. laga BHM. Um breytingar gildi sömu ákvæði og um breytingar á lögum BHM.

12. grein

Nú ákveður orlofsheimilasjóður aðildarfélags eða sjóðfélagi með einstaklingsaðild sbr. 2. og 3. töluliður 2. gr. að ganga úr sjóðnum. Fer þá um eign aðila sem hér segir.

1. Ef aðili á hús í orlofsheimilahverfi BHM kaupir Orlofsheimilasjóður BHM slíkt hús á kaupverði sem tveir dómkvaddir matsmenn úrskurða. Andvirðið greiði Orlofsheimilasjóður með jöfnum greiðslum í fimm ár frá mati með venjulegum innlánsvöxtum banka og sparisjóða.
2. Ef eign aðila í sjóðnum er í formi fjárframlaga skal greiða þau framlög með jöfnum greiðslum í fimm ár með venjulegum innlánsvöxtum banka og sparisjóða.[5]

voru einungis ríkisstarfsmenn í orlofsheimilasjóði því aðeins var greitt í sjóðinn vegna þeirra. En samkvæmt fyrstu grein reglugerðarinnar áttu allir félagar BHM að geta átt aðild að sjóðnum, sem ríkisstarfsmenn, einstaklingar eða með þeim hætti að einstök félög stofnuðu sína orlofssjóði sem yrðu hluti af sjóði bandalagsins. Með þessum ákvæðum vildu menn vafalaust gera sjóðinn sem öflugastan en árin liðu eitt af öðru án þess að aðrir en ríkisstarfsmenn yrðu aðilar að honum og það var ekki fyrr en á tíunda áratugnum að breyting varð þar á.

Annað sem vert er að vekja athygli á í reglugerðinni eru ákvæði greina 7 og 9 sem sýna að stjórn sjóðsins varð að bera allt sem varðaði peningamál og framkvæmdir undir stjórn BHM eða fulltrúaráð; hjá þeim stofnunum bandalagsins var í raun yfirstjórn sjóðsins á þessum árum.

Í samræmi við reglugerðina voru á þinginu 1976 kosnir tveir aðalmenn og tveir varamenn til setu í orlofsnefnd BHM og stjórn bandalagsins kaus einn úr sínum hópi í nefndina og einn til vara. Stefán Hermannsson var kosinn formaður og með honum Hilmar Ólafsson og Jón Kr. Valdimarsson.[4] Við ártalið 1976 er því upphaf starfsemi Orlofssjóðs BHM, OBHM, miðað en sjóðurinn varð þó til tveimur árum fyrr með fyrsta framlaginu úr ríkissjóði.

## 2.2 Nafnabreytingar

Áður en lengra verður haldið er ekki úr vegi að fjalla í stuttu máli um nafn sjóðsins. Í kjölfar breytinganna á BHM í byrjun níunda áratugarins, sem greint var frá í inngangi, þegar bandalagið fór að greinast í tvennt, BHM og BHMR, var ákveðið á 6. þingi BHM árið 1984 að setja Orlofsheimilasjóðnum nýja reglugerð. Hún var samþykkt 12. júní 1985. Samkvæmt henni var nafninu breytt og sjóðurinn kenndur við Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Orlofssjóður BHMR. Meðal annars voru gerðar breytingar á stjórn og stjórnarkjöri og verður rætt um það í næsta kafla. Sama ár var öllum orlofsbundnum eignum BHM þinglýst á sjóðinn. Eftir að gengið hafði verið lögformlega frá slitum upprunalega BHM árið 1996 og búið að breyta nafni BHMR í BHM var orlofssjóðnum enn gefin ný og breytt reglugerð eða skipulagsskrá og tók hún gildi árið 1999. Samkvæmt henni heitir sjóðurinn Orlofssjóður Bandalags háskólamanna, OBHM, og verður það nafn notað í þessari bók.[6]

## 2.3 Fyrstu orlofsferðirnar

Eins og fram kom samdi orlofsmálanefndin, sem skipuð var í október 1973, við ferðaskrifstofuna Sunnu um afslátt á sólarlandaferðum sumarið 1974. Boðið var upp á ferðir til þriggja landa Suður-Evrópu, Spánar, Ítalíu og Portúgals, og afslátt á flugmiðum til




*Kort sem sýnir Brekkuskóg og ýmsa aðra staði í nágrenninu.*

Kaupmannahafnar og London. Arftaki nefndarinnar, orlofsnefndin sem kosin var í desember 1974, hélt þessu starfi áfram og samdi árið 1975 og næstu ár við Sunnu, Samvinnuferðir og fleiri ferðaskrifstofur um utanlandsferðir. Það sama gerði nefndin sem tók við árið 1976 og með árunum bættust ný lönd við. Ferðirnar nutu vinsælda og voru með svipuðu sniði fram á níunda áratuginn.[7]

## 2.4 Sjóðurinn kaupir sumarbústaðaland

Mennirnir þrír sem kosnir voru í orlofsnefnd BHM árið 1974, Stefán Hermannsson, Hilmar Ólafsson og Almar Grímsson, fóru strax árið 1975 að ræða um það hvar hentugast væri að byggja orlofshús eða hvort það borgaði sig að kaupa tilbúin hús og þá hvar. Fljótlega barst þeim orðsending frá fjármálaráðherra þess efnis að jarðeignadeild ríkisins hefði jörð til umráða sem ef til vill hentaði undir sumarhús. Voru menn óðar gerðir út af örkinni til að kanna það mál en jafnframt var bæði nefndarmönnum og meðlimum fulltrúaráðs, sem þá var æðsta vald í málefnum bandalagsins, það ofarlega í huga að byggðir yrðu bústaðir á fleiri en einum stað, helst einn í hverjum landshluta.[8] Nefndin og stjórn bandalagsins skoðuðu margar jarðir á Suður- og Vesturlandi með kaup eða leigu í huga en fundu enga í fyrstu yfirferð sem allir voru sáttir við. Því var ákveðið að auglýsa eftir jörð eða jarðarparti. Nokkur tilboð bárust og um tíma kom Syðra-Lágafell á Snæfellsnesi helst til greina.[9]

Enn gekk þremenningunum og stjórn BHM illa að komast að samkomulagi um hvar hentugast væri að kaupa land. Kom þeim Stefáni, Almari og Hilmari loks saman um að útbúa samanburðarskrá þeirra jarða sem til greina þóttu koma en þegar sú vinna átti að hefjast skaut Örn Bjarnason læknir því að Almari að frænka hans, Hildur Guðmundsdóttir á Brekku í Biskupstungum, og maður hennar, Óskar Jóhannsson, væru að hugsa um að selja land undir sumarbústaði. Höfðu þau orðið ásátt um að betra væri að fá til sín félagasamtök en einstaklinga.[10] Orlofsnefndin fór þegar austur í Biskupstungur og 8. júlí 1976 keypti Orlofssjóður BHM 15 hektara landspildu á Brekkuheiði úr landi jarðarinnar Brekku, „í fögru umhverfi ofan við veginn sem liggur frá Laugarvatni framhjá Brekku að Geysi, um einn km frá veginum," eins og staðnum er lýst í gjörðabók stjórnar bandalagsins. Spildan var 305 metra breið og 492 metrar á lengd. Þegar í stað var hafinn undirbúningur að því að byggja hús á landareigninni en þar sem komið var fram um mitt sumar var ákveðið að hefja framkvæmdir næsta sumar.[11]




**Myndrit 1.**
**Félagar í Bandalagi háskólamanna 1958–1976**
Heimild: ÞÍ. Skjöl BHM. Ársskýrslur 1958–1976.

## 2.5 Aðildarfélög BHM 1958–1976

Félögin sem stofnuðu Bandalag háskólamanna árið 1958 voru 11: Dýralæknafélag Íslands, Félag íslenskra fræða, Félag íslenskra sálfræðinga, Félag viðskiptafræðinga, Hagsmunafélag náttúrufræðinga, Lyfjafræðingafélag Íslands, Læknafélag Íslands, Lögfræðingafélag Íslands, Prestafélag Íslands, Tannlæknafélag Íslands og Verkfræðingafélag Íslands.[12] Af þessum félögum voru Læknafélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands og Lögfræðingafélag Íslands langfjölmennustu félögin, með 293, 270 og 198 félagsmenn, en Félag íslenskra sálfræðinga fámennast, með tíu félaga. Í hinum félögunum voru á bilinu 15 til 126 manns. Innan allra aðildarfélaga BHM voru um 1200 félagsmenn eins og áður hefur komið fram.[13] Aðildarfélögum fjölgaði ekki næstu árin en strax ári eftir stofnun bandalagsins stofnuðu félagar í Hagfræðingafélagi Íslands og Félagi viðskiptafræðinga nýtt félag, Hagfræðafélag Íslands, og það félag var samþykkt sem aðildarfélag BHM. Rúmum áratug seinna var nafninu breytt í Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga. Þá var gerð sú breyting árið 1960 að náttúrufræðingar breyttu nafni síns félags úr Hagsmunafélag náttúrufræðinga í Félag íslenskra náttúrufræðinga.[14]

Aðildarfélögin voru 11 til ársins 1963 en á aðalfundi 11. febrúar það ár var samþykkt að Félag BA-prófsmanna, sem stofnað var árið 1962, fengi aðild að bandalaginu. Félagsmenn voru þá 32. Voru þá aðildarfélögin orðin 12 og félagsmenn BHM um 1250.[15] Tveimur árum seinna sagði Tannlæknafélag Íslands sig úr bandalaginu.

Árið 1964 var stofnað nýtt kennarafélag í landinu, Félag háskólamenntaðra kennara, með þeim hætti að háskólamenntaðir kennarar klufu sig úr Landsambandi framhaldskólakennara. Félagið bað um inngöngu í BHM sama ár og var þess getið í umsókninni að líklegast yrði Félag BA-prófsmanna lagt niður. Nýja félagið fékk aðild á aðalfundi í nóvember og ekki löngu seinna var eldra félagið lagt niður.[16]

Í ársbyrjun 1967 sótti Félag menntaskólakennara um aðild að BHM og var hún samþykkt skömmu seinna. Til þess að fá sem sem flest félög háskólafólks til liðs við BHM og efla bandalagið sendi stjórnin bréf til Arkitektafélags Íslands,

Tannlæknafélags Íslands og Félags tryggingafræðinga í árslok 1968 þar sem BHM var kynnt og hvatt til samstöðu háskólamanna. Þessi viðleitni bar þann árangur að nokkrum mánuðum seinna sótti Arkitektafélag Íslands um aðild að bandalaginu og var hún samþykkt 13. maí 1969. Á aðalfundi í nóvember það ár var svo fjallað um umsókn frá Félagi háskólakennara og var hún samþykkt einróma. Þar með voru aðildarfélögin orðin 14 og 1605 manns í röðum bandalagsmanna. Stóð þá einungis Tannlæknafélag Íslands utan BHM af þeim félögum háskólamanna sem þá störfuðu. Tveimur árum seinna gekk félagið aftur í bandalagið, í árslok 1971, og voru aðildarfélögin þá 15.[17]

Á fulltrúaráðsfundi 17. desember 1973 var aðild Félags bókasafnsfræðinga að BHM samþykkt. Félagið var stofnað árið 1973 og voru stofnfélagar 15.[18] Sama ár gerðist það í fyrsta sinn að einstaklingar fengu aðild að Bandalagi háskólamanna og fleiri bættust við á næstu árum.

Á þingi BHM haustið 1974 gengu tvö félög til liðs við bandalagið, Tæknifræðingafélag Íslands og Félag íslenskra sjúkraþjálfara. Voru aðildarfélögin þá orðin

18 og félagsmenn 2500. Tæknifræðingafélagið var stofnað árið 1960 en þeir sem stofnuðu það höfðu kallað sig iðnfræðinga fram að því. Félagsmenn voru 350 og félagið opnaði skrifstofu sama haust og það gekk í BHM. Félag íslenskra sjúkraþjálfara var stofnað árið 1940 af átta konum sem störfuðu í þessari grein og hét í fyrstu Félag íslenskra nuddkvenna. Félagsmenn voru 41 árið 1974.[19] Í nóvember sama ár var lagt fram bréf frá Tannlæknafélagi Íslands þar sem það sagði sig öðru sinni úr BHM.

Við upphaf þings í nóvember 1976 voru félögin enn 17 en félagsmönnum hafði fjölgað í um 3 þúsund. Á þinginu fengu Kennarafélag Kennaraháskóla Íslands og Félag tækniskólakennara aðild og voru aðildarfélögin þá 19 og félagar í Bandalagi háskólamanna 3500.[20] Hafði þeim fjölgað hratt síðustu fjögur árin eins og fram kemur á myndriti 1.

Sama ár, 1976, tók Orlofssjóður BHM til starfa. Ekki eru til tölur um fjölda þeirra sem töldust félagar í sjóðnum en ljóst er að þeir voru miklu færri en félagsmenn BHM. Ástæðan er sú að framlög til sjóðsins voru bara greidd af launum ríkisstarfsmanna eins og fram hefur komið. Í gögnum bandalagsins frá árinu 1978 kemur fram að þá voru félagsmenn um 3600 og ríkisstarfsmenn þar af 1700. Því má gera ráð fyrir að félagsmenn OBHM árið 1976 hafi verið um helmingur félagsmanna BHM, um 1650 ríkisstarfsmenn. Var töluvert hvatt til þess á næstu árum að þau aðildarfélög BHM sem höfðu félagsmenn sem störfuðu á almennum markaði stofnuðu orlofssjóði sem fengju svo aðild að OBHM. Einnig var félagsmönnum með einstaklingsaðild að BHM bent á að þeir gætu fengið einstaklingsaðild að sjóðnum.[21]

# 3. Starfsemi Orlofssjóðs BHM 1976–1998

## 3.1 Aðildarfélög og fjöldi félagsmanna sjóðsins

Í maí 1978 vísaði Kjaradómur kaupkröfum þeirra, sem áttu einstaklingsaðild að BHM, frá dómi og sagði að hópurinn þyrfti að hafa með sér félag sem færi með kjaramálin. Í kjölfar úrskurðarins voru allir þeir sem voru með einstaklingsaðild að bandalaginu boðaðir á stofnfund nýs félags 29. maí. Það hlaut nafnið Útgarður, félag háskólamanna. Tveimur dögum seinna sótti Útgarður um aðild að BHM og var hún samþykkt á fundi fulltrúaráðs 1. júlí og staðfest á þriðja þingi bandalagsins í nóvember sama ár. Aðildarfélögin voru þar með orðin 20 og félagsmenn um 3600.[1] Í ársbyrjun 1978 fengu starfsmenn BHM aðild að orlofssjóðnum.

Í desember 1978 og janúar 1979 voru stofnuð tvö ný félög háskólafólks. Félag háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga var stofnað 2. desember 1978 en áður höfðu hjúkrunarfræðingar verið með einstaklingsaðild að BHM. Stuttu seinna, 21. janúar 1979, sameinuðust Félag menntaskólakennara og Félag háskólamenntaðra kennara í eitt félag, Hið íslenska kennarafélag, HÍK. Félagsmenn voru tæplega 700 kennarar á grunnskóla- og framhaldsskólastigi. Á fundi fulltrúaráðs 8. febrúar fengu bæði nýstofnuðu félögin aðild að BHM. Höfðu þessar breytingar ekki áhrif á fjölda aðildarfélaganna en árið 1979 töldust félagar bandalagsins vera orðnir rúmlega 4000 og var HÍK langfjölmennasta félagið.[2]

Í nóvember 1981 fékk Matvælafræðingafélag Íslands inngöngu í BHM. Það var nýtt félag og í því voru 37 félagsmenn. Það var 21. félagið sem gekk í BHM. Á þingi bandalagsins ári seinna gekk svo Félag háskólamenntaðra uppeldisfræðinga í það og töldust þá félagsmenn vera sem næst 5200. Félagið var nýtt af nálinni, stofnað í Reykjavík laugardaginn 30. október 1982. Stofnfélagar voru 28.[3] Félagið var aðeins örfá ár innan BHM.

Árið 1984 voru aðildarfélögin 22 og fjöldi félagsmanna 5979. HÍK var þeirra stærst með 1007 félagsmenn, innan Lögfræðingafélags Íslands voru 775, 752 voru í Verkfræðingafélagi Íslands og 641 í Læknafélagi Íslands. Á þingi BHM árið 1984 voru teknar fyrir sex umsóknir um aðild, frá Iðjuþjálfafélagi Íslands, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, Félagi fréttamanna, Félagi þjóðfélagsfræðinga, Félagi íslenskra landslagsarkitekta og Félagi tölvunarfræðinga. Félögin voru öll tekin inn í bandalagið, samtals með um 330 félagsmenn. Varla er þó hægt að segja að tvö síðasttöldu félögin hafi komið til samstarfs því þau voru farin úr bandalaginu eftir eitt eða tvö ár. Félag þjóðfélagsfræðinga fékk seinna nafnið Félag íslenskra félagsvísindamanna og kjaradeild þess er aðili að BHM og OBHM.

Hinn 1. október 1985 gekk Verkfræðingafélag Íslands úr BHM en yfir 200 verkfræðingar í Stéttarfélagi verkfræðinga héldu þó áfram aðild sinni að OBHM. Á aðalfundi í nóvember 1985 voru aðildarfélög BHM 27 og félagsmenn 5723. Af þeim voru ríkisstarfsmenn í launamálaráði eða BHMR 2700. Því er ljóst að félagsmenn OBHM voru um 2800. Töluvert bar á því á þessum árum að verið væri að hvetja þá sem ekki voru ríkisstarfsmenn til að sækja um einstaklingsaðild að OBHM.[4]

Á sjötta þingi BHM í nóvember 1986 voru samþykkt endanleg slit þess og BHMR og þar með var orðið til nýtt bandalag. Fyrsti aðalfundur BHMR var haldinn 5. desember og þá voru aðildarfélögin 24 og félagsmenn 2817. Þeir áttu allir aðild að OBHM og að viðbættum þeim sem voru í Stéttarfélagi verkfræðinga og þeim sem höfðu einstaklingsbundna aðild að sjóðnum voru félagsmenn hans 3017. Samtímis sjálfstæði BHMR varð sama þróun innan aðildarfélaga BHM. Kjararáðin, eða kjaranefndirnar sem störfuðu innan þeirra, urðu sífellt sjálfstæðari og í þeim félögum sem höfðu innan sinna vébanda stóra hópa félagsmanna starfandi á almennum markaði, eða sjálfstætt starfandi, endaði þróunin oft með því að kjaradeildirnar, ríkisstarfsmennirnir, stofnuðu kjarafélög sem fengu yfirleitt ný nöfn og aðild að BHMR en „móðurfélögin" héldu áfram að starfa innan BHM.

Á aðalfundi BHMR í desember 1986 var samþykkt inntökubeiðni frá Félagi háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Tveimur árum seinna var gerð sú breyting á lögum samtakanna að þau voru opnuð háskólamönnum sem starfa hjá sveitarfélögum, stofnunum ríkis og sveitarfélaga og stofnunum sem reknar eru fyrir almannafé. Á sama tíma sagði Lyfjafræðingafélag Íslands sig úr bandalaginu.

### Aðildarfélög OBHM í árslok 1986

| Félag | Fjöldi félagsmanna |
|---|---|
| Arkitektafélag Íslands | 25 |
| Dýralæknafélag Íslands | 35 |
| Félag bókasafnsfræðinga | 42 |
| Félag fréttamanna | 46 |
| Félag háskólakennara | 340 |
| Félag háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga | 89 |
| Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins | 55 |
| Félag íslenskra fræða | 30 |
| Félag íslenskra náttúrufræðinga | 256 |
| Félag íslenskra sjúkraþjálfara | 22 |
| Félag tækniskólakennara | 26 |
| Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga | 121 |
| Félag þjóðfélagsfræðinga | 13 |
| Hið íslenska kennarafélag | 1100 |
| Iðjuþjálfafélag Íslands | 38 |
| Kennarafélag Kennaraháskóla Íslands | 53 |
| Lyfjafræðingafélag Íslands | 1 |
| Læknafélag Íslands – fastráðnir | 135 |
| Matvæla- og næringarfræðingafélag Íslands | 18 |
| Prestafélag Íslands | 118 |
| Sálfræðingafélag Íslands | 39 |
| Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa | 27 |
| Stéttarfélag lögfræðinga | 100 |
| Stéttarfélag verkfræðinga | 210 |
| Útgarður | 88 |
| **25** | **3017** |

Hinn 1. janúar 1991 fékk Meinatæknafélag Íslands, seinna breytt í Félag lífeindafræðinga, aðild að BHMR. Félagsmenn voru um 250. Sama ár, í desember 1991, sagði Prestafélag Íslands skilið við bandalagið en samdi þó um áframhaldandi aðild að orlofssjóðnum.[5]

Árið 1992 var stofnað Félag háskólakennara á Akureyri með um 20 félagsmönnum og það fékk aðild að BHMR á aðalfundi sama ár. Stuttu seinna, 16. september, samþykkti miðstjórn aðild Röntgentæknafélags Íslands, seinna breytt í Félag geislafræðinga, að bandalaginu. Í félaginu voru þá 80 félagsmenn. Á sama tíma sögðu nokkur félög sig úr BHMR. Það voru Arkitektafélag Íslands, Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Lyfjafræðingafélag Íslands og Matvæla- og næringarfræðingafélag Íslands. Innan þriggja þessara félaga voru þá stofnuð kjarafélög sem héldu áfram aðild að BHMR og OBHM: Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Kjarafélag arkitekta og Stéttarfélag matvæla- og næringarfræðinga. Voru þá 4669 félagsmenn innan BHMR en 5103 með aðild að OBHM. Það voru félagar BHMR að viðbættum 256 verkfræðingum hjá ríki og borg í Stéttarfélagi verkfræðinga og 197 tæknifræðingum sem störfuðu hjá ríki og borg og voru í Kjarafélagi tæknifræðinga.[6] Eftir því sem næst verður komist fékk Kjarafélag tæknifræðinga aðild árið 1992 en það gekk ekki í BHMR.

Um mitt ár 1993 samþykkti stjórn OBHM að starfsmenn aðildarfélaga BHMR fengju aðild að sjóðnum. Um líkt leyti var samþykkt að leggja niður tvö félög hjúkrunarfræðinga og stofna nýtt félag 15. janúar 1994. Þá var Félag háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga, FHH með um 600 félagsmenn, lagt niður en það var í BHMR. Hitt gamla félagið, Hjúkrunarfélag Íslands, var miklu fjölmennara félag, með um 2000 félagsmenn, og utan BHMR. Í janúar sótti nýja félagið, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, um aðild og var umsóknin staðfest í mars. Við það fjölgaði um allt að 1400 manns í bandalaginu en þar sem félagið starfrækti sinn eigin orlofssjóð gerðust hjúkrunarfræðingar ekki félagar í OBHM.

Í árslok 1997 sagði Stéttarfélag verkfræðinga skilið við OBHM. Stuttu seinna, í byrjun árs 1998, sótti Ljósmæðrafélag Íslands um aðild að BHM og fékk hana með samþykkt miðstjórnar 16. desember sama ár. Í félaginu voru þá um 220 félagsmenn með stéttarfélagsaðild.[7] Félagið átti sinn eigin orlofssjóð og var því utan OBHM fyrst um sinn. Þá voru fast að 6000 manns með aðild að OBHM.

## 3.2 Stjórn sjóðsins

**Lög og reglugerðir**

Frá upphafi og til ársins 1982 var kosin þriggja manna orlofsnefnd til að stjórna orlofsmálum BHM. Í samræmi við gildandi reglugerð voru á þingum bandalagsins, sem haldin voru á tveggja ára fresti, kosnir tveir aðalmenn og tveir varamenn til setu í orlofsnefnd og stjórn bandalagsins kaus einn úr sínum hópi í nefndina og einn til vara. Þessu fyrirkomulagi var breytt á fimmta þingi BHM árið 1982. Þá var lögum um orlofsnefndina breytt þannig að nefndarmönnum var fjölgað í fimm. Aðalstjórn bar að kjósa tvo menn og einn til vara og launamálaráð, sem þá efldist með hverju ári, þrjá menn og einn til vara.[8]

Árið 1985 yfirtók launamálaráð, sem þá var raunar almennt kallað Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, ábyrgð á rekstri OBHM og öllum eignum sjóðsins var þinglýst á það. Sama ár setti BHMR sjóðnum nýja reglugerð sem var mun styttri en reglugerðin frá árinu 1976, aðeins sjö greinar. Mörg ákvæði, t.d. um stjórnarkjör, voru þá færð inn í lög BHMR. Í nýju reglugerðinni var ekki lengur talað um orlofsnefnd heldur stjórn Orlofssjóðs BHMR. Samkvæmt lögum bandalagsins skyldi miðstjórn kjósa fimm

## Reglugerð Orlofssjóðs BHMR 1992

1. grein

Sjóðurinn heitir Orlofssjóður BHMR og hefur varnarþing í Reykjavík. Lögheimili er að Lágmúla 7. Sjóðnum skal varið til að auðvelda sjóðfélögum að njóta orlofa sinna. Sjóðurinn á og rekur orlofsaðstöðu í Brekkuskógi og á Akureyri en hefur einnig það hlutverk að semja um aðra orlofsmöguleika fyrir félagsmenn.

2. grein

Félagsmenn aðildarfélaga BHMR eiga rétt á aðild að OBHMR svo og aðrir þeir sem BHMR veitir formlega aðild. Aðild byggist á því að greitt sé samningsbundið orlofssjóðsgjald til sjóðsins. Aðildargjöld skal greiða mánaðarlega til sjóðsins og þau eru reiknuð eins og samningsbundin orlofssjóðsgjöld ríkisstarfsmanna. Hafi félagsmaður hætt starfi og af þeim sökum hætt í BHMR getur stjórn OBHMR veitt honum áframhaldandi aðild enda ábyrgist hann þá sjálfur greiðslu orlofssjóðsgjalds. Hafi launagreiðandi hætt að greiða í sjóðinn getur launamaður tryggt sjóðsaðild sína með því að greiða ógreidd orlofssjóðsgjöld á framreiknuðu verðlagi og með almennum vöxtum. Aðildin telst þá sem óslitin væri. Félagsmaður telst segja sig úr OBHMR ef umsamin orlofssjóðsgjöld hætta að berast sjóðnum. Félagsmaður getur ekki gert kröfu um hluta í eignum sjóðsins við úrsögn.

3. grein

Með aðild sinni að Orlofssjóði BHMR eiga skuldlausir félagsmenn rétt á að njóta orlofsaðstöðu og annarrar þjónustu sjóðsins. Þegar eftirspurn er meiri en framboð skal forgangsröðun skv. eftirfarandi röðunarstuðli, k, gilda. K= {(50+aldur umsækjanda) * (sjóðsaldur)}(1+fjöldi skipta sem notið er forgangs). Félagsmanni er óheimilt að framselja rétt sinn til nýtingar á orlofsaðstöðu.

4. grein

Stjórn Orlofssjóðs BHMR annast alla umsjón með eignum sjóðsins og fer með rekstur hans í umboði BHMR. Stjórnin skal leggja fyrir aðalfund skýrslu um starfsemi sjóðsins. Allar mikilvægar ákvarðanir varðandi fjárfestingar, skuldbindingar, kaup eða sölu eigna skal bera undir stjórn BHMR og skal með þær farið samkvæmt 22. grein laga BHMR. Miða skal við að rekstur hverrar tegundar þjónustu sjóðsins standi undir sér. Stjórn OBHMR skal kynna með góðum fyrirvara umsóknarfresti og skilmála vegna þeirrar orlofsaðstöðu sem boðin er á sumarorlofstíma. Stjórnin vinnur úr umsóknum og kynnir niðurstöður sínar.

5. grein

Fallist BHMR á að einstök félög eignist orlofshús í landi OBHMR skulu þau greiða framreiknað hlutfall stofnkostnaðar og hlutfall af áföllnum sameiginlegum kostnaði og lúta öllum þeim samningum sem stjórn Orlofssjóðs hefur eða mun gera um afnotarétt, rekstur og umsjón eigna á svæðinu. Samsvarandi ákvæði og greiðsluhlutdeild skal gilda fyrir þá sem óska hlutdeildar í öðrum tegundum framboðinnar þjónustu.

6. grein

Reikningsár Orlofssjóðs BHMR er almanaksárið. Kjörnir og löggiltir endurskoðendur BHMR endurskoða reikninga sjóðsins.

7. grein

Um breytingar á reglugerð þessari fer samkvæmt 26. grein laga BHMR. Reglugerð þessi gildir frá aðalfundi BHMR 1992.

manna stjórn sjóðsins sem kom yfirleitt saman einu sinni í mánuði. Þetta var á þeim tíma þegar BHM og BHMR voru að aðgreinast að fullu í tvö bandalög og árið 1985 var kosin sérstök fimm manna orlofsnefnd innan BHM sem var í engum tengslum við OBHM. Hún samdi við ferðaskrifstofuna Pólaris um utanlandsferðir á hagstæðum kjörum fyrir aðildarfélögin en starfaði eftir því sem næst verður komist bara í eitt eða tvö ár.

Á aðalfundi BHMR árið 1992 var launamálaráði breytt í miðstjórn og þá fékk orlofssjóðurinn enn nýja reglugerð.[9] Í henni sagði um aðild að sjóðnum: „Félagsmenn aðildarfélaga BHMR eiga rétt á aðild að Orlofssjóði BHMR svo og aðrir þeir sem BHMR veitir formlega aðild. Aðild byggist á því að greitt sé samningsbundið orlofssjóðsgjald til sjóðsins.“ Ekki var lengur með beinum hætti talað um einstaklingsaðild í reglugerðinni en miðstjórn fékk heimild til að veita fólki sem ekki var í BHMR aðild ef svo bar undir. Um úthlutun orlofshúsa sagði m.a.: „Þegar eftirspurn er meiri en framboð skal forgangsröðun skv. eftirfarandi röðunarstuðli, k, gilda. K={(50+aldur umsækjanda) * (sjóðsaldur)} (1+fjöldi skipta sem notið er forgangs).“ Sem fyrr varð stjórn sjóðsins að bera allar mikilvægar

ákvarðanir varðandi fjárfestingar, skuldbindingar, kaup eða sölu eigna undir stjórn BHMR.

Þessum ákvæðum var breytt strax tveimur árum seinna og þau gerð nákvæmari. Um félagsaðild sagði í breyttri reglugerð árið 1994:

> Félagsaðild öðlast þeir einstaklingar sem uppfylla eitt af eftirtöldum skilyrðum: 1. Þeir sem fá aðild að sjóðnum vegna ákvæða í kjarasamningi aðildarfélags Bandalags háskólamanna – BHMR; 2. Þeir sem áður hafa öðlast aðild skv. nr. 1 og hafa hafið töku lífeyris eða hafa gegnt stöðu sem lögð hefur verið niður; 3. Þeir sem fengið hafa aðild að sjóðnum á grundvelli eldri reglna.[10]

Um úthlutun orlofshúsa sagði: „Stjórn er heimilt að beita eftirfarandi úthlutunarreglu: K = (90+sjóðsaldur) / (1+fjöldi skipta sem notið er forgangs. Þessi röðunarstuðull gildir einungis við páska- og sumarúthlutun.“ Samfara þessum breytingum á reglugerð sjóðsins var stjórnarmönnum hans fjölgað úr fimm í sjö og voru þeir allir skipaðir af miðstjórn.[11]

Í janúar 1999 tók ný reglugerð fyrir orlofssjóðinn gildi, kölluð skipulagsskrá. Það var fráfarandi stjórn sjóðsins sem átti frumkvæði að breytingunum sem miðuðu að því að efla sjóðinn og tryggja sem mest sjálfstæði hans. Stjórnarkjöri var þá enn breytt og verður greint frá því í næsta kafla.

**Stjórnarmenn**

Formenn stjórnar OBHM á árunum 1974–1998 voru sjö og má sjá nöfn þeirra í skrá um formenn hér á eftir. Þeir mótuðu stefnu sjóðsins í orlofsmálum með stjórnarmönnum sínum og stýrðu útlánum orlofshúsa í samvinnu við starfsfólk á skrifstofu BHM/BHMR. Allar meiriháttar skuldbindingar varð þó stjórnin að bera undir valdastofnanir bandalagsins. Hún var ekki eins sjálfstæð og seinna varð.

Síðasta stjórn OBHM á því tímabili sem hér er til umfjöllunar, árunum 1976–1998, var þannig skipuð að Danfríður Skarphéðinsdóttir var formaður, Hreinn Hjartarson varaformaður, Gunnar Ármannsson gjaldkeri, Magnús Guðmundsson ritari og Ingibjörg Halldórsdóttir, Eiríkur Brynjólfsson og Unnur V. Ingólfsdóttir meðstjórnendur. Stjórnin tók við árið 1996 og lögum samkvæmt átti að kjósa nýja stjórn á fundi miðstjórnar BHM í apríl 1998. Vegna væntanlegrar skipulagsbreytingar á sjóðnum samþykktu allir stjórnarmenn að sitja út árið 1998 og fóru stjórnarskipti ekki fram fyrr en í janúar 1999.[12]

*Formenn stjórnar*:

| | |
|---|---|
| Stefán Hermannsson | 1974–1978 |
| Guðmundur Björnsson | 1978–1980 |
| Guðmundur Hjálmarsson | 1980–1984 |
| Gísli Ólafur Pétursson | 1984–1991 |
| Ólafur Karlsson | 1991–1992 |
| Þóra Kristín Jónsdóttir | 1992–1996 |
| Danfríður Skarphéðinsdóttir | 1996–1999 |

*Aðrir stjórnarmenn:*
Hilmar Ólafson, Almar Grímsson, Sveinn Björnsson, Arndís Björnsdóttir, Jafet S. Ólafsson, Ásthildur Erlingsdóttir, Gunnar H. Gunnarsson, Rúnar Hauksson, Magnús Sædal Svavarsson, Bjarni Axelsson, Elna Katrín Jónsdóttir, Vala Valtýsdóttir, Helgi Gestsson, Sigurður V. Friðþjófsson, Sigríður J. Hannesdóttir, Steingrímur Steingrímsson, Þórhallur Hjartarson,




**Myndrit 2.**
**Tekjur OBHM 1984–1998**
Heimild: Skjs. OBHM. Kassi nr. 20. Reikningar sjóðsins 1984–1998. Tekjur hvers árs eru uppfærðar til verðlags í árslok 2016.

Gunnar Ármannsson, Unnur V. Ingólfsdóttir, Ingibjörg Halldórsdóttir, Hreinn Hjartarson, Magnús Guðmundsson og Eiríkur Brynjólfsson.[13]

**Rekstur og fjárfestingar**

Fyrstu tvö árin eftir að Orlofssjóður BHM tók til starfa hafði hann eingöngu tekjur af orlofsframlögunum sem ríkið greiddi með þeim félagsmönnum sem hjá því störfuðu. Etir að sjóðurinn byrjaði að byggja og leigja út sumarbústaði frá og með árinu 1978 bættust leigutekjur við. Fjármunirnir voru notaðir til frekari fjárfestinga í orlofshúsum en reksturinn var erfiður fyrsta áratuginn. Tekjur sjóðsins á árunum 1984–1998 eru sýndar á myndriti 2 á verðlagi ársins 2016. Þar sést að tekjurnar voru þrjár milljónir króna árið 1984 eða um 27 milljónir króna uppreiknaðar til núvirðis. Þær jukust mikið næstu tvö árin en umrótið í skipulagsmálum BHM/BHMR á seinni hluta níunda áratugarins, sem greint var frá í inngangi, hafði sýnilega mikil áhrif á afkomu orlofssjóðsins og fram til ársins 1990 stóðu tekjurnar í stað eða lækkuðu milli ára. Eftir það fór hagur sjóðsins batnandi á ný og árið 1998 voru tekjurnar 86 milljónir króna að núvirði.

Eins og áður sagði voru tekjur OBHM notaðar til að byggja sumarbústaði og kaupa íbúðir. Fyrstu fjórir sumarbústaðirnir voru teknir í notkun sumarið 1978 og á næstu árum bættust fleiri við. Verður greint nánar frá þeirri miklu uppbyggingu seinna í þessum kafla en fjölgun orlofshúsa sjóðsins endurspeglast eðli máls samkvæmt í efnahagsreikningi hans frá einu ári til annars. Árið 1984 voru fasteignir sjóðsins metnar á 65 milljónir króna að núvirði. Eignaaukningin var hröð á níunda áratugnum og árið 1990 námu eignir sjóðsins rúmum 200 milljónum króna. Átta árum seinna, í lok þess tímabils sem hér er til skoðunar, voru þær um 350 milljónir miðað við verðgildi ársins 2016.

## 3.3 Starfsfólk á skrifstofu og útleiga orlofshúsa

Dagleg umsýsla OBHM var að mestu í höndum starfsfólks á skrifstofu Bandalags háskólamanna. Það var lengi fámennt og verkaskipting ekki alltaf í föstum skorðum. Því er ljóst að um árabil sinntu flestir á skrifstofunni málefnum sjóðsins, þó í mismiklum mæli. Undir lok tíunda áratugarins varð svo sú breyting að umsýslan var að mestu færð á herðar tveggja til þriggja starfsmanna sem þó sinntu einnig á sama tíma öðrum störfum á skrifstofunni.

Þegar fyrst var byrjað að sinna orlofsmálum félagsmanna innan BHM var Guðríður Þorsteinsdóttir lögfræðingur framkvæmdastjóri bandalagsins. Með henni var starfsmaður í hálfu starfi. En í kjölfar þess að BHM fékk samningsréttinn í sínar hendur og vegna aukins vægis orlofsmála urðu verkefnin fljótlega fjölbreyttari og umfangsmeiri en áður og vorið 1975 var svo komið að talið var óhjákvæmilegt að fjölga starfsfólki bandalagsins. Þá var Magnús Skúlason viðskiptafræðingur ráðinn til starfa og var honum fyrst og fremst ætlað að sinna kjaramálum og fjármálum bandalagsins en jafnframt þeim störfum undirbjó hann ráðstefnur. Þremur árum seinna fékk Magnús starfsheitið skrifstofustjóri. Ritari var ráðinn í fullt starf á skrifstofuna vorið 1976. Sumarið 1979 lét Magnús af störfum og var þá Sigmundur Stefánsson viðskiptafræðingur ráðinn í hans stað og var honum meðal annars falið að vinna að ýmsum verkefnum fyrir stjórn orlofssjóðsins.[14] Starfsmenn á skrifstofunni voru því þrír frá árinu 1976, framkvæmdastjóri, skrifstofustjóri og ritari.

Þegar nýr ritari tók til starfa í júlí 1984, Ásta Benediktsdóttir, var hún ráðin að hálfu til BHM og að hálfu til launamálaráðs. Hún gegndi starfinu til 1. ágúst 1986 en þá var Kristín G. Sigurðardóttir ráðin í hennar stað. Enn meiri breytingar hafði brotthvarf Guðríðar Þorsteinsdóttur í för með sér en 1. júlí 1983 lét hún af störfum framkvæmdastjóra. Í stað hennar var Sigmundur Stefánsson skrifstofustjóri bandalagsins ráðinn í framkvæmdastjórastöðuna. Var þá gerð sú breyting á starfinu að hann var eingöngu ráðinn til BHM en Guðríður hafði verið starfsmaður launamálaráðs að hálfu síðustu árin. Á sama tíma var Birgir Björn Sigurjónsson ráðinn sem hagfræðingur til launamálaráðs en hann tók jafnframt að sér verkefni fyrir BHM.[15] Raunar hafði ætlunin verið að ráða nýjan skrifstofustjóra og fela honum málefni launamálaráðs en ráðið krafðist þess að starfsmaður þess yrði ekki undirmaður framkvæmdastjóra. Var skipan mála á skrifstofunni, þar á meðal verkaskipting þeirra Sigmundar og Birgis Björns, þá orðin nokkuð flókin og markaðist af þeirri sérkennilegu tvískiptu stöðu sem einkenndi BHM á níunda áratugnum.

Á árunum 1986–1991 voru starfsmenn á skrifstofu BHMR aðeins tveir. Birgir Björn Sigurjónsson, sem verið hafði hagfræðingur BHMR frá árinu 1984, var ráðinn framkvæmdastjóri bandalagsins árið 1986 og Kristín G. Sigurðardóttir gegndi störfum fulltrúa. Í október 1991 var Sigurjón Jóhannsson ráðinn til að ritstýra málgagni samtakanna, *BHMR-tíðindum*. Eins og áður hefur komið fram var OBHM í einu og öllu í eigu BHMR á þessum árum enda fyrst og fremst sjóður ríkisstarfsmanna.

Eftir að BHM hvarf af sjónarsviðinu og Sigmundur Stefánsson hætti árið 1992 bættust ýmis störf sem hann hafði sinnt á herðar starfsfólks BHMR. Fljótlega var því farið að ræða um að ráða bókara til að færa bókhald samtakanna, Orlofssjóðs BHMR og Starfsmenntunarsjóðs, STRIB. Frá þeim málum var gengið 1. mars 1994 en þá var Sigmundur Stefánsson ráðinn sem bókari og til að sinna fjármálum banda-

lagsins. Hann hvarf þó tveimur árum seinna til annarra starfa.[16] Sama ár lét Kristín G. Sigurðardóttir af störfum. Frá því að þau hættu og fram yfir aldamót voru gerðar umtalsverðar skipulagsbreytingar á verkaskiptingu bandalagsins og aðildarfélaganna og þeim fylgdu ýmsar breytingar á störfum starfmanna bandalagsins sem jafnframt fjölgaði.

Í ágúst 1994 var Guðrún Pálína Jóhannsdóttir viðskiptafræðingur ráðin skrifstofu- og fjármálastjóri og gegndi hún því starfi í fjögur ár. Frá sama tíma var Anna Elísabet Sæmundsdóttir ráðin upplýsingafulltrúi.[17] Í apríl 1998 sagði Birgir Björn Sigurjónsson framkvæmdastjóri bandalagsins upp störfum. Sá sem ráðinn var í hans stað starfaði aðeins í þrjá mánuði en þá var Gísli Tryggvason lögfræðingur ráðinn í stöðu framkvæmdastjóra 20. nóvember. Þremur mánuðum fyrr var Jóhanna Engilbertsdóttir viðskiptafræðingur ráðin rekstrar- og fjármálastjóri BHM, Orlofssjóðs BHM, Starfsmenntunarsjóðs BHM og Ásbrúar sf. Þessir starfsmenn sinntu allir ýmsum erindum fyrir OBHM, ekki síst Jóhanna Engilbertsdóttir sem varð strax eftir skipulagsbreytingar á sjóðnum árið 1999 einn helsti starfsmaður sjóðsins eins og nánar verður greint frá í næsta kafla. Um tíma störfuðu Edda Sóley Óskarsdóttir upplýsingafulltrúi og Birna Björnsdóttir orlofsfulltrúi fyrir sjóðinn og BHM, þó aðeins í stuttan tíma og voru farnar til annarra starfa fyrir aldarlok.

Eins og fram hefur komið var öll umsýsla við útleigu orlofshúsa OBHM frá upphafi í höndum starfsmanna á skrifstofu BHM og seinna BHMR. Vorið 1988 tók ferðaskrifstofan Samvinnuferðir-Landsýn, sem bandalagið var þá í miklu samstarfi við í orlofsmálum og átti hlut í, að sér að sjá um útleigu orlofshúsanna. Eftir sem áður komu umsóknir um húsin til afgreiðslu á skrifstofu bandalagsins. Fram að þessu hafði OBHM haft mann í Brekkuskógi á sumrin en sumarið 1988 var enginn umsjónarmaður á staðnum. Utan sumartímans fékk sjóðurinn mann, Brekkuprófast sem þá var kallaður, án launa til að dvelja í íbúðinni í Brekkuþingi, afhenda lykla og hafa lágmarks eftirlit. Skiptu stjórnarmenn og starfsmenn með sér að annast þetta verkefni. Þessi háttur var hafður á til vors 1991 en þá var ráðinn fastur umsjónarmaður húsanna. Óvíst er hve lengi ferðaskrifstofan sá um útleiguna en líklegast var það til vors 1991.[18]

Lengst af fór öll vinna við móttöku umsókna um orlofshús og allt umstang við útleiguna fram með handvirkum hætti. Eftir að tölvur komu til sögunnar var fljótlega byrjað að huga að því hvernig þær gætu komið að gagni. Árið 1989 keypti OBHM hugbúnaðar- eða úthlutunarforritið ORLEYF. Það notaði upplýsingar úr félagatali og upplýsingar um orlofshús til að gera starfsmönnum sjóðsins kleyft að úthluta húsum og fá yfirlit yfir útleigur og leigugreiðslur. Forritið var með nokkrum síðari uppfærslum notað til ársins 1998.

Á tímabilinu 1976 til ársloka 1998 var BHM og þar með OBHM til húsa á þremur stöðum í Reykjavík. Til ársloka 1975 var bandalagið með skrifstofu í Félagsstofnun stúdenta við Hringbraut en tók þá á leigu tvær hæðir í húsinu að Hverfisgötu 26. Þar var skrifstofan til ársins 1981 en þá eignaðist BHM hluta hússins að Lágmúla 7.

## 3.4 Orlofshús og íbúðir í eigu sjóðsins

**Yfirlit**

Þegar Orlofssjóður BHM tók til starfa árið 1976 var tekin sú ákvörðun að leggja aðaláhersluna á uppbygginguna í Brekkuskógi fyrst um sinn en byggja eða kaupa orlofshús á öðrum stöðum seinna. Eftir þessari stefnumörkun var farið og frá því að byrjað var á fyrsta húsinu árið 1977 til ársins 1998 eignaðist sjóðurinn 21 hús í Brekkuskógi. Jafnframt byggði hann þar þjónustumiðstöð og gufubaðstofu og skapaði orlofsgestum aðstöðu til leikja og útivistar. Það var svo ekki fyrr en árið 1983 að sjóðurinn eignaðist orlofshús á öðrum stað en það var íbúð á Akureyri. Áfram var haldið og á tíunda áratugnum eignaðist hann nokkur sumarhús á þremur orlofssvæðum á landsbyggðinni: sex hús á Núpum í Aðaldal í Suður-Þingeyjarsýslu, fjögur á Miðhúsum við Egilsstaði og eitt hús í Svignaskarði í Borgarfirði. Einnig eignaðist sjóðurinn íbúð í Reykjavík. Til þess að geta aukið framboð orlofshúsa enn frekar leigði OBHM íbúðir og hús og endurleigði félagsmönnum sjóðsins.

**Uppbygging í Brekkuskógi 1977–1998**

Eins og fram hefur komið keypti OBHM 15 hektara land syðst á Brekkuheiði árið 1976 og var það nefnt Brekkuskógur. Sama ár keypti Starfsmannafélag Íslenska álfélagsins landskika á sömu slóðum og að fáum árum liðnum bættust við Orlofsheimilasjóður Blaðamannafélags Íslands og Orlofsheimilasjóður Félags íslenskra atvinnuflugmanna. OBHM byrjaði að byggja fyrstu fjögur orlofshúsin á landareigninni vorið 1977 og var samið við fyrirtækið Þak hf. um smíði þeirra. Heiðar Elimars teiknaði húsin sem voru 46 fermetrar að stærð með 25 fermetra svefnlofti og voru þau öll orðin fokheld um haustið. Jafnframt var unnið að vegagerð, vatns- og rafmagnslögnum. Skoðanakönnun hafði sýnt að félagar BHM vildu frekar að byggð yrðu sumarhús um land allt en risabyggð í Brekkuskógi og því var ákveðið að byggja þar ekki fleiri en 16 hús og snúa sér svo að öðrum svæðum.[19] Miðvikudaginn 19. apríl 1978 fóru orlofsnefnd og stjórn BHM í opnunarferð í Brekkuskóg og þá voru fyrstu fjögur húsin tekin í notkun og leigð félagsmönnum.



*Byrjað var að byggja fyrstu húsin í Brekkuskógi árið 1977. Þau hafa verið kölluð A-hús.*

Sumarið 1978 voru reist tvö hús á vegum OBHM og Lögmannafélag Íslands, sem þá átti aðild að BHM, byggði eitt hús á orlofssvæðinu, hús númer 10. Það gerðu líka Orlofssjóður lækna, sem Læknafélag Íslands og Læknafélag Reykjavíkur áttu aðild að, og Félag menntaskólakennara og Félag háskólamenntaðra kennara sem sameinuðust seinna og hétu þá Hið íslenska kennarafélag, HÍK. Orlofssjóður lækna byggði raunar tvö hús, númer 2 og 9, og kennarafélögin byggðu í sameiningu hús númer 1. Þessir fjórir aðilar gerðu samning við OBHM um þátttöku í sameiginlegum kostnaði á svæðinu og forkaupsrétt sjóðsins að húsunum ef til sölu kæmi í framtíðinni. Haustið 1978 voru húsin í Brekkuskógi orðin tíu, sex í eigu OBHM og fjögur í eigu félaga sem aðild áttu að Bandalagi háskólamanna og eða orlofssjóðnum.[20]

Árið 1979 var byrjað á fjórum húsum, tveimur í eigu OBHM, einu í eigu Félags háskólakennara, hús númer 12, og öðru í eigu Félags menntaskólakennara og Félags háskólamenntaðra kennara, hús númer 11. Fjögur þeirra voru tekin í notkun sumarið og haustið 1980.

Í ágúst 1981 voru tvö ný hús tekin í notkun og voru sumarhúsin í Brekkuskógi þá orðin 16, þar af sex í eigu einstakra aðildarfélaga. Öll voru húsin sömu gerðar og þau sem fyrst voru byggð og átti OBHM hús númer 3–8 og 13–16. Undirstöður húsanna eru steyptar súlur í þremur röðum og ofan á þeim 180x50 millimetra dregarar. Þvert ofan á þeim eru 145x50 millimetra gólfbitar. Húsin eru með lágum veggjum á langhliðum og bröttu og háu risi, þakhalli er 47–48°. Upphaflega skiptust þau í tvö misstór svefnherbergi, stofu, forstofu, eldhús og baðherbergi. Eins og venja var á þessum árum með sumarbústaði var einangrun húsanna fremur lítil, vindþétting léleg og hitatap mikið. Húsin hentuðu því ekki í frosti og voru ekki byggð sem heilsárshús. Frágangur frárennslis og tengingar við hreinlætistæki voru óeinangraðar og því mikil hætta á að það frysi í lögnunum. Að loknum þessum áfanga var ákveðið að byggja ekki fleiri hús í bráð. Ábúendur Brekku voru fengnir til að hafa umsjón með húsunum. Seinna voru húsin kölluð A-hús og þeim gefin nöfn sem öll enda á „skógar“.

Frá upphafi hafði verið ráðgert að byggja þjónustumiðstöð í Brekkuskógi og gufubaðstofu. Smíði gufubaðstofunnar hófst haustið 1982 og var samið við Eyvind Sigurfinnsson trésmið á Laugarvatni um að annast byggingu hennar eftir teikningu Hilmars Ólafssonar. Gufubaðstofan var tekin í notkun 12. júlí 1983. Stuttu seinna, haustið 1984, var byrjað að byggja þjónustumiðstöðina fyrir sumarbústaðabyggðina eftir teikningu Guðlaugs Gauta Jónssonar arkitekts. Samið var við Smið hf. á Selfossi um framkvæmdir. Miðstöðin er 230 fermetrar að stærð og lauk byggingu hennar að mestu síðsumars 1985 og tók sjóðurinn við henni 1. ágúst. Hlaut miðstöðin nafnið Brekkuþing og var tekin í notkun árið 1986. Í henni eru meðal annars ráðstefnusalur, sjónvarpsherbergi fyrir orlofsgesti og íbúð í suðausturenda fyrir starfsmann. Byggingin reyndist miklu dýrari en áætlað var; hún kostaði 10 milljónir króna í stað 6,5 eða 66 milljónir á móti 43 að núvirði. Þetta skapaði tilfinnanlegan rekstrarvanda hjá sjóðnum um tíma og varð til þess að formaður BHMR leitaði til fjárveitingarnefndar Alþingis með beiðni um aðstoð.[21]

Um líkt leyti, sumarið 1985 samkvæmt því sem næst verður komist, náðist samkomulag milli stjórnar OBHM og ráðamanna BSRB um gagnkvæman rétt fé-



*Þjónustumiðstöðin Brekkuþing var byggð árið 1985 og tekin í notkun árið 1986. Húsið er 230 fermetrar að stærð og í því er meðal annars íbúð og stór ráðstefnusalur.*

lagsmanna sjóðsins og BSRB til leigu á lausum orlofshúsum þeirra. Í kjölfarið fylgdu svo slíkir samningar við fleiri aðila.[22]

Sumarið 1985 létu OBHM og aðildarfélögin sem áttu hús í Brekkuskógi bora eftir neysluvatni á svæðinu. Í kjölfarið gerðu þau samning sín á milli og við aðra sex aðila sem þá áttu orlofshús í landi Brekku um sameiginlegan rekstur vatnskerfisins. Á sama tíma var ráðinn starfsmaður til að hafa umsjón með húsunum í Brekkuskógi yfir sumarmánuðina og fékk hann íbúðina í þjónustumiðstöðinni Brekkuþingi til afnota.

Þrátt fyrir tímabundna rekstrarerfiðleika vegna Brekkuþings keypti OBHM 30. desember 1987 tíu hektara land Orlofssjóðs Félags bókagerðarmanna sem lá að landareign sjóðsins í Brekkuskógi og fylgdi eitt sumarhús með í kaupunum, sömu tegundar og OBHM átti fyrir. Spildan var 333 metrar á lengd og 300 á breidd. Kaupverðið var fjórar milljónir króna eða tæpar 19 milljónir að núvirði. Land OBHM var þá orðið 25 hektarar. Húsið var flutt árið 1994 á eldri eignarlóð sjóðsins, endurbætt og fékk þá númerið 17. Þar með voru sumarhúsin á svæðinu orðin 17, 11 í eigu sjóðsins og sex í eigu aðildarfélaga.[23]

Vorið 1988 var vegurinn heim að húsunum í Brekkuskógi endurbættur og gerður að hringvegi. Fjöldi trjáplantna var gróðursettur á landareigninni um sumarið. Í ágúst árið eftir var samið um smíði þriggja nýrra húsa á svæðinu við Árhús hf. í Hafnarfirði. Um var að ræða 75 fermetra timburhús á einni hæð með 24 fermetra verönd sem Teiknistofan Röðull teiknaði. Þá var orðin sú hugarfarsbreyting að gengið var út frá því að byggð væru vel einangruð heilsárshús en fyrstu árin í Brekkuskógi var reiknað með því að orlofshúsin væru fyrst og fremst notuð á sumrin en líka snemma á vorin og fram eftir hausti þegar vel áraði. Nýju húsin, númer 22, 23 og 24, voru smíðuð í Hafnarfirði og flutt austur stuttu fyrir jól þar sem þau voru sett á steypta kjallara og afhent fullbúin árið 1990. Í þeim eru þrjú svefnherbergi, stofa, borðstofa og eldhús, hol, forstofa, baðherbergi og geymsla. Við þau voru útipallar og skjólveggir en ekki heitir pottar í fyrstu. Til aðgreiningar frá A-húsunum voru nýju húsin kölluð B-hús og þau voru fyrstu húsin á nýju landareigninni sem orlofssjóðurinn eignaðist í árslok 1987.[24]

Á árunum 1992–1994 fóru fram miklar endurbætur á eldri húsunum, einkum á eldhúsum, stofum og baðherbergjum, og ný húsgögn voru keypt í þau. Gufubaðstofan var endurbætt og leiktæki fyrir börn voru sett upp og byrjað var að fegra og byggja upp allt umhverfið í Brekkuskógi eftir heildarskipulagi sem búið var að vinna og sett var af stað heilmikið átak við gróðursetningu. Á sama tíma var Baldur Gíslason ráðinn umsjónarmaður byggðarinnar í fullu starfi yfir sumartímann. Fram að þessu hafði verið hægt að leigja húsin á vetrum en reynslan sýndi að frá og með nóvember var eftirspurnin yfirleitt lítil og veturinn 1991–1992 var ákveðið að hafa Brekkuskóg lokaðan. Strax næsta vetur var opið á ný eftir því sem eftirspurn leyfði.

Sumarið 1993 var gufubaðstofan flutt nær þjónustumiðstöðinni, útiaðstaðan endurbætt og heitir

## Glefsur úr gestabók

Það hefur lengi verið venja að hafa gestabækur í orlofshúsum. Flestir eða allir skrifa eitthvað, sumir eina eða tvær línur og þakka fyrir sig, aðrir lengri texta. Einstaka maður yrkir og börnin teikna gjarnan myndir. Til gamans má birta glefsur úr gestabók í húsi nr. 22 í Brekkuskógi. Sigríður hafði húsið á leigu 13.–15. október 1995 og skrifaði þegar hún fór: „Dvöldum hér í miklum notalegheitum í góðu haustveðri.“ Og önnur kona, Ingibjörg, sem var í húsinu 1. mars–3. mars 1996 skrifar: „Margt býr í þokunni! Gott er í gufunni! Lærið í ofninum. Lífið er ljúft.“ Jóhanna skrifaði stuttu seinna: „Áttum hér góða helgi í roki, rigningu, snjókomu og sól.“

Ólafur hafði húsið til afnota16.–23. ágúst 1996. Hann kvaddi með mun lengri frásögn: „Það voru síður en svo glaðbeittir ferðalangar sem lögðu af stað í Brekkuskóg á föstudegi í ágústmánuði. Væntingar voru litlar og líkur taldar á að rigningin myndi vera til staðar alla vikuna. Hugsunin að þurfa að skemmta tvíburunum Arnari og Fjólu innandyra var það sem plagaði móður og föður. Fyrir rælni var þó stuttbuxum pakkað „ef ske kynni“. Ferðalagið með börnin sjö mánaða gekk vel. Reyndar komu afi og amma með til þess að möguleiki væri að koma öllum fylgihlutum á áfangastað. Strax á föstudegi leist okkur mjög vel á húsið og það var mikill léttir að sjá að nóg pláss var fyrir göngugrindur tvíburanna innanhúss í væntanlegu rigningunni. Til að gera langa sögu stutta þá kom ekki dropi úr lofti alla vikuna. Glampandi sól var og heiðskírt laugardag, sunnudag og mánudag. Skýjað en mjög gott á þriðjudag og miðvikudag. Á fimmtudag heiðríkt og glampandi sól. Sem sagt fjórir dagar með sannkölluðu „Mallorkaveðri“, 20 stiga hita. Til þess að viðhalda sólarstrandartilfinningunni var bjórinn teygaður og að sjálfsögðu rauðvínið með grillinu. Þá fórum við eins og sannir túristar að skoða Gullfoss og Geysi og viljum við benda ferðalöngum á að Laugarás er sennilega með fallegri stöðum á landinu, sama má segja um Flúðir. Takk fyrir okkur.“

pottar settir upp við hliðina á gufubaðinu. Til stóð að nota þá bara á sumrin því vatnið í þeim var í fyrstu hitað upp með rafmagni en um haustið samdi sjóðurinn við Hitaveitu Hlíðamanna um kaup á heitu vatni og eftir að hitaveita var lögð um orlofssvæðið árið 1994 var heita vatnið meðal annars notað í pottana og að fáum árum liðnum var farið að setja upp potta við orlofshúsin. Það breytti miklu og leiddi til mun meiri nýtingar húsanna.[25]

Árið 1994 voru komin 14 orlofshús í eigu OBHM í Brekkuskógi, þjónustumiðstöð og gufubaðstofa. Á sama tíma áttu aðildarfélögin sex hús. Í október 1995 keypti sjóðurinn hlut HÍK, Lögmannafélags Íslands og Félags háskólakennara í öllum sameignum á orlofssvæðinu, gufubaðstofunni, lögnum, leiksvæðum og fleiru, og í nóvember 1996 keypti hann einnig orlofshúsin af HÍK og Félagi háskólakennara, hús númer 1, 11 og 12. Voru þá einungis þrjú hús á orlofssvæðinu sem ekki voru í eigu OBHM, eitt í eigu Lögmannafélags Íslands og tvö í eigu Orlofsheimilasjóðs lækna.

Árið 1998 voru fjögur ný hús byggð vestan við B-húsin í nýja landinu, kölluð C-hús. Þau voru smíðuð hjá fyrirtækinu Borg í Borgarnesi og flutt austur um vorið og tekin í notkun í júní. Þau eru númer 25–28, 50 fermetrar að grunnfleti og með svefnlofti. Húsin voru vígð með viðhöfn 24. júní 1998. Þau voru frá upphafi hituð upp með hitaveitu og fljótlega var heitum pottum komið þar fyrir. Þetta voru fyrstu pottahúsin.[26]

Í ársbyrjun 1998 var borað eftir neysluvatni inni á orlofssvæðinu. Holan gaf vel af sér og í ágúst var sameiginlegum rekstri vatnsveitunnar frá árinu 1985 hætt en þess í stað yfirtók OBHM reksturinn og seldi öðrum notendum á Brekkusvæðinu vatn í bústaði sína.[27]

### Núpar í Aðaldal

Árið 1985 tók OBHM spildu úr óskiptu landi Núpa og Kjalar í Aðaldal í Suður-Þingeyjarsýslu á leigu þar sem félagsmönnum stóð til boða að tjalda eða vera með tjaldvagna en ekki stóð til að byggja þar sumarbústaði strax. Um var að ræða svæði um tíu kílómetra sunnan Húsavíkur, skammt frá Húsavíkurflugvelli. Þar var þá nýlega búið að skipuleggja sumarbústaðahverfi og var gert ráð fyrir 30 húsum. Reynslan um sumarið var góð og 22. ágúst 1986 var gengið frá samningum við landeigendur Núpa um langtímaleigu á landspildu undir fjögur hús.[28] Ýmsir aðilar voru þá búnir að koma sér fyrir í nágrenninu með sumarhús og höfðu stofnað félagið Hraunbyggð, félag sumarbústaðaeigenda í Aðaldal sem OBHM gerðist aðili að. Orlofsbyggðin var því oft kölluð Hraunbyggð.

Fyrstu árin eftir að sjóðurinn eignaðist landið í Aðaldal var þar ekkert hús en sjóðfélagar gátu, líkt og árið 1985, gist í eigin tjöldum eða tjaldvögnum. Það var svo ekki fyrr en í apríl 1992 að OBHM eignaðist



*Unnið við að koma húsinu Kjarrlundi fyrir á undirstöðum í Aðaldal árið 1996. Þá átti OBHM sex orlofshús í Núpalandi.*

fyrsta sumarhúsið á svæðinu. Þá keypti sjóðurinn 46 fermetra notað timburhús sem skiptist í tvö svefnherbergi, bað, eldhús, stofu og borðkrók. Allt innbú fylgdi með í kaupunum. Húsið var byggt árið 1988 og stóð utan leigulandsins sem sjóðurinn átti. Strax kom í ljós um sumarið að eftirspurn eftir húsinu var mikil og því hætti stjórn sjóðsins við að selja landið sem staðið hafði til og ákvað að fjölga sumarbústöðunum. Hinn 28. febrúar 1993 samdi sjóðurinn við Verkmenntaskólann á Akureyri um að byggja eitt 45 fermetra hús á Akureyri og flytja austur. Húsið kostaði 2,5 milljónir króna og var flutt og sett á grunn í landi sjóðsins 25. maí 1993. Sumarið 1993 stóðu því tvö hús á Núpum sjóðfélögum til boða.

Þriðja húsið var reist sumarið 1994 og ári seinna bættist það fjórða við. Það var keypt notað í nóvember 1994 og var þá átta ára gamalt. Því var lýst þannig í úttekt í tilefni kaupanna: „Vandaður bústaður. Um aðaldyr er gengið inn gang. Á vinstri hönd er fyrst búr eða geymsla og svo baðherbergi með sturtu. Á hægri hönd eru tvö svefnherbergi. Gangurinn endar í góðu opnu rými sem er allt í senn eldhús, borðstofa og setustofa.“[29]

Í júní 1996 voru tekin í notkun tvö 45 fermetra hús í landi Núpa. Nemendur Verkmenntaskólans á Akureyri smíðuðu annað þeirra en hitt byggði Hermann Sigurðsson frá Hraunkoti II í Aðaldal. Fyrrnefndi verktakinn steypti undirstöður beggja húsanna. Þar með voru orlofshúsin orðin sex og ábúendur Núpa sáu um þau.[30] Húsin eru öll með svefnlofti nema elsta húsið. Allt landið er kjarri vaxið þannig að lítið sést milli þeirra. Húsin eru númeruð með tölunum 1 til 6 og heita Asparlundur, Einilundur, Lerkilundur, Birkilundur, Kjarrlundur og Víðilundur.

### Á Miðhúsum við Egilsstaði

Þriðja sumarbústaðaland OBHM er í landi Miðhúsa austur á Héraði, skammt frá Egilsstöðum. Í túnfæti Miðhúsa fellur Eyvindará í fallegum birkivöxnum giljum. Í grenndinni er Miðhúsaskógur. Miðhús voru



*Þrjú af fjórum húsum OBHM á Miðhúsum við Egilsstaði.*

áður í þjóðbraut og þar var einn fyrsti áningarstaður ferðamanna á Héraði. Verslunarleið Héraðsmanna bæði á Seyðisfjörð og Eskifjörð lá þar um. Oft er snjóþungt á vetrum. Á Miðhúsum voru keypt tvö fullbúin hús 20. september 1995 ásamt innbúi og lóðarréttindum. Þau voru átta ára gömul, 35,4 fermetrar að grunnfleti og á tveimur hæðum, samtals 70 fermetrar. Annað húsanna er nefnt Gata en hitt Garðshorn. Jafnframt keypti sjóðurinn byggingarrétt undir tvö orlofshús til viðbótar.[31] Í nóvember 1996 samdi OBHM við Trésmiðju Fljótdalshrepps í Fellabæ um að byggja tvö hús á lóðunum, jafnstór þeim eldri og eftir sömu teikningu Björns Kristleifssonar arkitekts. Þau heita Sel og Vað og voru tekin í notkun árið 1997.[32] Hefur sjóðurinn upp frá því haft fjögur þriggja herbergja hús til ráðstöfunar á orlofssvæðinu. Ábúendur Miðhúsa hafa umsjón með þeim.

**Svignaskarð í Borgarfirði**

Svignaskarð er fornt stórbýli og höfuðból í Norðurárdal í Borgarfirði. Héraðið hefur lengi notið vinsælda sem sumardvalarstaður og þjónusta við ferðamenn komst þar snemma í gott horf. Árið 1968 keypti Iðja, félag verksmiðjufólks í Reykjavík Svignaskarð og reisti orlofshúsabyggð í kjarrlendinu norður af eldri bæjarhúsum. Hún þótti vel í sveit sett og varð því strax vinsæll dvalarstaður. Með árunum eignuðust ýmis félög sumarhús á svæðinu og þar var reist þjónustumiðstöð.



*Hús OBHM í Svignaskarði í Borgarfirði. Sjóðurinn átti húsið á árunum 1996–2012.*

Í nóvember 1996 keypti OBHM eitt 36,3 fermetra orlofshús í landi Iðju í Svignaskarði af Lögreglufélagi Suðurnesja. Húsið var orðið meira en 20 ára gamalt og þess vegna var byrjað á því að endurbæta það og settur var upp heitur pottur á veröndinni. Hægt var að leigja húsið allt árið. Leigjendur fengu aðgang að þjónustumiðstöðinni með nokkrum félögum innan Alþýðusambands Íslands sem áttu hús á svæðinu. Stjórn OBHM setti sér það markmið að eignast fleiri hús í Svignaskarði enda kom fljótt í ljós að eftirspurn eftir húsinu var mjög mikil. En rekstur þess reyndist óhagkvæmur og í árslok 2012 var húsið selt og sjóðurinn eignaðist ekki fleiri hús á svæðinu.[33]

**Fyrstu eignaríbúðir sjóðsins**

Árið 1983 keypti OBHM þriggja herbergja íbúð að Furulundi 6 á Akureyri og leigði hana út til félagsmanna næstu árin. Snemma á árinu 1995 seldi sjóðurinn íbúðina en leigði þess í stað fjórar til sex íbúðir af Félagsstofnun stúdenta yfir sumartímann á næstu árum. Árið 1999 var ákveðið að kaupa íbúð að nýju á Akureyri og varð þá íbúð í húsinu Hrafnagilsstræti 19 fyrir valinu sem er 93 fermetra kjallaraíbúð. Hefur hún verið leigð síðan allt árið ásamt nokkrum íbúðum sem sjóðurinn leigir af félagasamtökum og einkaaðilum yfir sumarið og endurleigir sjóðfélögum.

Í Reykjavík stóð félagsmönnum sjóðsins til boða að leigja orlofsíbúð frá og með árinu 1993. Árið 1997 og keypti sjóðurinn orlofsíbúð á Flyðrugranda 10 sem er þriggja herbergja íbúð á þriðju hæð í fjölbýlishúsi, 68 fermetrar að stærð. Eignaríbúðum í borginni fjölgaði seinna og verður greint frá þeim í næsta kafla.[34]




*Íslandskort sem sýnir þá staði á landinu þar sem sjóðfélögum OBHM stóðu orlofshús til boða sumarið 1997, ýmist í eigu sjóðsins eða leiguhús.*

## 3.5 Leiguhúsnæði til endurleigu

Sumarið 1986 var OBHM með tvær leiguíbúðir á Akureyri, auk eigin íbúðar, og eina á Egilsstöðum til endurleigu. Eftirspurn íbúðanna á Akureyri var mikil og því tók sjóðurinn tvær íbúðir til viðbótar þar í bænum á leigu árið 1991 yfir sumartímann og hafði þrjár íbúðir til ráðstöfunar á næstu árum, jafnvel fleiri sum árin eins og fram hefur komið. Íbúðin á Egilsstöðum var leigð áfram og árið 1992 bættust við íbúðir á Vopnafirði og í gamla skólahúsinu á Breiðdalsvík. Árið 1993 tók sjóðurinn á leigu íbúð á Laufásvegi í Reykjavík fyrir félagsmenn sína á landsbyggðinni en á árunum 1994–1996 stóð þeim til boða íbúð á Klapparstíg 1. Það var stefna stjórnar sjóðsins að fjölga möguleikum sjóðfélaga til að dvelja sem víðast um landið og á næstu árum fjölgaði leiguíbúðunum á landsbyggðinni. Má nefna sem dæmi að sumarið 1996 bauð sjóðurinn upp á raðhús á Bifröst og orlofshús á Stafafelli í Lónssveit. Sumarið eftir bættist við hús á Klifabotni í Lónssveit. Flest þessara húsa og íbúða fengu góða umsögn gesta en þó bar stundum á aðfinnslum eins og við má búast. Við því var brugðist með því að útbúa matseyðublað sem gestir fylltu út og stjórnin notaði í viðræðum sínum við leigusala um úrbætur.[35]

## 3.6 Liðkað fyrir ferðalögum innanlands

Árið 1984 samdi OBHM við Edduhótelin um hagstætt verð fyrir þá félagsmenn sem vildu gista á þeim á ferðalögum sínum. Seinna var þessi fyrirgreiðsla sjóðsins útfærð nánar og byrjað að bjóða upp á hótelmiða sem giltu á fleiri hótelum sem sjóðurinn samdi við. Árið 1988 var í samstarfi við Samvinnuferðir-Landsýn byrjað að bjóða upp á nokkrar mismunandi ferðir um Ísland, m.a. hálendisferðir og vikulangar ferðir út á land. Þetta samstarf stóð fram á tíunda áratuginn.[36]

Árið 1991 hófst samstarf við Ferðafélag Íslands um ferðir innanlands sem OBHM tók þátt í að greiða fyrir. Um var að ræða ferðir í Skaftafell, Þórsmerkurferð, ferðalag í Landmannalaugar, grasaferð á Kjöl og til margra annarra staða. Á sama tíma urðu sumarhúsaskipti við önnur launþegafélög algengari en áður.[37]

## 3.7 Orlof í útlöndum

Fram kom í öðrum kafla að árið 1974 áttu félagsmenn BHM í fyrsta sinn kost á ódýrum hópferðum til Spánar og fleiri sólarlanda og flugmiðum til Kaupmannahafnar. Næsta vor voru svo gerðir samningar við ferðaskrifstofuna Sunnu um afslátt á sólarlandaferðum og flugmiðum til Kaupmannahafnar og London. Ferðirnar urðu vinsælar og margir nýttu sér þessa orlofsfyrirgreiðslu. Árið 1981 keypti OBHM hlutabréf í ferðaskrifstofunni Samvinnuferðum -Landsýn til þess að tryggja aðildarfélögum sínum afslátt

á flugmiðum í allar orlofsferðir sem ferðaskrifstofan bauð upp á. Einnig aðstoðaði hún félagsmenn við að leigja hús og bíla í öðrum löndum. Hafði sjóðurinn um árabil samvinnu við Samvinnuferðir-Landsýn um hagstæð flugfargjöld til margra borga í Evrópu og jafnval til Bandaríkjanna. Ferðaskrifstofan varð gjaldþrota haustið 2001 og tapaði þá sjóðurinn hlutfé sínu í fyrirtækinu.[38]

Árið 1984 tók OBHM íbúð á Nörrevoldgade 96 í Kaupmannahöfn á leigu. Reyndist sú ráðstöfun strax vinsæl meðal félagsmanna og hefur þeim staðið íbúð í borginni til boða flest eða öll ár síðan, fyrst yfir sumarmánuðina en seinna allt árið. Árið 1993 bættist við lítil tveggja herbergja íbúð í París, númer 164 á Rue de Paris, og voru þessir tveir staðir í boði til aldamóta.



*Eitt af B-húsunum í Brekkuskógi.*

## 3.8 Upphaf starfsáætlana og stefnumörkunar

Fram til ársins 1994 er lítið sem ekkert að finna um starfsáætlanagerð og stefnumörkun í gjörðabókum stjórnar OBHM, í þeim er aðallega verið að fjalla um rekstur sjóðsins og framkvæmdir líðandi stundar. Um miðjan tíunda áratuginn verður þess vart í auknum mæli að stjórnin leitist við að ræða áætlanagerð nokkur ár fram í tímann og setja á blað að hverju skuli stefnt að framkvæma á komandi ári eða jafnvel næstu fjórum til sex árum. Í byrjun nýrrar aldar varð slík stefnumörkun þungamiðja stjórnarstarfsins.

Sumt af því sem kom til umræðu um miðjan tíunda áratuginn náði fram að ganga, annað ekki. Sem dæmi um hugmyndir sem ekki urðu að veruleika má nefna að töluvert var rætt um það að kaupa jörð undir nýja orlofsbyggð og voru í því samhengi nefndar árið 1994 jarðir í Borgarfirði, Snæfellsnesi eða í Dölum. Tveimur árum seinna kom til umræðu að kaupa spildu í landi Úthlíðarhúsa á Austurlandi. Mörg önnur áform komust aftur á móti til framkvæmdar og hefur verið greint frá þeim flestum eða öllum hér á undan. Árið 1996 samþykkti stjórnin til dæmis tveggja ára áætlun um að sinna umhverfismálum í Brekkuskógi með markvissum hætti. Stígar skyldu lagðir um landareignina, landið girt og gróðursetningu sinnt eins vel og hægt væri. Fimm ár voru þá liðin frá því að byrjað var að planta trjám á svæðinu en til þeirra sást þó enn lítið. Jafnframt þessum áætlunum samþykkti stjórnin smíði tíu nýrra orlofshúsa í Brekkuskógi á næstu sex árum, tveggja í Aðaldal og tveggja á Miðhúsum. Loks var gert ráð fyrir að sjóðurinn tæki fleiri hús eða íbúðir á leigu í ýmsum landshlutum og endurleigði félagsmönnum.[39]

Árið 1997 var frekari uppbygging sumarhúsa í eigu sjóðsins tekin til umræðu og endurskoðunar. Stjórnarmenn veltu ýmsum möguleikum fyrir sér og á fundi 5. apríl var samþykkt að sjóðurinn einbeitti sér fyrst og fremst að uppbyggingu í Brekkuskógi eins og hann hefði gert. Einungis skyldi sinna nauðsynlegasta viðhaldi á þeim húsum sem búið væri að byggja, halda þeim öllum í rekstri en lækka leigu með markvissum hætti. Þá skyldi hefja byggingu á 11–14 húsum í Brekkuskógi sem lokið yrði við á næstu sex til sjö árum. Þessi áætlun hafði verið í undirbúningi um nokkurt skeið og á fundinum lagði Pétur Jónsson landslagsarkitekt fram uppdrátt af svæðinu sunnan og austan við þjónustumiðstöðina þar sem hann hafði gert ráð fyrir allt að 14 nýjum sumarbústöðum.[40]

# 4. Starfsemi Orlofssjóðs BHM 1999–2016

## 4.1 OBHM verður sjálfseignarstofnun

Á aðalfundi Bandalags háskólamanna í apríl 1998 voru samþykktar lagabreytingar sem vörðuðu rekstrarfyrirkomulag OBHM. Samþykkt var að sjóðurinn fengi sérstök lög eða skipulagsskrá í stað gildandi reglugerðar sem byggðist á lögum bandalagsins. Skipulagsskráin nýja var samin með hliðsjón af lögum nr. 33/1999 um sjálfseignarstofnanir. Hún var samþykkt á framhaldsársfundi fulltrúaráðs OBHM 12. maí 1999 og tók þegar gildi til bráðabirgða en endanlegt gildi skrárinnar var háð ákvörðun næsta aðalfundar BHM. Hann var haldinn 1. apríl 2000 og þar var skipulagsskráin samþykkt. Bandalag háskólamanna taldist stofnandi sjálfseignarstofnunarinnar og var stofnfé ein milljón króna.[1]

Með nýju skipulagsskránni fékk OBHM formlega stöðu sem sjálfstæður lögaðili og sjálfseignarstofnun með það hlutverk að annast vörslu eigna sem sjálfstæður aðili. Skipulagsskráin kvað á um að aðildarfélög BHM tilnefndu fulltrúa í fulltrúaráð sem færi með yfirstjórn sjóðsins. Á árlegum fundi ráðsins skyldi kosin fimm manna stjórn til tveggja ára í senn en tveir stjórnarmenn til viðbótar voru tilnefndir af miðstjórn BHM. Aðalfundur BHM hafði þannig ekki lengur formleg yfirráð yfir sjóðnum en ljóst er að aðildarfélög sjóðsins höfðu eftir sem áður full umráð yfir honum gegnum fulltrúaráð og stjórn. Markmiðið með þessum breytingum var að tryggja sjóðnum lögformlega stöðu en jafnframt að koma á beinu sambandi milli sjóðsins og þeirra stéttarfélaga sem samið höfðu um aðild félagsmanna sinna að honum og þeirra félagsmanna sem fengið höfðu aðild með úrskurði kjaranefndar. Áður var fjallað um málefni sjóðsins samhliða öðrum málum BHM en með vaxandi starfsemi þótti ljóst að málefni hans þyrftu að fá ítarlegri umfjöllun. Þetta var sem sagt gert til þess að efla sjóðinn og starfsemi hans.[2]

## 4.2 Skipulagsskráin og seinni breytingar á henni

Skipulagsskráin nýja var í 11. greinum og verða þær helstu tilgreindar hér sérstaklega. Nafn sjóðsins var að finna í fyrstu greininni, varnarþing og heimili en samkvæmt annarri grein var hlutverk sjóðsins að auðvelda sjóðfélögum að njóta orlofs. Sú þriðja bar yfirskriftina „Form og aðild“ og komu þar fram ákvæði um hverjir gátu átt aðild að sjóðnum. Þessi mikilvæga grein hljóðaði svo:

1. Orlofssjóður Bandalags háskólamanna er sjálfseignarstofnun en stundar ekki atvinnurekstur þar sem meginrekstur sjóðsins snýr eingöngu að sjóðfélögum.
2. Sjóðsaðild öðlast þeir einstaklingar sem uppfylla eitt af eftirtöldum skilyrðum:
   a) þeir sem fá aðild að sjóðnum vegna ákvæða í kjarasamningi aðildarfélags Bandalags háskólamanna eða með aðild að aðildarfélagi Bandalags háskólamanna þar sem kjarasamningi er ekki til að dreifa enda óski aðildarfélagið sérstaklega eftir slíkri aðild við sjóðsstjórn;
   b) þeir sem áður hafa öðlast aðild skv a-lið og hafa hafið töku lífeyris eða hafa gegnt starfi sem lagt hefur verið niður;
   c) þeir sem fengið hafa aðild að sjóðnum á grundvelli eldri reglna – þmt opinberir starfsmenn sem heyra undir kjaranefnd enda hafi orlofssjóðsframlag jafnhátt því hlutfalli sem samið er um í kjarasamningum verið úrskurðað sem hluti af launakjörum þeirra og það greitt til sjóðsins.
3. Sjóðsaðild byggist á því að greitt sé kjarasamningsbundið eða kjaranefndarúrskurðað orlofssjóðsframlag. Framlag skal greiða mánaðarlega til sjóðsins.
4. Fulltrúaráði á ársfundi er heimilt að veita atvinnulausum, öryrkjum og eftirlifandi mökum látinna sjóðfélaga áframhaldandi sjóðsaðild gegn föstu árgjaldi, sem fulltrúaráð ákveður. Sama gildir um sjóðfélaga sem leita sér endurmenntunar eða eru í launalausu leyfi frá starfi. Lífeyrisþegar, sbr. b-lið 2. mgr., halda sjálfkrafa sjóðsaðild gegn greiðslu gjalds í eitt skipti fyrir öll. Sjóðsstjórn er heimilt að setja sérreglur um stigaávinnslu hópa sem greiða árgjald og

eingreiðslugjald. Sjóðsstjórn er sömuleiðis heimilt að veita háskólamönnum, sem starfa sem launamenn á almennum vinnumarkaði, starfa erlendis eða starfa sjálfstætt, áframhaldandi sjóðsaðild gegn mánaðarlegri eða árlegri greiðslu orlofssjóðsframlags af launum eða reiknuðu endurgjaldi sem sé jafnhátt því hlutfalli sem samið er um í kjarasamningum (nú 0,25% heildarlauna) – þó aldrei lægra en tiltekin fjárhæð sem sjóðsstjórn ákveður í vafatilvikum.[3]

Fjórða og fimmta grein skipulagsskrárinnar fjölluðu um fulltrúaráðið. Meðal annars kom þar fram að í því ætti sæti einn fulltrúi fyrir hvert aðildarfélaga sjóðsins, þó þannig að tveir fulltrúar væru fyrir þau félög sem hefðu 500 eða fleiri félagsmenn. Fundir ráðsins skyldu vera að minnsta kosti tveir á ári og bar að halda ársfund á tímabilinu mars til maí. Hann var æðsta samkoma sjóðsins og á honum skyldi fjallað um skýrslu stjórnar og reikninga sjóðsins, starfsáætlun og fjárhagsáætlun, tillögur um breytingar á skipulagsskrá, kjör sjóðsstjórnar til tveggja ára í senn: formanns, varaformanns, þriggja stjórnarmanna og tveggja varamanna, kjör tveggja skoðunarmanna reikninga til tveggja ára í senn og varamanna þeirra og loks önnur mál. Kjör stjórnar og skoðunarmanna var því á dagskrá annað hvert ár.

Sjötta greinin fjallaði um sjóðsstjórnina. Hún var skipuð sjö mönnum og gat aðeins einn félagsmaður úr hverju félagi þar sem félagsmenn höfðu kjarasamningsbundna eða kjaranefndarúrskurðaða aðild að sjóðnum verið í framboði hverju sinni. Það átti þó ekki við um kjör formanns. Hámark stjórnarsetu var átta ár í einni lotu. Miðstjórn BHM skyldi tilnefna á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund bandalagsins tvo stjórnarmenn til viðbótar þeim fimm sem kjörnir voru á ársfundi OBHM og áttu þeir að sitja til fyrsta miðstjórnarfundar eftir næsta aðalfund BHM. Sjóðsstjórnin skyldi annast alla umsjón með eignum sjóðsins og sjá um rekstur hans í umboði fulltrúaráðs. Allar mikilvægar ákvarðanir varðandi fjárfestingar, skuldbindingar, kaup eða sölu eigna og reglur um úthlutun orlofshúsa og íbúða skyldi stjórnin bera undir fulltrúaráð til afgreiðslu. Ef þörfin var brýn og krafðist skjótra viðbragða gat stjórnin fengið samþykki fulltrúaráðs eftirá. Þetta þýddi að stjórn OBHM var mun sjálfstæðari en áður. Það var eitt af hlutverkum hennar að boða til funda fulltrúaráðs.

Í sjöundu grein var fjallað um fjármál. Þar kom meðal annars fram að sjóðsstjórn bar að leggja fjárhags- og fjárfestingaráætlun fyrir fulltrúaráð í lok árs vegna komandi starfsárs. Aðrar greinar skipulagsskrárinnar koma ekki til umfjöllunar hér.

Til viðbótar þessari frásögn um breytt skipulag OBHM árið 1999 er vert að fram komi að nefnd sem kosin var haustið 2015 til að kanna hvort þörf væri á að breyta skipulagsskránni komst að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir að litið hefði verið á sjóðinn sem sjálfseignarstofnun frá árinu 1999 væri hann það ekki í raun. Skipulagsskráin hefði hvorki verið staðfest af sýslumanni, eins og gert væri ráð fyrir í lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, né tilkynnt til ríkisskattstjóra samkvæmt lögum nr. 33/1999 um sjálfseignarstofnanir í atvinnurekstri. Sjóðurinn hefði því í reynd verið rekinn sem almennt ófjárhagslegt félag eða bundinn sjóður stéttarfélaga.[4]

Lítilsháttar breytingar voru gerðar á skipulagsskránni í maí 2001 og aftur í apríl 2005. Breytingin í seinna skiptið varðaði aðild lífeyrisþega sem tilgreind er í 4. lið 3. greinar. Hún varð á þessa leið: „Lífeyrisþegar, sbr. b-lið 2. mgr., halda sjálfkrafa sjóðsaðild gegn greiðslu gjalds í eitt skipti fyrir öll að fjárhæð 10.000 kr. og hækkar sú fjárhæð í samræmi við vísitölu neysluverðs miðað við 241,5 stig í apríl 2005." Jafnframt var stjórn sjóðsins heimilað að ákveða fasta árgjaldið í stað fulltrúaráðs.[5]

Árið 2015 hófst vinna við heildarendurskoðun á skipulagsskrá sjóðsins og voru breytingarnar samþykktar á ársfundi sjóðsins í apríl 2016 en endanleg samþykkt nýrrar skipulagsskrár verður á dagskrá aðalfundar BHM árið 2017. Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á starfsemi sjóðsins eða skyldum frá því sem verið hefur en í stað skipulagsskrár eru ný lög kölluð samþykktir. Smávægilegar breytingar hafa verið gerðar á framsetningu reglnanna þannig að tekin er upp önnur merking málsgreina einstakra greina þeirra.

## 4.3 Aðildarfélög og fjöldi sjóðfélaga

Þegar nýja skipulagsskráin tók gildi í maí 1999 áttu 25 félög aðild að Orlofssjóði BHM með um 6200 félagsmenn. Félagar í BHM voru töluvert fleiri því Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga og Ljósmæðrafélag Íslands áttu ekki aðild að orlofssjóðnum þótt þau væru í bandalaginu.[6] Um mitt ár 1999 fjölgaði um eitt félag en þá gekk Þroskaþjálfafélag Íslands til liðs við bandalagið með samþykkt miðstjórnar 16. júní. Um 280 manns voru með stéttarfélagsaðild að félaginu og fengu aðild að orlofssjóðnum.[7] Aftur á móti fækkaði félagsmönnum hans um 1262 í árslok því 31. desember 1999 gekk Hið íslenska kennarafélag úr BHM og þar með OBHM.

Fjórum árum seinna, á aðalfundi 7. maí 2004, fékk Félag íslenskra leikara aðild að BHM og OBHM en eftir að Listaháskóli Íslands tók til starfa hefur öll nýliðun í leikarastétt verið á háskólastigi. Sama ár, 22. mars 2004, var undirritaður samningur milli OBHM og Orlofssjóðs Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands

## Aðildarfélög OBHM í janúar 1999

1. Dýralæknafélag Íslands (héraðsdýralæknar skv. ákvörðun kjaranefndar)
2. Félag fréttamanna
3. Félag háskólakennara (prófessorar skv. ákvörðun kjaranefndar)
4. Félag háskólakennara á Akureyri
5. Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins
6. Félag íslenskra fræða, kjaradeild
7. Félag íslenskra náttúrufræðinga
8. Félag tækniskólakennara
9. Hið íslenska kennarafélag
10. Iðjuþjálfafélag Íslands-kjaradeild
11. Kennarafélag Kennaraháskóla Íslands
12. Kjaradeild Félags bókasafnsfræðinga
13. Kjaradeild Félags íslenskra félagsvísindamanna
14. Kjarafélag arkitekta
15. Kjarafélag tæknifræðinga
16. Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga
17. Meinatæknafélag Íslands
18. Prestafélag Íslands (skv. ákvörðun kjaranefndar)
19. Röntgentæknafélag Íslands
20. Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa
21. Stéttarfélag lögfræðinga
22. Stéttarfélag matvæla- og næringarfræðinga
23. Stéttarfélag sálfræðinga á Íslandi
24. Stéttarfélag sjúkraþjálfara
25. Útgarður – félag háskólamanna[8]

um samstarf í orlofsmálum. Þeir félagar í Tæknifræðingafélagi Íslands sem unnu hjá ríki og borg höfðu átt aðild að sjóðnum í rúman áratug, án þess að vera í BHM, en nú var stofnaður sérstakur orlofssjóður innan TFÍ fyrir þá rúmlega 400 tæknifræðinga sem voru á almennum markaði og hann greiddi gjöld fyrir þá í OBHM. Lögð var áhersla á að þetta væri ekki fordæmisgefandi – aðild að sjóðnum væri eftir sem áður bundin við félagsmenn aðildarfélaga BHM.[9]

Ári seinna hófust viðræður við Ljósmæðrafélag Íslands, LMFÍ, um aðild félagsins að OBHM og náðist um hana samningur árið 2006 og miðaðist inngangan við 1. janúar það ár. Voru félagsmenn sjóðsins þá orðnir 7054.

Árið 2008 gekk nýstofnað Félag prófessora við ríkisháskóla í BHM og fengu félagsmenn, um 300 talsins, þá aðild að orlofssjóði bandalagsins. Tveimur árum seinna fékk Félag íslenskra hljómlistarmanna aðild að OBHM og loks fengu þeir stjórnendur hjá Reykjavíkurborg, sem heyra undir kjaranefnd, aðild að OBHM árið 2014.[10] Voru þá aðildarfélögin orðin 28 og sjóðfélagar rúmlega 11.000. Aðildarfélög í árslok 2016 eru þessi: Arkitektafélag Íslands, Dýralæknafélag Íslands, Félag akademískra starfsmanna Háskólans í Reykjavík, Félag fréttamanna, Félag geislafræðinga, Félag háskólakennara, Félag háskólakennara á Akureyri, Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins, Félag íslenskra listdansara, Félag íslenskra félagsvísindamanna, Félag íslenskra hljómlistamanna, Félag íslenskra náttúrufræðinga, Félag leikstjóra á Íslandi, Félag lífeindafræðinga, Félag prófessora við ríkisháskóla, Félag sjúkraþjálfara, Félagsráðgjafafélag Íslands, Fræðagarður (áður Útgarður og Félag íslenskra fræða-Kjaradeild), Iðjuþjálfafélag Íslands, Kjarafélag Tæknifræðingafélags Íslands, Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Ljósmæðrafélag Íslands, Prestafélag Íslands, Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga, Stéttarfélag háskólamanna á matvæla- og næringarsviði, Stéttarfélag lögfræðinga, Sálfræðingafélag Íslands og Þroskaþjálfafélag Íslands. Breytingar á fjölda félagsmanna Orlofssjóðs BHM á árunum 1999–2016 eru sýndar í töflu 1.

***Tafla 1. Félagsmenn OBHM 1999–2016***

| Ár | Fjöldi | Ár | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| 1999 | 6.200 | 2008 | 8.398 |
| 2000 | 5.000 | 2009 | 8.787 |
| 2001 | 5.100 | 2010 | 8.800 |
| 2002 | 5.200 | 2011 | 9.100 |
| 2003 | 5.445 | 2012 | 9.800 |
| 2004 | 5.921 | 2013 | 11.030 |
| 2005 | 6.570 | 2014 | 11.150 |
| 2006 | 7.447 | 2015 | 11.400 |
| 2007 | 7.610 | 2016 | 12.000 |

## 4.4 Stjórn sjóðsins

**Fulltrúaráð og stjórn**

Eins og fram hefur komið er fulltrúaráð æðsta samkoma OBHM og kemur saman tvisvar á ári. Ársfundur er haldinn einhvern tíma á tímabilinu mars til maí en seinni fundurinn í desember. Fundirnir hafa alla tíð verið í föstum skorðum og má segja að meginverkefni ráðsins sé að kjósa sjóðnum stjórn og hafa eftirlit með störfum hennar. Eins og kveðið er á um í skipulagsskrá leggur stjórnin fram á ársfundi skýrslu um gjörðir sínar liðið ár og reikninga sjóðsins. Þá kynnir stjórnin fulltrúaráði starfsáætlun- og fjárhagsáætlun komandi starfsárs. Fjórða málið varðar breytingar á skipulagsskrá ef tillögur þar um koma fram. Á tveggja

*Stjórn OBHM árið 2008. Efri röð frá vinstri: Katrín Sigurðardóttir meðstjórnandi, Sigurður Einarsson ritari, Sigurbjörg Gísladóttir gjaldkeri, Ingi Þ. Bjarnason meðstjórnandi og Salóme A. Þórisdóttir meðstjórnandi. Sitjandi: Unnur V. Ingólfsdóttir formaður og Samúel Örn Erlingsson varaformaður.*



ára fresti fer svo fram stjórnarkjör, kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og varamanna í stjórn og til endurskoðunar. Loks eru tekin fyrir önnur mál ef einhver eru. Á desemberfundunum er líka venja að stjórnin leggi fram skýrslu um störf sín og miðast hún við tímann frá síðasta ársfundi. Eðli máls samkvæmt eru reikningar þá ekki á dagskrá en stjórnin leggur aftur fram fjárhags- og fjárfestingaráætlun sína fyrir komandi ár og stefnumótun. Má segja að umræða um stefnumótunina og áætlaðar fjárfestingar séu aðalatriði desemberfunda fulltrúaráðs.

Sjö manna stjórn stýrir orlofssjóðnum og er hún kosin til tveggja ára. Áður hefur verið greint frá því með hvaða hætti hún er kosin og hvert hlutverk hennar er. Vegna skipulagsbreytinganna á sjóðnum árið 1999 fóru stjórnarskipti fram 14. janúar það ár. Nýr formaður stjórnarinnar var Hreinn Hjartarson en áður hafði hann verið varaformaður í nokkur ár. Ómar S. Harðarson var kosinn varaformaður, Unnur V. Ingólfsdóttir ritari, Sigmundur Stefánsson gjaldkeri og meðstjórnendur Óskar TH. Traustason, Danfríður Skarphéðinsdóttir og Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir. Eins og sjá má á eftirfarandi skrá um stjórnarfólk hafa þrír gegnt stjórnarformennsku í sjóðnum frá því að hann fékk nýja skipulagsskrá árið 1999 og varaformenn hafa verið sjö. Formaður og varaformaður eru kjörnir sérstaklega á ársfundi fulltrúaráðs. Að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Ritarar stjórnar hafa verið fimm, gjaldkerar fimm og meðstjórnendur 20, þar af einn tvisvar sinnum.[11]



*Stjórn OBHM árið 2015. Efri röð frá vinstri: Lilja Grétarsdóttir meðstjórnandi, Eyþóra Kristín Geirsdóttir formaður og Hanna Dóra Hólm Másdóttir ritari. Neðri röð frá vinstri: Gunnar Gunnarsson varaformaður, Helga Kolbeinsdóttir meðstjórnandi og Bjarni Bentsson gjaldkeri. Á myndina vantar Ármann Höskuldsson meðstjórnanda.*



*Samkvæmt stefnumótun stjórnar OBHM árið 2000 var ákveðið að endurbæta A-húsin og setja upp heita potta við fjögur hús. Það skilaði góðum árangri og í kjölfarið voru fleiri hús endurnýjuð.*

*Formenn:*

| | |
|---|---|
| Hreinn Hjartarson | 1999–2005 |
| Unnur V. Ingólfsdóttir | 2005–2013 |
| Eyþóra Kristín Geirsdóttir | 2013– |

*Varaformenn:*

| | |
|---|---|
| Ómar S. Harðarson | 1999–2003 |
| Unnur V. Ingólfsdóttir | 2003–2005 |
| Samúel Örn Erlingsson | 2005–2008 |
| Salóme A. Þórisdóttir | 2008–2009 |
| Sigurbjörg Gísladóttir | 2009–2013 |
| Gunnar Gunnarsson | 2013–2017 |
| Lilja Grétarsdóttir | 2017– |

*Ritarar:*

| | |
|---|---|
| Unnur V. Ingólfsdóttir | 1999–2003 |
| Sigurður Einarsson | 2003–2008 |
| Ingi Þ. Bjarnason | 2008–2009 |
| Katrín Sigurðardóttir | 2009–2015 |
| Hanna Dóra Hólm Másdóttir | 2015– |

*Gjaldkerar:*

| | |
|---|---|
| Sigmundur Stefánsson | 1999–2007 |
| Sigurbjörg Gísladóttir | 2007–2009 |
| Gunnar Gunnarsson | 2009–2013 |
| Bjarni Bentsson | 2013–2017 |
| Helga Björg Kolbeinsdóttir | 2017– |

*Meðstjórnendur:*

| | |
|---|---|
| Óskar Th. Traustason | 1999–2001 |
| Danfríður Skarphéðinsdóttir | 1999–2001 |
| Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir | 1999–2001 |
| Samúel Örn Erlingsson | 2001–2005 |
| Ingi Þ. Bjarnason | 2001–2008 |
| Guðmundur Hjálmarsson | 2001–2005 |
| Sigurbjörg Gísladóttir | 2005–2007 |
| Salóme A. Þórisdóttir | 2005–2008 |
| Katrín Sigurðardóttir | 2007–2009 |
| Gunnar Gunnarsson | 2008–2009 |
| Eyþóra Kristín Geirsdóttir | 2008–2013 |
| Árni Víkingur Sveinsson | 2009–2009 |
| Salóme A. Þórisdóttir | 2009–2012 |
| Bjarni Bentsson | 2009–2013 |
| Hanna Dóra Hólm Másdóttir | 2012–2015 |
| Ármann Höskuldsson | 2013–2016 |
| Lilja Grétarsdóttir | 2013–2017 |
| Helga Björg Kolbeinsdóttir | 2015–2017 |
| Baldvin M. Zarioh | 2016– |
| Gerður Pálsdóttir | 2017– |
| Björn Bjarnason | 2017– |

**Stefnumótun og viðhorfskannanir**

Ný stjórn OBHM sem tók við í janúar 1999 ákvað að stefnumótun til nokkurra ára, sem þó ætti að ræða á hverju ári með hugsanlega endurskoðun í huga, yrði þungamiðja starfs hennar. Á fundi 15. september 1999 voru fjórir stjórnarmenn kosnir til að vinna að nákvæmum tillögum um stefnumótun í málum sjóðsins. Nefndin hélt fjóra fundi og kynnti sér meðal annars gamlar fundargerðabækur sjóðsstjórnar til þess að átta sig á því hvernig fyrri stjórnir höfðu borið sig að. Nefndin skilaði tillögum sínum að stefnumótun sem voru samþykktar árið 2000 og mörkuðu leiðina sem farin var á næstu árum. Með tillögunum fylgdi greinargerð þar sem fram kom að úrsögn HÍK úr BHM og OBHM með yfir 1200 félagsmenn hefði sett mark sitt á tillögurnar. Þær voru á þá leið að á næstunni skyldi sjóðurinn halda algerlega að sér höndum og hefja engar nýjar framkvæmdir nema í Brekkuskógi; ekkert yrði gert í Svignaskarði, á Akureyri, í Aðaldal, á Miðhúsum og í Reykjavík. Samkvæmt stefnumótuninni átti að setja potta með heitu vatni við

fjögur A-húsanna í Brekkuskógi og með þeim hætti að þær fjárfestingar nýttust þegar húsin yrðu endurnýjuð. Í greinargerð sagði að ljóst væri að A-húsin uppfylltu ekki lengur þær kröfur sem hinn almenni félagsmaður gerði til aðbúnaðar í orlofi. Vinsældir nýju „potthúsanna“ væru skýr vísbending þar um. Því skyldi gera umrædda tilraun með fjögur A-hús í stað þess að byrja að farga þeim eins og ráðgert hafði verið og ganga þannig frá lögnum að þau nýttust sem heilsárshús. Stefnumótunin gerði ennfremur ráð fyrir að byggð yrðu tvö hús á neðra svæðinu og grunnar teknir að öðrum tveimur. Gert var ráð fyrir að hús númer 23 yrði innréttað með tilliti til hreyfihamlaðra en fyrr um vorið hafði aðgengi þeirra að húsinu verið bætt. Loks var ráðgert að umhverfismálum yrði betur sinnt, athugað yrði með leigu á fleiri stöðum erlendis, þeim sem ekki vildu leigja orlofshús yrði boðið upp á styrk til annarrar tómstundaiðju eða orlofsferða og að samstarf við BHM um rekstur sjóðsins yrði endurskoðað með tilliti til skýrari verkaskiptingar starfsmanna og ábyrgðar á rekstri.[12]

Á næstu misserum og árum leitaðist stjórn sjóðsins við að koma samþykktri stefnumótun í framkvæmd og á stjórnarfundi í janúar 2005 kom fram að tekist hefði að láta allt sem þar var áformað rætast. Þótti þá kominn tími til að setjast aftur niður og semja nýja stefnumótun og var um hana talað sem heildarendurskoðun á stefnu sjóðsins. Til þess að undirbúa vinnuna var kosin þriggja manna nefnd og hún ákvað að ráðast í viðhorfskönnun meðal félagsmanna sjóðsins til þess að fá vitneskju um á hvað þeir vildu helst leggja áherslu.[13] Um var að ræða hluta af stærri heild, könnun fyrir BHM og sjóði bandalagsins sem unnin var af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Könnunin var vefkönnun og var framkvæmd í maí 2005. Alls fengu 4623 félagsmenn aðildarfélaganna 25 senda vefslóð á könnunina í tölvupósti en 3065 var send vefslóðin í bréfpósti vegna skorts á netfangaskrá viðkomandi. Svör bárust frá 2803 eða 36,5%. Niðurstöður voru birtar í skýrslunni „Bandalag Háskólamanna – Viðhorfskönnun.“[14] Hvað varðar OBHM vildu 38% leggja áherslu á orlofsávísanir og 32% á fjölgun húsa eða íbúða. Tæpur fimmtungur vildi draga úr fjárfestingum og lækka leiguverð. Fæstir nefndu hins vegar leigu fellihýsa og tjaldvagna sem helsta áhersluatriði sjóðsins. Lítill sem enginn munur var á svörum eftir kyni, aldri, fjölda á heimili og búsetu.



*Baðhús var byggt í Brekkuskógi árið 1983 en flutt nær þjónustumiðstöðinni og endurbætt tíu árum seinna.*

Þá var spurt um á hvað ætti að leggja mesta áherslu ef fjölga ætti orlofseignum sjóðsins. Flestir svarenda, 40,5%, vildu leggja áherslu á fjölgun orlofseininga erlendis, 29,2% vildu fjölga sumarbústöðum innanlands, 24,1% kusu fleiri íbúðir í litlum kaupstöðum eða þorpum á landsbyggðinni og 6,2% vildu fjölga íbúðum í Reykjavík og á Akureyri.

Þegar spurt var um sumarhúsabyggðir sjóðsins sögðu flestir svarenda, 77,3%, að þeim fyndist dreifð sumarhúsabyggð með minni þjónustu skipta meira máli en þétt sumarhúsabyggð með þjónustukjarna. Tæp 23% voru á öndverðri skoðun. Álíka margir vildu fjölga sumarhúsum á Suðurlandi og Vesturlandi eða um fjórðungur aðspurðra. Fimmtungur vildi hins vegar fleiri sumarhús á Austurlandi. Næstum helmingur taldi þriggja herbergja hús henta best. Loks var spurt um húsbúnað og ýmis fleiri atriði. Flestir svarenda vildu sjá gasgrill sem staðalbúnað í orlofshúsum, næst kom uppþvottavél og þá tölvutenging. Meirihluti svarenda lýsti yfir ánægju með sjóðinn og töldu leigu sanngjarna.

Upplýsingarnar sem fengust með viðhorfskönnuninni notaði stjórn sjóðsins til að móta nýja stefnu til komandi ára. Í því vinnuferli árið 2005 varð til stefnumótunarskjal sjóðsins, nokkurs konar „eyðublað“, með fimm fyrirsögnum: *Framtíðarsýn*, *Hlutverk*, *Tilgangur*, *Markmið* og *Starfsmarkmið*. Undir hverri fyrirsögn gaf að líta nánari útfærslu. Hugmyndin var sú að nota mætti „eyðublaðið“ til frambúðar, fyrirsagnirnar stæðu óhaggaðar en undirtextarnir breyttust með árunum eftir því sem markmiðin næðust og ný stefna yrði mótuð. Stefnumótunarskjalið var eðli máls samkvæmt í samræmi við skipulagsskrá sjóðsins. Undir *Framtíðarsýn* stóð: „Framtíðarsýn Orlofssjóðs bandalags háskólamanna er að allir sjóðfélagar og fjölskyldur þeirra geti notið orlofs við bestu skilyrði.“ *Hlutverk*: „Hlutverk sjóðsins er að auðvelda sjóðfélögum að njóta orlofs með því að eiga og reka orlofshúsnæði og einnig með því að semja um aðra orlofsmöguleika fyrir sjóðfélaga.“ Undir fyrirsögninni *Tilgangur* stóð: „Tilgangur sjóðsins er að auðvelda sjóðfélögum að njóta orlofs þannig að frítíminn verði uppspretta orku. Það skal gert með því að bjóða góða og fjölbreytta orlofsmöguleika gegn sanngjarnri þóknun.“ Líta má á fjórða og fimmta lið stefnumótunarskjalsins sem nánari útfærslu sjóðstjórnarinnar á þeim þremur fyrstu, hina raunverulegu stefnumótun. Meðal þeirra

fjölmörgu liða sem stóðu undir fyrirsögninni *Markmið* má nefna:

* Orlofsmöguleikar séu á sem flestum landsvæðum Íslands og að minnsta kosti í einni borg erlendis.
* Leiguverð skal samræmt, óháð landsvæðum og rekstrarformi.
* Fasteignum sjóðsins verði einungis ráðstafað til annarra félagasamtaka með skiptileigu.
* Beðið verði með ákvörðun um uppbyggingu orlofskosta þar til byggingu tveggja húsa í Brekkuskógi lýkur árið 2007.
* Þjónustustig verði aukið í samræmi við óskir sjóðfélaga.
* Uppbygging og starfsemi sjóðsins verði í sátt við nánasta umhverfi.
* Halda skýrum skilum á milli stefnumótunar og framkvæmda.

Undir fimmtu og síðustu fyrirsögninni, *Starfsmarkmið*, voru nokkrir liðir. Þeir helstu voru:

* Boðið verði upp á orlofskosti í öllum landshlutum og erlendis.
* Nýting orlofskosta sé a.m.k. 95% á sumrin. Áhersla lögð á að bæta nýtingu á veturna.
* Viðhorfskannanir verði gerðar til að kanna óskir sjóðfélaga og þjónustustig aukið með hliðsjón af þeim, s.s. bættum búnaði í orlofshúsum.
* Samráð og samstarf skal haft við nágranna, stuðla skal að aukinni virðingu fyrir íslenskri náttúru með fræðslu í samvinnu við stofnanir og félagasamtök. Forðast skal óréttmæta samkeppni við einkaaðila.[15]

Eftir þetta yfirfór stjórnin árlega og endurmat gildandi stefnu og tamdi sér að starfa eftir kjörorðinu: „Stjórnin á að vera í stefnumótun en starfsmenn í rekstrinum.“ Hér verður ekki greint frá þessu mikilvæga stefnumótunarstarfi stjórnarinnar frá einu ári til annars, það endurspeglast í þeim fjölmörgu orlofskostum sem í boði hafa verið í mörg ár og greint verður frá hér á eftir í kaflanum. Þó er vert að líta nánar á nokkur atriði.

Stefnumótunin breyttist ekki mikið næstu þrjú árin en árið 2008 var ákveðið að ráðast í nýja stefnumótunarvinnu í ljósi þess að tekist hefði að ná öllum settum markmiðum frá árinu 2005. Verkið hófst með viðhorfskönnun sem framkvæmd var í október. Um tölvupóstkönnun var að ræða sem send var út á vegum aðildarfélaganna en fyrirtækið Outcome vann úr svörunum. Fjórðungur félagsmanna tók þátt og niðurstöður lágu fyrir í byrjun október. Svörin einkenndust af ánægju með starfsemi sjóðsins. Flestir vildu fjölga orlofsstöðum erlendis en í öðru sæti voru þeir sem vildu fjölga sumarbústöðum á Íslandi. Svörin voru notuð við frágang stefnumótunar sem samþykkt var seint á árinu 2008. Samkvæmt henni skyldi meðal annars fremur hugað að viðhaldi húsa sjóðsins en nýbyggingum næstu tvö árin.[16] Strax ári seinna þótti ljóst að markmiðum stefnumótunarinnar hefði verið náð. Rekstur sjóðsins stæðist áætlanir, umsóknum fjölgaði og nýting væri góð. Úthlutun til félagsmanna eftir aldri væri jafnari en margir hefðu haldið. Því var samþykkt að breyta starfsmarkmiðunum á þá leið að stefna að úreldingu A-húsanna í Brekkuskógi og að byggð yrðu hús úr varanlegri efnum en áður til þess að lágmarka viðhald. Við Hreðavatn, þar sem sjóðurinn eignaðist hús árið 2008, átti að sækja um leyfi til að byggja ný hús, tvö á næstu fimm árum og fimm á næstu tíu árum. Leitað skyldi að leiguíbúð í Reykjavík. Þessi nýja stefnumótun var samþykkt í desember 2009.[17]

Samfara þessari uppbyggingarstefnu var á næstu árum farið að huga meira að ýmsum þáttum sem ekki höfðu verið mikið á dagskrá áður. Nefna má mótun umhverfisstefnu fyrir sjóðinn en helstu þættir hennar voru meðhöndlun úrgangs, frárennslismál, aðkeypt þjónusta, vatnsnotkun í bústöðum, hreinlætisvörur og spilliefni, raftæki og úreltur búnaður. Upplýsingar um umhverfisstefnuna voru settar á heimasíðu sjóðsins.

Í nýrri viðhorfskönnun árið 2011 kom í ljós að orlofshúsin voru vinsælust og flestir, 62% svarenda, vildu fjölga þeim og íbúðum. Jafnframt kom í ljós að eldri sjóðfélagar voru ánægðari en þeir yngstu sem sögðu erfitt að fá orlofshús. Við því var brugðist með því að nokkur hús voru sett út fyrir úthlutunarkerfi sjóðsins og þeim ráðstafað með aðferðinni „fyrstur kemur, fyrstur fær.“ Jafnframt var ákveðið að leita nýrra svæða fyrir bústaði því í ljós var komið að ekki mátti byggja fleiri hús í Hraunvéum við Hreðavatn. Loks var það nýtt markmið að 10% félagsmanna skyldu fá úthlutun á úthlutunartíma, á sumrin og um páska.

Í viðhorfskönnunum árin 2013 og 2014 kom í ljós mikill áhugi á að nettengingar kæmu í húsin en aðeins 13% vildu kaupa þrif. Kannanirnar sýndu að 93% voru ánægð með húsin og 67% voru ánægð með búnað þeirra. Flestir vildu fjölga bústöðum, nokkuð færri íbúðum, í þriðja sæti voru þeir sem vildu fjölga afsláttarmiðum og hótelmiðum og lestina ráku þeir sem vildu geta leigt tjaldvagna, fellihýsi og hjólhýsi. Yfir 70% svarenda lýstu sig ánægða með þjónustu sjóðsins.[18]

Í kjölfar þessara kannana var samþykkt öryggisstefna fyrir sjóðinn sem tók til brunavarna og aðbúnaðar í orlofshúsum og á leiksvæðum og til meðhöndlunar upplýsinga um einstaklinga. Jafnframt var byrjað að fylgjast með ástandi sumarhúsanna með því að beina spurningum með rafrænum hætti til þeirra fyrstu og síðustu sem leigðu sumarhús samhliða eftir-

litsferðum stjórnarmanna og starfsfólks í húsin sem lengi höfðu tíðkast.

Síðasta viðhorfskönnunin sem hér verður greint frá var gerð um mitt ár 2016. Sem fyrr vildu flestir fjölga bústöðum, 36% í stað 38% 2014, þá komu þeir sem vildu fjölga íbúðum, 18,26% í stað 22% árið 2014, 14,55% vildu fjölga afsláttarmiðum, 8,9% hótelmiðum og 9,52% tjaldvögnum, fellihýsum og hjólhýsum. Erlendis vildu flestir, 42,52%, fjölga húsum í Suður-Evrópu líkt og árið 2014.

**Verklagsreglur við úthlutun orlofshúsa**

Fljótlega eftir skipulagsbreytinguna árið 1999 ákvað stjórn sjóðsins að setja sér nýjar og nákvæmari verklagsreglur við úthlutun orlofshúsa en notaðar höfðu verið á liðnum árum. Samningu þeirra lauk í ársbyrjun 2001 og voru samþykktar á stjórnarfundi 5. apríl það ár: „Verklagsreglur Orlofssjóðs BHM um pöntun og úthlutun orlofshúsa, greiðslu leigu, umgengni o.fl.“[19] Um var að ræða mjög ítarlegar reglur sem byggðust á 6. grein skipulagsskrár sjóðsins. Þær voru í sex köflum og hver þeirra skiptist í nokkrar eða fjölmargar greinar. Fyrsti hlutinn fjallaði um réttindi sjóðfélaga. Annar hlutinn bar yfirskriftina *Úthlutun á páskum og á sumrin* og það eru einkum greinarnar í honum sem verða skoðaðar eilítið hér. Þriðji hluti fjallaði um úthlutun utan úthlutunartímabila, þ.e. sumars og páska. Fjórði hluti greindi frá skyldum sjóðsins og sá fimmti frá skyldum orlofsgesta. Sjötti og síðasti hluti verklagsreglnanna bar yfirskriftina *Önnur ákvæði* en þar var greint frá gildistöku, kynningu á reglunum og nokkrum fleiri atriðum.

Í verklagsregluskjalinu var reynt að taka á öllum hugsanlegum atriðum sem gera mátti ráð fyrir að kynnu að koma upp við útleigu húsa og íbúða. Eins og fyrr sagði beinist athyglin hér fyrst og fremst að reglunum sem kváðu á um hvernig úthlutun orlofshúsa, bæði innanlands og erlendis, á úthlutunartímabilum, páskum og sumrin, skyldi fara fram. Þá gátu einungis sjóðfélagar pantað hús en félagsmönnum í Öryrkjabandalagi Íslands stóðu þó til boða í nokkur ár alls þrjár vikur á hverju sumri í húsi 23 í Brekkuskógi sem var sérútbúið fyrir hreyfihamlaða. Um innbyrðis forgang sjóðfélaga var samin svokölluð K-regla en hún byggði á eldri reglu sem sagt var frá í þriðja kafla. Sú nýja var svona:

> K-stig eru reiknuð út frá þeim árafjölda sem sjóðfélagi hefur verið í orlofssjóðnum en til lækkunar reiknast fjöldi ára frá síðustu úthlutun hjá sjóðnum á sumar- eða páskaorlofstíma. Gildir þá einu hvort úthlutun er innanlands eða utan. Formúlan er svohljóðandi: K = (180 + sjóðsaldur) / (3-0,1*S. S merkir fjölda ára frá síðustu úthlutun eða sjóðsaldur ef engin fyrri úthlutun er til staðar. Úthlutun vegna páska telst ekki með við úthlutun á sumri og öfugt heldur eru svonefnd K-stig reiknuð sérstaklega vegna sumarúthlutana og sérstaklega vegna páskaúthlutana.[20]

Þeir sem ekki hlutu úthlutun fóru sjálfkrafa á biðlista. Til þeirra sem efstir voru á biðlista bar að hringja fyrst eða senda þeim tölvuskeyti og svo koll af kolli. Minna var dregið frá K-stigum vegna dvalar í A-húsum án potta en öðrum húsum. Utan úthlutunartímabila gilti um forgang sjóðfélaga reglan fyrstur kemur – fyrstur fær.

Einstökum liðum reglnanna var margsinnis breytt á næstu árum og sem fyrr eru það sjálfar úthlutunarreglurnar, innbyrðis val milli félagsmanna, sem vert er að skoða. Þeim lið regluverksins var breytt í grundvallaratriðum árið 2003 í tengslum við að nýr gagnvirkur orlofsvefur var þá tekinn í notkun. Hann var kallaður Hannibal og var unninn af Ax hugbúnaðarhúsi í sam-



*Það er bjart og fallegt um að litast í orlofshúsunum eins og t.d. hér í D-húsinu Fögrubrekku.*

Orlofssjóður BHM




**Myndrit 3.**
**Tekjur OBHM 2001–2016**
Heimild: Skjs. OBHM. Ársreikningar 2001–2016. Tekjutölur hvers árs eru uppfærðar til verðlags í janúar 2017.

vinnu við starfsfólk BHM og OBHM. Með því að slá inn kennitölu og netfang var hægt að komast inn á vefinn, panta hús og greiða fyrir það. Í tengslum við nýja vefinn var horfið frá K-stigum, sem reiknuð voru út frá þeim árafjölda sem sjóðfélagi hafði verið í sjóðnum, yfir í punktakerfi þar sem hver innborgun frá vinnuveitanda viðkomandi einstaklings til sjóðsins gefur punkta. Tíu punktar safnast fyrir hvern greiddan mánuð, þó með lágmarksstarfshlutfallinu 33%. Fastur frádráttur er 20–50 punktar eftir því á hvaða árstíma fólk fær leigt. Af öðrum breytingum árið 2003 og næstu árin má nefna að ákvæðið um rétt félagsmanna Öryrkjabandalags Íslands var fellt niður og sérstök ákvæði komu inn um rétt námsmanna, atvinnulausra, öryrkja, maka látinna sjóðfélaga sem óska eftir áframhaldandi aðild og fleiri sérhópa og einstaklinga. Punktafrádrætti var líka breytt með árunum.[21]

Árið 2011 fékk stjórn OBHM ábendingu um það í viðhorfskönnun að punktasöfnun ungs fólks gengi of hægt og vonlaust væri fyrir það að sækja um fyrstu árin í sjóðnum. Eins og imprað var á hér framar brást hún við þessu með þeim hætti að taka upp það sem kallað hefur verið flakkarakerfi í sumarúthlutunarvikunum í völdum húsum, einu á hverju svæði: Brekkuskógi, Miðhúsum, Hraunvéum og Aðaldal. Þá er einu húsi á hverjum stað ekki úthlutað í punktakerfinu heldur gildir reglan fyrstur kemur – fyrstur fær. Þetta kerfi var fyrst notað sumarið 2012.[22]

### Rekstur sjóðsins og fjárfestingar

Vöxtur OBHM hefur verið mikill frá því að hann tók til starfa, einkum síðustu 16 árin. Árið 2001 voru rekstrartekjur sjóðsins 53,7 milljónir króna en 306 milljónir árið 2016. Uppreiknuð til verðlags árið 2016 er fyrri upphæðin 105 milljónir króna. Tekjurnar hafa þrefaldast frá aldamótum á föstu verðlagi. Mestu skipta framlög atvinnurekenda af hverjum félagsmanni sjóðsins en hinn hlutinn eru leigutekjur af húsum og íbúðum sjóðsins. Á sama tíma óx árlegur rekstrarafgangur sjóðsins úr sex milljónum króna í 113 milljónir á föstu verðlagi. Nefna má nokkrar ástæður fyrir þessum vexti. Fram kom á ársfundi sjóðsins 28. apríl 2004 að tekjurnar hefðu aukist eftir að heitir pottar komu til sögunnar við orlofshúsin því nýting þeirra hefði stórbatnað allt árið. Nokkrum árum seinna kom fram á stjórnarfundi að rekstur sjóðsins færi batnandi vegna fjölgunar félagsmanna og hærri launa þeirra.[23]

Þróun tekna OBHM á árunum 2001–2016 á föstu verðlagi er sýnd á myndriti 3. Eins og áður sagði voru tekjur sjóðsins 105 milljónir króna árið 2001 en höfðu hækkað í 182 milljónir árið 2008 þegar bankahrunið varð með öllum þeim miklu afleiðingum sem því fylgdu. Áhrif hrunsins á vöxt sjóðsins koma vel fram á myndritinu, þá hægði mjög á tekjuaukningunni og vexti sjóðsins til ársins 2011 en eftir það hefur vöxturinn verið mikill á ný.

Tekjum sjóðsins hefur frá upphafi verið varið í fjárfestingar orlofshúsa, rekstur þeirra, aðra orlofsfyrirgreiðslu við sjóðfélaga og til að greiða annan rekstrarkostnað, fyrst og fremst skrifstofukostnað og laun starfsmanna sjóðsins. Frá árinu 1998 hefur sjóðurinn einungis keypt eða byggt fyrir eigið fé. Langmest hefur fjárfestingin verið í Brekkuskógi. Árið 2007 skiptust eignir sjóðsins með þeim hætti að eignir í Brekkuskógi námu 71% þeirra, hús við Hreðavatn 9%, íbúðir í Reykjavík 7%, orlofshús á Miðhúsum 4%, í Aðaldal 3%, áhöld og tæki 3%, Hrafnagilsstræti á Akureyri 2%




**Myndrit 4.**
**Fjárfestingar OBHM 1989–2016**
Heimild: Skjs. OBHM. Ársreikningur 2016. Upphæðir eru á verðlagi í janúar 2017.

og Svignaskarð 1%.[24] Um skiptingu eigna árið 2016 verður fjallað á öðrum stað í kaflanum.

Síðustu árin hefur mun meira fé en áður verið varið til að bæta umhverfi orlofssvæða sjóðsins. Eins og fram kemur á myndriti 4 er nú svo komið að fjárfesting í umhverfismálum kemur næst á eftir Brekkuskógi. Myndritið sýnir fjárfestingar OBHM frá árinu 1989 til 2016 á verðlagi í janúar 2017. Þar sést að til uppbyggingar í Brekkuskógi hefur sjóðurinn varið yfir 900 milljónum króna en mun minna til annarra orlofssvæða. Samkvæmt efnahagsreikningi OBHM 31. desember 2016 var bókfært verð fasteigna sjóðsins 792 milljónir króna og brunabótamat þeirra 1,2 milljarðar.

## 4.5 Starfsmenn og skrifstofa

**Þjónustusamningar við BHM**

Þegar það tímabil hófst sem fjallað er um í þessum kafla voru Gísli Tryggvason, framkvæmdastjóri BHM, Jóhanna Engilbertsdóttir, fjármála- og rekstrarstjóri og Anna Elísabet Sæmundsdóttir upplýsingafulltrúi þeir starfsmenn á skrifstofu bandalagsins sem helst sinntu verkefnum fyrir orlofssjóðinn. Anna Elísabet hætti í sumarbyrjun árið 1999 og þá komu til starfa Aðalbjörg Rós Óskarsdóttir upplýsingafulltrúi og Halla Sigrún Sigurðardóttir þjónustufulltrúi. Aðalbjörg starfaði í stuttan tíma og árið 2000 var Margrét Þórisdóttir ráðin sem þjónustufulltrúi en Halla varð á sama tíma sjóða- og upplýsingafulltrúi. Aðrir starfsmenn BHM sem komu með árunum í stað sumra þeirra sem nefndir hafa verið, Þórhalla Magnúsdóttir bókari, Eiríkur P. Jörundsson upplýsingastjóri, Bryndís Jónsdóttir styrktar- og sjúkrasjóðsfulltrúi, Ingunn Þorsteinsdóttir styrktar- og sjúkrasjóðsfulltrúi, Katrín Fjeldsted Jónsdóttir bókari og Halldór K. Valdimarsson upplýsingastjóri, komu flest eitthvað að verkefnum fyrir sjóðinn.[25]

Við stefnumótunarvinnu stjórnar OBHM árið 2000 urðu stjórnarmenn sammála um það að nauðsynlegt væri að endurskoða samstarfið við BHM til þess að fá skýrari verkaskiptingu starfsmanna sjóðsins. Samningur sjóðsins og BHM frá 5. maí 1999 væri einfaldlega ekki nógu góður. Frá nýjum þjónustusamningi var þó ekki gengið fyrr en í janúar 2002 en gildistaka hans miðaðist við 1. janúar það ár. Hann fjallaði ítarlega um aðkeypta vinnu eða þjónustu sjóðsins af bandalaginu. Í annarri grein samningsins sagði:

> BHM veitir OBHM þjónustu varðandi undirbúning og umsjón funda stjórnar og fulltrúaráðs OBHM, almennan rekstur og fjármálaumsýslu, símsvörun og almenna upplýsingagjöf, móttöku og meðferð umsókna, úthlutun og aðra afgreiðslu umsókna samkvæmt almennum úthlutunarreglum eða matskenndum ákvörðunum stjórnar OBHM, tillögugerð um afgreiðslu einstaklingsmála og breytingar á verklagsreglum og skipulagsskrá, svo og almenn samskipti og kynningu út á við gagnvart sjóðfélögum og eftir atvikum stjórnvöldum, vinnuveitendum og öðrum svo og lögfræðilega ráðgjöf til sjóðsstjórnar og samningagerð við verktaka á vegum sjóðsins. Sama gildir um réttindabókhald, einkum þegar og ef til bókunar- og innheimtumiðstöðvar sjóða í tengslum við BHM kemur.[26]

Fyrir þessa þjónustu bar OBHM að greiða BHM fast hlutfallsgjald af launakostnaði fimm starfsmanna bandalagsins, 25% af rekstrarkostnaði skrifstofu



*Starfsmenn á skrifstofu BHM árið 2008. Flestir voru þeir jafnframt starfsmenn OBHM.Frá vinstri: Katrín Fjeldsted Jónsdóttir bókari, Jóna Jónsdóttir móttökufulltrúi, Ingunn Þorsteinsdóttir styrktar- og sjúkrasjóðsfulltrúi og Stefán Aðalsteinsson framkvæmdastjóri. Sitjandi frá vinstri: Jóhanna Engilbertsdóttir fjármála- og rekstrarstjóri og Margrét Þórisdóttir orlofs- og þjónustufulltrúi.*

þess og fyrir mæld störf bókara bandalagsins í þágu sjóðsins. Af launum framkvæmdastjóra BHM skyldi sjóðurinn greiða 12%, 40% af launum fjármála- og rekstrarstjóra, 10% af launum verkefnisstjóra sjóða, 3% af launum skjala- og upplýsingastjóra og 65% af launum þjónustufulltrúa sem fékk nú starfstitilinn orlofs- og þjónustufulltrúi. Þetta jafngilti því að stöðugildi hjá OBHM væru 1,3 og töldust tilgreindir starfsmenn BHM eftir þetta jafnframt vera starfsmenn sjóðsins í tilgreindum hlutastöðum. Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri fengu prókúru og bar eftir þetta að sitja fundi stjórnar OBHM með málfrelsi og tillögurétt. Loks var kveðið á um að sjóðurinn tæki þátt í kostnaði við útgáfu *BHM-tíðinda*, 90% af orlofsblaðinu sem gefið var út á hverju ári í febrúar með kynningu á öllum orlofskostum, og 10% af hinum tölublöðunum.

Árið 2004 keyptu BHM og 15 aðildarfélög bandalagsins aðra hæð Borgartúns 6 og þangað fluttist starfsemi þeirra og OBHM í mars 2006. Þá hafði Gísli Tryggvason látið af starfi framkvæmdastjóra og um tíma á árinu 2005 gegndi Halldóra Friðjónsdóttir, formaður BHM, starfi framkvæmastjóra samtakanna og OBHM en haustið 2005 var Stefán Aðalsteinsson rekstrarhagfræðingur ráðinn framkvæmdastjóri. Á næstu árum var daglegum rekstri sjóðsins, þeim málefnum sem stjórn hans hafði ekki með höndum, fyrst og fremst sinnt af honum, Jóhönnu Engilbertsdóttur fjármála- og rekstrarstjóra og Margréti Þórisdóttur orlofs- og þjónustufulltrúa. Einkenndist rekstur sjóðsins af mikilli og náinni samvinnu þessara starfsmanna og stjórnar sjóðsins, ekki síst stjórnarformanns.[27]

Eins og fram hefur komið, og á enn eftir að koma betur í ljós hér á eftir, varð rekstur OBHM stöðugt umfangsmeiri með árunum. Frá því að umræddur þjónustusamningur var gerður árið 2002 og til ársins 2011 fjölgaði félagsmönnum OBHM um 75%, rekstrartekjur hækkuðu um 164% og útleiga húsa færðist yfir á alla mánuði ársins. Álagið á starfsmennina varð því stöðugt meira eftir því sem árin liðu. Jóna Jónsdóttir hafði verið ráðin árið 2004 sem móttökufulltrúi til BHM en OBHM greiddi ekki hluta launa hennar. Þetta varð til þess að á árinu 2011 var byrjað að undirbúa endurskoðun þjónustusamningsins milli BHM og OBHM. Var viðauki við hann undirritaður 9. október 2012 en gilti frá byrjun þess árs. Samkvæmt viðaukanum var hlutfall OBHM í launum orlofsfulltrúa OBHM hækkað úr 65% í 100%, annarra þjónustufulltrúa úr 10% í 25% og afgreiðslufulltrúa úr 0% í 20%. Hlutfall annarra starfsmanna var óbreytt.[28] Stöðugildin eru því orðin tvö.

Í mars 2015 tók Gissur Kolbeinsson viðskiptafræðingur við stöðu fjármálastjóra af Jóhönnu Engilbertsdóttur og Margrét Þórisdóttir viðskiptafræðingur varð rekstrarstjóri orlofssjóðsins. Í mars 2017 tók Erna Guðmundsdóttir lögfræðingur við af Stefáni Aðalsteinssyni sem framkvæmdastjóri BHM og OBHM.

**Aukin tækni við móttöku umsókna**

Árið 1999 keypti sjóðurinn nýjan hugbúnað af Ax hugbúnaðarhúsi til þess að halda utan um umsóknir félagsmanna sinna um orlofshús og íbúðir. Hann var kallaður Hannibal. Í ágúst sama ár var sett upp ný heimasíða fyrir BHM og OBHM. Þá gátu félagsmenn kynnt sér hvaða kostir voru í boði í orlofsmálum en gátu þó ekki bókað hús eins og til hafði staðið að hægt yrði að gera þannig að áfram þurftu sjóðfélagar að senda inn skriflega beiðni eins og verið hafði frá upphafi. Í orlofsblaði *BHM-tíðinda* hvers árs í febrúar var ávallt blaðsíða með öllum orlofstilboðum sem hægt var að merkja við og senda skrifstofu sjóðsins. Áfram var unnið að því að bæta heimasíðuna og

árið 2003 var tekinn í notkun nýr gagnvirkur orlofsvefur og var þá í fyrsta sinn hægt að bóka og greiða með korti á netinu.[29] Í tengslum við nýja vefinn var horfið frá K-stigum yfir í punktakerfi við leigu orlofshúsa eins og áður hefur komið fram. Fyrsta sumarið sem hægt var að panta og greiða rafrænt bárust 733 umsóknir, þar af 477 rafrænt en 256 á pappír. Ári seinna voru umsóknirnar 834, þar af 734 rafrænt en 100 á umsóknarblaði. Árið 2005 bárust aðeins tíu umsóknir á pappír. Fólk var því fljótt að tileinka sér nýja tækni. Ef umsækjandi greiddi ekki á tilsettum tíma fór viðkomandi hús í biðlistaúthlutun eða aftur út á vefinn.

Enn var tæknin bætt. Árið 2005 var keypt ný viðbót við Hannibal og gátu sjóðfélagar eftir það keypt niðurgreidda hótelmiða á netinu. Fimm árum seinna var vefurinn aftur uppfærður og í kjölfarið var honum breytt á þann hátt að til þess að komast inn á hann þurfti umsækjandi að nota rafræn skilríki eða veflykil ríkisskattstjóra í stað kennitölu og netfangs áður. Var það gert vegna ábendinga frá Persónuvernd.[30]

Á þessum árum var með ráð og dáð reynt að gera OBHM og alla þá orlofsmöguleika sem sjóðurinn bauð upp á eins sýnilega og aðgengilega eins og hægt var. Árið 2009 var heimasíða sjóðsins þýdd á ensku. Fjórum árum seinna komu „mínar síður“ til sögunnar og árið 2014 var þeim breytt svo félagar gætu skráð sig á netfangalista OBHM. Sama ár var stofnuð fésbókarsíða sjóðsins: Orlofssjóður BHM.

**Orlofsvikur, úthlutanir og nýting húsa**

Sumarið 1999 stóðu 45 hús og íbúðir innanlands og utan sjóðfélögum OBHM til boða. Á næstu árum var farið að tilgreina framboðið í leiguvikum. Sumarið 2003 voru 527 leiguvikur í boði á 16 stöðum innanlands og 23 vikur erlendis á tveimur stöðum. Umsóknir voru 733. Árið eftir sóttu 834 sjóðfélagar um 550 leiguvikur innanlands. Um 460 fengu úthlutun, allt að 20 fleiri en árið 2003. Sumarið 2005 voru umsóknirnar 885 en 477 fengu úthlutun. Nýting húsanna þótti mjög góð en þá var hún 98,4%.[31] Umsóknum fjölgaði ekki alltaf milli ára heldur voru stundum nokkrar sveiflur. Til dæmis voru umsóknirnar 765 sumarið 2006, 120 færri en árið á undan.

Sumarið 2008 voru 47 hús og íbúðir í öllum landshlutum innanlands í boði og fimm erlendis. Vikurnar innanlands voru 653 og 75 erlendis. Þá var orðin sú breyting að hér heima var hægt að leigja hús allt árið en sem fyrr var eftirspurnin mest á sumrin og á páskum og þá fengu færri en vildu. Erlendis voru íbúðirnar flestar leigðar frá maí til september en þó var sjóðurinn með eina íbúð á Vesterbrogade í Kaupmannahöfn til ráðstöfunar allt árið. Í heild urðu umsóknirnar 979. Af þeim fengu 53% úthlutun. Nýting orlofshúsnæðisins var um 98%.

Sumarið 2009 voru 797 vikur í boði, 707 innanlands og 90 erlendis. Húsin voru 60 hér heima, fyrir utan hús í skiptileigu, og sex erlendis. Alls bárust 1435 umsóknir um hús og íbúðir innanlands. Af þeim fengu 39% jákvætt svar. Um orlofsíbúðir erlendis voru umsóknirnar 114 en 77 fengu úthlutun.[32]

Við sumarúthlutun innanlands árið 2010 bárust 1704 umsóknir. Til ráðstöfunar voru 67 hús og íbúðir. Leiguvikurnar voru 774. Þá fékk 621 umsækjandi jákvætt svar. Nýting húsanna var sem fyrr 98%. Um íbúðir erlendis bárust 135 umsóknir um þær 58 vikur sem voru í boði og fengu 56 úthlutun. Á páskum það ár á Íslandi voru 42 hús í boði. Umsóknir um þau voru 212 en 39 fengu. Nýtingin var 98% innanlands og 100% erlendis.

Eins og við er að búast fækkaði umsóknum um orlofsíbúðir erlendis fyrst eftir bankahrunið árið 2008. Þær voru 205 árið 2008 en 114 árið 2009 þegar þær urðu fæstar. Árið 2010 bárust 135 umsóknir og árið 2011 voru þær 179. Á páskum það ár bárust sjóðnum 220 umsóknir um þau 42 hús sem voru í boði innanlands. Um sumarið bárust 1622 umsóknir um 77 orlofshús og íbúðir en 650 fengu úthlutun.[33]

Sumarið 2012 gátu sjóðfélagar OBHM sótt um 80 hús og íbúðir innanlands og sjö erlendis. Vikurnar voru 877 innanlands; 1395 umsóknir bárust en 663 fengu úthlutun. Erlendis voru vikurnar 95; 252 umsóknir bárust en 95 fengu.

Umsóknum um innlend orlofshús sumarið 2013 fækkaði nokkuð frá fyrra ári, voru þá 1209. Í boði voru jafnmörg hús og árið 2012; 657 fengu úthlutun. Um níu íbúðir erlendis bárust 340 umsóknir en 125 fengu.

Sumarið 2014 var boðið upp á 86 orlofskosti innanlands og tíu íbúðir og hús erlendis. Umsóknir innanlands voru 1332 en 630 fengu. Um erlendu kostina barst 361 umsókn en 139 fengu. Könnun það ár sýndi að 41,1% félagsmanna voru viðskiptavinir sjóðsins.[34]

Framboð orlofshúsa árið 2015 var svipað og árið á undan. Vikur innanlands voru 934 og 152 í fjórum löndum erlendis. Umsóknir innanlands voru 1640 og erlendis 448. Nýting innanlands sumarið 2015 var 97,3% og 95,1% erlendis.

Á páskum 2016 sóttu 407 um orlofshús hér heima en 44 fengu úthlutun. Um sumarið voru 82 hús og íbúðir innanlands í boði og sjö erlendis. Leiguvikurnar voru samtals 1007, 906 innanlands og 101 erlendis. Um útlönd sóttu 311 en 94 fengu. Um orlofskostina innanlands sóttu 1744 en 673 fengu úthlutun. Nýtingin reyndist vera 98,6%.

Frá árinu 1997 til ársloka 2016 hafa rekstrartekjur OBHM af útleigu orlofshúsa, eigin húsa og endurleigðra, numið 61% af rekstrarkostnaði þeirra.



*Hluti orlofslands OBHM í Brekkuskógi.*

## 4.6 Orlofshús og íbúðir í eigu sjóðsins

**Yfirlit**

Á tímabilinu 1999–2016 hélt OBHM áfram þeirri stefnu sem mörkuð hafði verið fyrir 1999. Uppbyggingu í Brekkuskógi var haldið áfram af krafti, á fjórum öðrum svæðum átti sjóðurinn eitt til sex hús lengst af og nokkrar íbúðir í Reykjavík og á Akureyri. Að Brekkuskógi undanskyldum var megináherslan lögð á að leigja hús og íbúðir um land allt og framleigja þær sjóðfélögum en árið 2016 keypti sjóðurinn þrjú hús á nýjum stað skammt ofan Akureyrar og eitt í Borgarfirði.

Síðasta A-húsið var reist í Brekkuskógi í byrjun níunda áratugarins og voru þau þá orðin 17, þó ekki öll í eigu OBHM fyrr en seinna. Fljótlega var byrjað að lagfæra þau og seinna að endurbyggja þau að verulegu leyti. Á sama tíma voru byggð ný og öðruvísi hús: þrjú B-hús árið 1989, sex C-hús á árunum 1998–2000 og eitt árið 2007, eitt D-hús árið 2007, tvö E-hús á árunum 2011–2012 og tvö F-hús 2014–2015.

Eins og fram kom í þriðja kafla eignaðist OBHM land á Núpum í Aðaldal árið 1985 og reisti þar eitt hús árið 1992. Seinna urðu þau fleiri og í árslok 2016 voru þau sex. Svipaða sögu er að segja af Miðhúsum við Egilsstaði. Þar eignaðist sjóðurinn eitt hús árið 1995 en á þar nú fjögur orlofshús. Í Hraunvéum við Hreðavatn í Borgarfirði eignaðist sjóðurinn fjögur hús árið 2008 en seinna keypti hann þar tvö til viðbótar.

Frá árinu 1996 til ársins 2013 átti OBHM eitt hús í Svignaskarði í Borgarfirði en þá var það selt. Þess í stað beindust sjónir stjórnenda sjóðsins að nýju orlofshúsasvæði ofan við Akureyri, Hálöndum, og árið 2016 eignaðist sjóðurinn þar þrjú hús.

Árið 1983 eignaðist sjóðurinn íbúð á Akureyri og hefur átt þar íbúð síðan að árunum 1995–1999 undanskyldum. Í Reykjavík eignaðist sjóðurinn íbúð um svipað leyti og fyrir norðan og á þar nú þrjár íbúðir.

Eins og fram kemur í töflu 2 átti OBHM 51 orlofshús í árslok 2016, fjórar íbúðir, þjónustumiðstöð og gufubað. Samanlögð stærð þessara eigna var 3713,0 fermetrar og brunabótamat þeirra rúmir 1,2 milljarðar króna.[35]

Hlutfallsleg skipting fjárfestinga OBHM 1989–2016 er sýnd á myndriti 5. Þar sést að fjárfestingin hefur mest beinst að uppbyggingu orlofshúsa í Brekkuskógi. Til uppbyggingarinnar þar hefur sjóðurinn varið 53% tekna sinna. Er það samkvæmt stefnu sem mörkuð var strax á fyrstu starfsárum sjóðsins um miðjan áttunda áratuginn.

**Brekkuskógur**

Þegar frá var horfið í síðasta kafla var nýlokið við að byggja fjögur hús af C-gerð í Brekkuskógi og voru þá orlofshúsin á svæðinu 24, þar af 21 í eigu OBHM. Þau þrjú hús sem enn voru í eigu aðildarfélaga sjóðsins, raunar fyrrverandi aðildarfélaga, eignaðist sjóðurinn á árunum 1999–2001. Árið 1999 keypti hann A-hús númer 10 af Lögmannafélagi Íslands og ári seinna hús númer 2 og 9 af Orlofsheimila-

***Tafla 2. Fasteignir OBHM 31.12. 2016***

| Eign | Fjöldi | Stærð í m² | Brunabótamat, m. kr. |
|---|---|---|---|
| Þjónustumiðstöð og gufubað | 1 | 302,2 | 80.350.000 |
| Orlofshús í Brekku | 32 | 1879,6 | 687.116.000 |
| Orlofshús í Aðaldal | 6 | 301,2 | 110.250.000 |
| Orlofshús á Miðhúsum | 4 | 244,0 | 51.500.000 |
| Orlofshús við Hreðavatn | 6 | 346,7 | 96.150.000 |
| Hálönd í Hlíðarfjalli | 3 | 326,1 | 127.300.000 |
| Íbúðir | 4 | 313,2 | 77.830.000 |
| | **56** | **3713,0** | **1.230.496.000** |




**Myndrit 5.**
**Fjárfestingar OBHM 1989–2016**
Heimild: Skjs. OBHM. Ársreikningur 2016.

sjóði lækna. Samningurinn tók gildi 1. janúar 2001. Samkvæmt honum fengu læknar leigurétt að öðru húsinu næstu árin.[36]

Vorið 2000 var boðin út smíði tveggja húsa af sömu gerð og byggð voru árið 1998 eftir teikningu Ásmundar Jóhannssonar. Þau voru 50 fermetra C-hús með svefnlofti, númer 29 og 30, og tekin í notkun í júlí. Þau voru bæði með heita potta eins og nýjustu húsin en vegna þeirra var á þessum árum stöðugt vinsælla að leigja hús utan sumartímans. Var þá svo komið að fólk sóttist eftir pottahúsum í Brekkuskógi allt árið en einnig var um heilsársleigu að ræða í Svignaskarði, á Akureyri og í Reykjavík. Sama ár var hús nr. 23 endurbætt fyrir hreyfihamlaða en ári fyrr hafði aðgengi fyrir þá að húsinu verið bætt verulega. Voru orlofshúsin í Brekkuskógi þá orðin 26 og var sá fjöldi óbreyttur til ársins 2007.[37]

Á árunum 2001–2007, þegar engin ný hús voru reist í Brekkuskógi, var tíminn notaður í ýmsa aðra uppbyggingu og endurbætur. Sumarið 2000 var ný kaldavatnshola virkjuð sem jók mjög á öryggið með vatnsöflun og í september 2003 yfirtók Orkuveita Reykjavíkur Hitaveitu Hlíðamanna, og þar með samning OBHM við það fyrirtæki. Í kjölfarið var gerður samningur við Orkuveituna um endurnýjun lagna og meira heitt vatn. Hefur framboð á því verið nægilegt síðan.[38] Á sama tíma voru leiktæki endurnýjuð.

Vegna fjölda áskorana var ákveðið árið 2001 að kaupa sjónvörp í öll húsin en fram að því hafði það verið ákvörðun sjóðstjórnar að orlofshúsin skyldu vera án þeirra. Á sama tíma hófst endurnýjun A-húsanna með það að markmiði að hægt væri að leigja þau allt árið eins og nýrri hús. Þau voru meðal annars einangruð betur og þétt; gólf og þök endurnýjuð og sett í þau hitaveita eins og í nýju húsunum. Verandir voru stækkaðar og heitir pottar settir upp við húsin. Einnig voru allar lagnir endurnýjaðar og umhverfi húsanna lagað. Útbúnir voru neyðarútgangar af loftum húsanna með brunastigum sem hægt er að setja út um glugga í neyðartilfellum. Á sama tíma voru gæludýr leyfð til reynslu í einu húsi. Það reyndist strax vinsælt og að fáum árum liðnum voru gæludýrahúsin orðin þrjú, auk nokkurra orlofshúsa á öðrum stöðum.

Um aldamótin voru sum af elstu húsunum komin með nöfn. Árið 2003 voru samþykkt nöfn á þau hús sem enn voru nafnlaus. Segja má að Brekkuskógur skiptist þá í tvö hverfi, það eldra með A-húsunum og það yngra með B- og C-húsum. Ákveðið var að eldra hverfið yrði kallað Skógar og nöfn allra húsanna voru látin enda á „skógur“. Hús númer 1 fékk t.d. nafnið Forniskógur. Yngra hverfið var kallað Brekkur og þar voru húsanöfnin látin enda á „brekka“. Elsta húsið þar fékk t.d. nafnið Vinabrekka.[39]

Á sama tíma og unnið var að endurbótum A-húsanna fór stjórn OBHM að undirbúa byggingu nýrra húsa. Pétur Jónsson landslagsarkitekt var fenginn til að gera skipulagsteikningu að Brekkuskógi og í kjölfarið átti hann að gera deiliskipulag fyrir svæðið. Þá kom í ljós að pappírar varðandi samþykkt deiliskipulag svæðisins frá upphafsárunum voru hvergi finnanlegir. Pétur varð því að teikna svæðisskipulagið frá grunni og tafði það framkvæmdir nokkuð. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti nýja deiliskipulagið 12. júlí 2005. Það gerði ráð fyrir frístundabyggð á 25,6 hekturum og leyfði byggingu 16 húsa til viðbótar þeim sem fyrir voru.[40]

Á meðan unnið var að því að fá deiliskipulagið staðfest leitaði stjórn OBHM til tveggja arkitekta með beiðni þess efnis að þeir settu fram hugmyndir að nýjum húsum. Annar þeirra var Ásmundur Jóhannsson hjá teiknistofunni ARKO sem teiknaði C-húsin og byggð voru árið 2000. Árið 2005 var einnig haft samband við teiknistofuna Arkibulluna. Hún gerði frumdrög að nýrri húsagerð þar sem haft var að leiðarljósi að á svæðinu yrðu hönnuð rúmgóð einnar hæðar hús sem væru nánast viðhaldsfrí. Eftir miklar vangaveltur voru teikningar Arkibullunnar lagðar til hliðar, að minnsta kosti í bili, og ákveðið að byggja hús á neðra svæðinu í Brekkuskógi, sunnan við neðsta B-húsið, sem væru sem mest í samræmi við þau hús sem þar voru fyrir. Samið var við Ásmund Jóhannsson um að fullgera teikningar að einu litlu húsi og öðru stærra.[41] Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. annaðist verkfræðiteikningar og Pétur Jónsson hjá Landark hannaði lóð og nærumhverfi.



*Hús 40 í Brekkuskógi, Blómabrekka. Það var tekið í notkun sumarið 2007.*

Til stóð að bygging húsanna yrði boðin út í maí 2006 og að byrjað yrði á þeim í ágúst. Útboðið tafðist þó fram í september. Sex tilboð bárust og var samið við Stoðverk ehf. á Selfossi 5. október. Vinna hófst 9. október og smíðinni lauk vorið eftir. Húsin voru vígð og sýnd 2. júní 2007 en við sama tækifæri var haldið upp á 30 ára starfsafmæli sjóðsins með myndasýningu, veitingum, ávörpum og söng. Húsin fóru í leigu um sumarið. Minna húsið er C-hús, númer 40, og heitir Blómabrekka. Það er 60 fermetra timburhús með svefnlofti, með liggjandi vatnsklæðningu og byggt á steyptum sökklum og gólf steypt til að tryggja betri endingu. Gólfhiti er í öllu húsinu og eru neysluvatnslagnir í rörakerfi. Í kringum húsið er sólpallur úr timbri. Stærra húsið er af D-gerð. Það er númer 41 og var gefið nafnið Fagrabrekka. Það er 124 fermetrar með svefnlofti fyrir tíu manns, stærra hús og veglegra en áður hafði verið byggt. Fagrabrekka er timburhús með liggjandi vatnsklæðningu og byggt á steyptum sökkli. Gólfhiti er í öllu húsinu og eru neysluvatnslagnir í rörakerfi. Í kringum húsið er sólpallur úr timbri og hellulögn. Bæði húsin voru hönnuð með tilliti til lítils viðhalds. Í þeim voru uppþvottavélar og þvottavélar og var það nýbreytni sem tekin var upp fljótlega í eldri húsum.[42]

Til þess að gera Brekkuskóg aðlaðandi orlofs- og útivistarsvæði þurfti að huga að fleiri málum en húsbyggingum. Í júní 2003 gaf OBHM út litprentaðan kynningarbækling um svæðið, *Orlof í Brekkuskógi*, og vorið 2005 gaf hann út göngukort í samvinnu við Tímaritið ehf./Útiveru. Á því var gerð grein fyrir 12 gönguleiðum í nágrenninu og á nálæg fjöll. Ári seinna voru sett upp skilti, eitt við upphaf hverrar leiðar. Á sama tíma var farið að huga að þráðlausum Nettengingum í húsin. Ákveðið var að láta nægja fyrst um sinna að bjóða upp á þráðlaust netsamband í þjónustumiðstöðinni en bíða með sjálf orlofshúsin. Sambandið komst á árið 2007 í miðstöðinni en einnig í húsunum í Hraunvéum og íbúðunum í Reykjavík og á Akureyri. Tveimur árum seinna voru leiksvæðin í Brekkuskógi endurnýjuð samkvæmt tillögum frá Pétri Jónssyni landslagsarkitekti sem tóku mið af ISO stöðlum.[43]

Í kjölfar stefnumótunarfundar árið 2009 samþykkti stjórn OBHM að stefnt skyldi að úreldingu A-húsanna og að í stað þeirra yrðu byggð hús úr varanlegri efnum sem krefðust lítils viðhalds. Jafnframt var ákveðið að fá Pétur Jónsson til að vera með í ráðum varðandi staðarval og umhverfi nýrra húsa. Hann hóf undirbúning verksins þegar í stað og í nóvember var samþykkt að fara að tillögum hans og byggja næst tvö hús á lóðum nr. 18 og 19 efst og nyrst í eignarlandinu. Í kjölfarið voru skoðaðar nokkrar ólíkar húsagerðir með þremur arkitektastofum og á endanum var gengið til samninga við þær Hólmfríði Ósmann Jónsdóttur og Hrefnu Björg Þorsteinsdóttur hjá teiknistofunni Arkibúllunni sem nokkrum árum áður höfðu unnið að tillögum fyrir sjóðinn.[44] Teikningar lágu endanlega fyrir síðsumars 2010. Fyrirtækið Ferill sá um verkfræðiteikningar og Verkhönnun um raflagnateikningar. Um miðjan september samþykkti stjórnin hvaða verktökum var boðið að bjóða í smíði húsanna sem skyldi lokið í síðasta lagi 17. júní 2011. Verkfræðistofa Suðurlands var ráðin til að hafa eftirlit með framkvæmdum. Tilboð voru opnuð 28. september. Níu tilboð bárust og reyndist það lægsta vera frá Smíðandi



*Hús 41, Fagrabrekka. Húsið, sem er D-hús, var vígt sumarið 2007 og var þá stærsta orlofshúsið í Brekkuskógi.*



*Vistleg stofan í Fögrubrekku.*

*Hús 19, Fjallaskógur. Húsið var tekið í notkun árið 2012 og er glæsilegt í alla staði.*






*Stofan í Fjallaskógi.*

ehf. á Selfossi, 86.780.572 krónur fyrir tvö hús, vegagerð, lagnavinnu og frágang lóða. Því var tekið og voru samningar undirritaðir 19. október en ekki var lokið við að ganga frá þeim fyrr en í nóvember.[45]

Þegar kom fram á vor 2011 var orðið ljóst að verkáætlun stóðst ekki og verktaki bað um frest til 15. október. Hann bar því við að húsin væru flókin, vandasöm og krefjandi í byggingu og að veðurfar hefði verið óhagstætt og jafnvel valdið skemmdum á sökklum. Því er við að bæta að arkitektar húsanna höfðu lýst þeirri skoðun sinni að verktími hefði verið áætlaður of stuttur. Nýir samningar miðuðust við það að fyrra húsinu yrði skilað 15. september og hinu 15. október. Lokafrágangur húsanna og lóðanna tafðist þó fram eftir árinu 2012 en samt sem áður var hægt að taka annað húsið í notkun í nóvember 2011 og hitt í febrúar 2012.

Hús númer 18 fékk nafnið Háiskógur og hús númer 19 Fjallaskógur. Þau eru einkennd sem E-hús og eru 95 fermetra, fjögurra herbergja steinsteypt hús á einni hæð. Þau eru að hluta til með steypta veggi með steyptri þakplötu og að hluta til með timburveggi með timburþaki. Í einu herbergjanna er tvíbreitt rúm, í öðru eru kojur og í því þriðja eru kojur þar sem sú neðri er ein og hálf rúmbreidd. Opið er á milli eldhúss og stofu. Borðbúnaður er fyrir tíu manns. Í baðherbergi er þvottavél og þurrkskápur. Gengið er út af baðherbergi að heitum potti. Húsin voru hönnuð með það í huga að viðhald yrði lítið og haft var að leiðarljósi að þau væru sem mest byggð úr íslenskum efnum. Svo vel þótti hafa tekist til við hönnun húsanna og byggingu að þau voru tilnefnd til menningarverðlauna *DV* í flokki byggingarlistar árið 2012. Í texta með tilnefningunni sagði:

> Útkoman ber vitni um gott samstarf milli eigenda, byggingaraðila og arkitekta sem skilar sér í metnaðarfullri byggingarlist sem varpar fersku ljósi á þá möguleika sem eru til staðar í íslenskri orlofshúsamenningu. Meginbyggingarefni er steinsteypa sem telst óhefðbundið sé tekið mið af ráðandi stíl klassískra íslenskra orlofshúsa. Önnur byggingarefni og innanstokksmunir eru eftir megni íslensk. Má þar nefna náttúrustein, lerki, auk úrvals íslenskra húsgagna. Afurðin er hlýleg og margslungin vistarvera sem er í senn grófgerð og fáguð í efnismeðferð, rýmisskipan og formbyggingu.[46]

Um líkt leyti og bygging E-húsanna stóð sem hæst voru lyklaskápar settir upp utan á húsunum í Brekkuskógi og frá árinu 2011 hafa orlofsgestir getað nálgast lykla að húsunum í lyklaskápunum en fram að því voru þeir sóttir til umsjónarmanns. Samskonar lyklaskápar voru settir upp á flestum öðrum stöðum í eigu sjóðsins.

Á sama tíma var samþykkt að ganga til samstarfs við ALTA ehf. varðandi umhverfisstefnu sem stjórn OBHM sýndi vaxandi áhuga. Stofnaður var starfshópur til að

sinna verkefninu í samvinnu við fyrirtækið sem lagði fram sérstaka verkefnistillögu: „Umhverfisstarf orlofshúsa BHM“. Hún tók til alls sem viðkom húsunum og umhverfi þeirra: orkunotkun, umgengni, innkaupum, viðhaldi, úrgangi og fleiri þáttum.[47]

Á árunum 2011–2012 voru C-húsin tekin í gegn, skipt um borðefni og gólfefni og keypt ný heimilistæki. Ennfremur voru geymslur einangraðar og keyptir ísskápar sem staðsettir eru í geymslunum. Á sama tíma var mikið rætt um ástand A-húsanna og stjórn OBHM velti stöðugt fyrir sér spurningunni hvað gera skyldi við þau. Tvær verkfræðistofur voru fengnar til þess að gera úttekt á þeim. Niðurstöður þeirra beggja voru á þá leið að húsin væru orðin léleg og að þau uppfylltu ekki þær kröfur sem fólk gerði almennt núorðið til sumarbústaða, baðherbergin væru lítil, bara eitt gott svefnherbergi væri í hverju húsi en hitt mjög lítið. Hagkvæmast væri því að byggja ný hús í stað A-húsanna; selja þau gömlu smám saman til flutnings af svæðinu til að rýma til fyrir nýjum húsum. Einnig kom fram að til greina gæti komið að stækka og gera upp eitt hús til prufu og sjá svo til með hin seinna. Stjórnin hafði Pétur Jónsson landslagsarkitekt og arkitekta Arkibúllunnar með í ráðum og báðir aðilar komu fram með hugmyndir um breytingar á húsunum.[48]Að lokum var ákveðið að efna til hugmyndasamkeppni um ný orlofshús til að fá heilsteyptar, faglegar og hagkvæmar tillögur að orlofshúsum í stað elstu A-húsanna. Fjórar arkitektastofur voru valdar vegna útboðsins. Skila átti tillögum 15. nóvember 2012. Dómnefnd var skipuð tveimur einstaklingum úr stjórn OBHM, Eyþóru Kristínu Geirsdóttur og Unni V. Ingólfsdóttur, og aðkeyptum ráðgjafa sem var Gylfi Guðjónsson arkitekt. Pétur Jónsson starfaði með nefndinni og hafði umsjón með vinnu vegna útboðslýsinga. Þarfagreining og viðhorfskönnun meðal sjóðfélaga í ágúst sýndi að meiri hluti þeirra vildi tveggja til þriggja herbergja hús á einni hæð.

Útboðsgögnin voru send út í september. Í lýsingu verkefnisins kom meðal annars fram að húsið skyldi vera hagkvæmt í byggingu og viðhaldslítið. Það skyldi falla vel að náttúru og umhverfi. Huga ætti að vistvænum innlendum byggingarefnum, hönnunin vera íslensk og byggingin teljast góð byggingarlist. Heildarstærð mátti ekki fara yfir 100 $m^2$ brúttó. Miðað var við einnar hæðar hús og að hvert hús kostaði ekki meira en 30 milljónir króna miðað við fullbyggt hús án húsbúnaðar. Innra fyrirkomulag skyldi vera þannig að alrými yrði í góðum tengslum við útiverönd og óskað var eftir að fá tillögu sem sýndi annars vegar tveggja herbergja hús og hins vegar þriggja herbergja. Líka var beðið um að baðherbergi með sturtu væri í tengslum við heitan pott á skjólgóðri verönd.[49]

Niðurstaða dómnefndar var kynnt á stjórnarfundi 19. desember. Hún valdi tillögu Pálmars Kristmundssonar hjá PK Arkitektum ehf. sem vinningstillögu. Í niðurstöðu nefndarinnar sagði: „Góð byggingarlist, ágæt aðlögun að landi, einfalt, lágstemmt en áhrifamikið hús. Þrátt fyrir lítilsháttar hnökra svo sem háan suðurglugga felur tillagan í sér þróunarmöguleika sem gefa góð fyrirheit um framhaldið.“[50] Samkomulag varð um það að dómnefndin ynni áfram að nánari útfærslu vinningstillögunnar með höfundi.

Í febrúar 2013 ákvað stjórnin að stefnt yrði að því að byggja allt að fjögur ný hús í stað A-húsanna og var helst um það rætt að úrelda hús númer 8, 15 og 16 til að byrja með. Á næstu mánuðum var jöfnum höndum unnið að hönnun nýju húsatýpunnar og að finna nýbyggingunum sem bestan stað á landinu sem átti að rýma. Meðan á því ferli stóð breyttust hugmyndir stjórnarinnar töluvert. Snemma í október samþykkti hún að bjóða út smíði tveggja nýrra húsa en féll frá fyrri hugmynd um að úrelda A-húsin. Þess í stað var ákveðið að endurbyggja eitt þeirra og var litið á það sem tilraunarverkefni. Eftir þetta fór í gang tvöföld undirbúningsvinna, annars vegar við nýju húsin og hins vegar við A-húsin. Fyrst skal greint frá nýju húsunum.

PK Arkitektar ehf. fékk Verkfræðistofuna Þráinn og Benedikt ehf. til að annast verkfræðiteikningar



*F-húsin voru byggð á árunum 2014–2015. Þau heita Lerkibrekka og Laufbrekka. PK arkitektar hlutu menningarverðlaun DV 2015 í flokknum „arkitektúr“ fyrir hönnun húsanna.*




*Kort af orlofsbyggðinni í Brekkuskógi.Vinstra megin á eldri lóð sjóðsins eru A-húsin og E-húsin en hægra megin eru B-hús, C-hús, D-hús og F-hús.*

og Verkhönnun ehf. til að sjá um raflagnir húsanna, tveimur 96 fermetra þriggja herbergja timburhúsum fyrir átta gesti. Þeim var valinn staður á lóðum númer 37 og 38 sem eru neðst á svæðinu.

Útboðsgögn voru send út 7. febrúar 2014 og tilboðin voru opnuð tveimur vikum seinna. Fjögur tilboð bárust og var lægsta tilboðið frá fyrirtækinu Smíðanda á Selfossi í bæði húsin, samtals 106.804.504 krónur. Samningur við fyrirtækið var undirritaður 14. mars 2014. Afhenda átti húsin í nóvember og desember en afhendingin dróst til vors 2015.[51] Hús númer 37 hlaut nafnið Lerkibrekka og er gæludýrahús. Hitt húsið fékk nafnið Laufbrekka. Þau eru auðkennd sem F-hús. PK arkitektar hlutu menningarverðlaun *DV* 2015 í flokknum „arkitektúr“ fyrir húsin.

Víkur þá sögunni að A-húsunum. Í ársbyrjun 2014 var samþykkt að breyta húsi númer 9 að innan og sá Eiríkur Jón Ingólfsson um framkvæmdir. Allt var tekið í gegn, gólf, bað, herbergi og eldhús. Ný eldhúsinnrétting var sett upp í húsinu. Hjónaherbergi var stækkað ásamt baðherbergi með því að taka burtu litla herbergið sem var á neðri hæðinni. Einnig voru sett tvö rúm á efri hæð ásamt aukadýnum. Loks voru keypt ný húsgögn í húsið. Framkvæmdum lauk í apríl og breytingin þótti takast svo vel að ákveðið var að halda áfram á sömu braut og leita tilboða í breytingu tveggja húsa á árinu, númer 2 og 3, og tveggja árið 2015, númer 10 og 11. Þessi áform gengu eftir og veturinn 2015–2016 voru ennfremur byggðar útigeymslur við húsin sem búið var að stækka. Öll þessi sex endurnýjuðu hús voru leigð til sjóðfélaga sumarið 2016.[52] Haustið 2016 var svo samþykkt að gera upp hús númer 1, 4, 14 og 17 á árinu 2017.

Stjórn OBHM hafði fleiri framkvæmdir á verkefnalista sínum á árunum 2013–2016 en byggingu F-húsanna og stækkun A-húsanna. Löngu þótti orðið vanta vélaskemmu eða áhaldahús í Brekkuskógi og 12. nóvember 2013 var samþykkt að hefja undirbúning að byggingu 120 fermetra skemmu austan við bílaplanið, andspænis þjónustumiðstöðinni. Þessum áformum mótmælti eigandi jarðarinnar Brekku og varð það þess valdandi að verkið tafðist. Breyting á deiliskipulagi lóðarinnar var loks samþykkt 7. maí 2015 og birt í B deild *Stjórnartíðinda* 9. september en breytingin var kærð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í október. Áfram var þó haldið við hönnun hússins sem lauk að mestu í árslok 2016. Það er teiknað af Sigríði Maack og Ingunni Hafstað hjá ARTIKA arkitektum. Áformað er að það verði byggt árið 2017.

Á stefnumótunarfundi í september 2015 var samþykkt að bæta aðstöðu til útiveru í Brekkuskógi, auka leikja- og afþreyingarmöguleika og endurskipuleggja Brekkuþing. Skyldi vinna að þessu í tengslum við

áhaldahúsið og var ARTIKA arkitektum falin umsjón verkefnisins. Vegna tafa á framkvæmdum við áhaldahúsið var í mars 2016 ákveðið að bíða með endurbæturnar á þjónustumiðstöðinni um tíma en byrja á útisvæðinu.[53] Sumarið 2016 voru sett upp ný upplýsingaskilti á svæðinu, byrjað á stígagerð og gróðursetningu og vegurinn um orlofssvæðið byggður upp og er ráðgert að hann verði malbikaður árið 2017.

Um árabil var Ormar Þorgrímsson umsjónarmaður OBHM í Brekkuskógi en árið 2013 tók Bragi Finnbogason við starfinu.

**Núpar í Aðaldal**

Á Núpum í Aðaldal er annað stærsta orlofssvæði OBHM en þar var búið að byggja sex sumarbústaði árið 1996. Hús númer 1 heitir Asparlundur, hús númer 2 heitir Einilundur, hús 3 Lerkilundur, hús 4 Kjarrlundur og hús númer 5 heitir Víðilundur. Þessi fimm hús eru öll 45 fermetrar að stærð með svefnlofti yfir hálfri jarðhæð. Svefnpláss eru fyrir allt að átta manns. Hús númer 6 heitir Birkilundur og er 46 fermetrar en án svefnlofts. Húsin eru öll án potta. Þau hafa alltaf verið vinsæl til orlofsdvalar en nýtingin hefur ekki þótt nógu góð þar sem bústaðirnir eru lokaðir yfir vetrarmánuðina.

Ýmsir fleiri eiga sumarbústaði í Aðaldal og í aldarbyrjun stofnuðu þeir með sér félag sem sinnt hefur svæðinu í heild. OBHM hefur átt einn fulltrúa í stjórn þess. Nefna má að félagið setti upp minigolf og hefur staðið fyrir ýmsum framkvæmdum á svæðinu, girt það og látið útbúa sparkvöll. Eitt af verkefnum félagsins var að kanna hagkvæmni þess að leggja hitaveitu um svæðið frá Húsavík. Það mál hefur verið í athugun í mörg ár en ekki orðið af framkvæmdum. Tilboð í verkið hafa þótt of há en dýrt er og erfitt að leggja leiðslur um hraunið sem þekur landsvæðið.

Á liðnum árum hefur þess verið gætt að halda húsunum í Aðaldal vel við og flest hafa þau verið endurnýjuð að töluverðu leyti, nýjar eldhúsinnréttingar settar í þau og gólf endurbætt.



*Eitt af húsunum á Núpum í Aðaldal.*

Ábúendur jarðarinnar Núpa, Sigurður Karlsson bóndi og Sigríður Sigurðardóttir, voru umsjónarmenn orlofshúsa OBHM í Hraunbyggð í fjöldamörg ár. Eftir að Sigurður lést í maí 2010 hafa Karl sonur hans og Sigrún Marinósdóttir, kona hans, haft eftirlit með húsunum.

**Á Miðhúsum við Egilsstaði**

Vorið 2005 voru gasvatnshitunarkerfi í húsunum fjórum á Miðhúsum fjarlægð og gaseldavélarnar. Í staðinn kom rafmagnskynding á vatni og rafmagnseldavélar. Útleiga húsanna hafði alla tíð miðast við sumarmánuðina en árið 2006 var ákveðið að prófa að leigja húsin allt árið til reynslu. Það þótti ekki ganga nógu vel og að ári voru þau aftur aðeins leigð yfir sumarmánuðina.[54]

Á árunum 2009–2010 var ráðist í umfangsmiklar endurbætur á húsunum fjórum. Meðal annars voru baðherbergin endurnýjuð og ný eldhúsinnrétting sett í eitt þeirra. Keyptir voru nýir sófar í öll húsin og sófaborð. Árið 2011 var svo lokið við að leggja hitaveitu í húsin og þá voru allar lagnir endurnýjaðar. Í kjölfarið voru settir upp heitir pottar við húsin og pallar endurnýjaðir með útisturtum.[55] Eftir þessar framkvæmdir, og vegna heita vatnsins og pottanna, var ákveðið að halda einu húsi opnu veturinn 2012–2013. Það gafst vel og síðan hafa húsin verið leigð allt árið.

Árið 2015 var haldið áfram að endurnýja húsin og voru þá og árið 2016 tekin fyrir tvö hús. Nýjar eldhúsinnréttingar settar upp með nýjum eldhústækjum og gólf endurbætt með nýju parketi. Til stendur að endurnýja síðasta húsið veturinn 2016–2017.

Síðustu árin hefur Fjölnir Björn Hlynsson verið umsjónarmaður húsa OBHM á Miðhúsum.

**Hraunvé við Hreðavatn**

Víða eru sumarbústaðasvæði í Borgarfirði. Eitt þeirra er í landi Hraunvéa við Hreðavatn. Þar keypti OBHM fjögur timburhús í janúar 2008 og hafa þau síðan staðið sjóðfélögum til boða allt árið. Húsin eru númer 21, 22, 23 og 24 og heita Bræðraborg, Systraborg, Bjarkarsel og Auðnufell. Þau voru öll byggð árið 1975 og eru 52 fermetrar að stærð með þremur herbergjum. Tvö þeirra voru endurnýjuð töluvert strax í febrúar áður en þau voru boðin til leigu í fyrsta sinn á vegum OBHM. Nýjar eldhúsinnréttingar voru settar í þau, hluti gólfa endurnýjaður með parketi, raflagnir endurnýjaðar og heitir pottar. Einnig var nýr húsbúnaður keyptur. Um haustið var svo ákveðið að fá Pétur Jónsson landslagsarkitekt hjá Landark til þess að koma með tillögur að endurbótum á pöllum og lóðum húsanna. Hann skilaði tillögum sínum í janúar 2009 og seint á árinu var byrjað á verkinu en líka var ráðist í endurbætur

inni í þeim tveimur húsum sem enn höfðu ekki verið tekin í gegn. Þessum framkvæmdum lauk árið 2010. Verktaki var Eiríkur Jón Ingólfsson ehf. í Borgarnesi en eftirlit með verkinu var í höndum Péturs Jónssonar. Unnið var eftir ákveðnu skipulagi og því hægt að leigja húsin út að nokkru leyti.[56]

Á stefnumótunarfundi stjórnar OBHM 25. september 2009 var samþykkt að sækja um leyfi til að byggja ný hús í Hraunvéum, tvö á næstu fimm árum og fimm á næstu tíu árum. Til þess þurfti leyfi stjórnar Hraunvéa sf. en svo heitir félag sumarbústaðaeigenda á svæðinu. Sótt var um leyfið fljótlega en svar barst ekki fyrr en í apríl 2011. Stjórn Hraunvéa hafnaði beiðninni.[57]

Sumarbústaðirnir við Hreðavatn hafa alltaf verið mjög eftirsóttir og þess vegna vildi stjórn OBHM byggja þar fleiri bústaði. Við neituninni var brugðist með þeim hætti að í júlí 2012 keypti sjóðurinn hús númer 29 á svæðinu sem er sömu gerðar og þau hús sem hann átti þar fyrir. Það var lagfært bæði að utan og innan og síðan sett í útleigu. Í byrjun október 2016 keypti svo sjóðurinn sjötta húsið í Hraunvéum, hús númer 10. Það er glæsilegt hús, 65 fermetrar að stærð og því fylgir 24 fermetra gestahús. Í stóra húsinu er gufubað og kamína og heitur pottur á verönd. Svefnaðstaða er fyrir fyrir átta manns. Hraunvé eru því orðin annað stærsta orlofssvæði OBHM ásamt Hraunbyggð í Aðaldal.[58]

**Hálönd í Hlíðarfjalli**

Hálönd í Hlíðarfjalli, skammt ofan við Akureyri, er nýtt orlofssvæði og þar keypti OBHM þrjú hús árið 2016. Það var í byrjun janúar sem stjórn sjóðsins samþykkti að gera tilboð í Hrafnaland 7 í Hálöndum og jafnframt að kaupa mætti fleiri hús seinna á árinu. Hinn 25. janúar bauð sjóðurinn í þrjú hús á svæðinu: Hrafnaland 7 og Holtaland 10 og 12. Tilboðunum var tekið. Fyrst talda húsið átti að afhenda tilbúið í apríl en hin í október og nóvember. Logi Már Einarsson arkitekt hjá Kollgátu ehf. hannaði húsin en það var SS Byggir ehf. sem byggði þau og seldi. Húsin eru öll byggð eftir sömu teikningu, 108,7 fermetra steypt sumarhús á einni hæð. Hvert hús skiptist í þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús með snyrtingu, rúmgott alrými (stofa/eldhús), forstofu og pottrými. Við húsin er upphituð geymsla. Pottrýmið er útbúið svalahurð út á rúmgóðan steyptan sólpall með sólbræðslu. Þök húsanna eru einhalla, steinsteypt, einangruð og klædd þakdúk. Útveggir eru steyptir og einangraðir að utan með steinull. Húsin eru klædd að utan með lituðu stáli, láréttri báru að mestu leyti, en einnig er slétt viðarlíkisklæðning í kringum aðalinngang. Stjórn OBHM lét gera þá breytingu á húsunum að hurð kom í stað glugga á austurhlið og steypt verönd kom við suðausturhorn



*OBHM keypti þrjú orlofshús í Hálöndum í Hlíðarfjalli árið 2016.*



*Húsin í Hálöndum eru glæsileg og frá þeim er útsýni yfir Akureyri.*

þeirra. Heildarkostnaður vegna allra húsanna var 119 milljónir króna.[59]

Orlofssjóðurinn fékk fyrsta húsið, Hrafnaland 7, afhent í lok mars og stóð það sjóðfélögum til boða við sumarúthlutun 2016. Hin húsin voru tilbúin í árslok og byrjað var að leigja þau félagsmönnum veturinn 2016–2017.[60]

**Íbúðir sjóðsins í Reykjavík og á Akureyri**

Þegar frá var horfið í þriðja kafla átti OBHM eina íbúð á Akureyri, 93 fermetra kjallaraíbúð að Hrafnagilsstræti 19. Í Reykjavík átti sjóðurinn einnig eina íbúð, Flyðrugranda 10 sem er á annarri hæð í fjölbýlishúsi. Árið 2005 eignaðist sjóðurinn aðra íbúð í höfuðborginni en þá keypti hann Álagranda 8 sem er 62 fermetrar að stærð á fyrstu hæð í fjölbýlishúsi. Íbúðin skemmdist mikið í vatnstjóni árið 2007 og var þá endurnýjuð.

Snemma árs 2010 var ákveðið að kaupa þriðju íbúðina í Reykjavík. Fyrir valinu varð tveggja herbergja íbúð á fyrstu hæð í fjölbýlishúsi að Neðstaleiti 8 sem er skammt frá Borgarleikhúsinu og Kringlunni. Hún var afhent 1. mars. Nettengingar eru í öllum íbúðum sjóðsins en sjóðfélagar greiða sjálfir fyrir aðgang.[61]

## 4.7 Leiguhús og íbúðir til endurleigu

**Í boði innanlands**

OBHM byrjaði að leigja íbúðir á Akureyri og Egilsstöðum um miðjan níunda áratuginn og endurleigði þær yfir sumarmánuðina á hagstæðum kjörum til sjóðfélaga. Með árunum fjölgaði slíkum leiguíbúðum á sumrin og árið 1999 voru þær sex. Leitast var við að geta boðið íbúðir til leigu sem víðast á landinu og sumarið 1999 bættust við tvö sumarhús á Illugastöðum í Fnjóskadal vegna skiptileigu sjóðsins við aðra sambærilega sjóði eða félög. Einnig var þá í fyrsta sinn hægt að leigja hús í Hrísey. Á Akureyri var boðið upp á nokkrar íbúðir sem sjóðurinn leigði af Félagsstofnun stúdenta, auk eignaríbúðarinnar í Hrafnagilsstræti. Á öðrum stöðum voru flestar þær íbúðir sem greint var frá í þriðja kafla áfram til leigu.

Árið 2000 var íbúð á Vestfjörðum í boði í fyrsta sinn en þá gátu sjóðfélagar leigt hús á Súðavík. Ári seinna var byrjað að bjóða upp á íbúð í Vestmannaeyjum og árið 2003 bættust við Hæðargarðsvatn hjá Kirkjubæjarklaustri, hús í Kjarnaskógi hjá Akureyri og íbúð á Ísafirði. Áfram jukust möguleikarnir og sumarið 2005 var svo komið að leigustaðirnir voru orðnir 19 á landinu. Nýjungar það ár voru íbúðir eða hús við Hreðavatn í Borgarfirði, í Stykkishólmi, á Arnarstapa, í Múla við Dýrafjörð, í Vatnsfirði, á Djúpavogi, Reynivöllum í Suðursveit, Klifabotni við Strandaháls og í Stóruskógum og Munaðarnesi.[62] Í flestum tilfellum voru íbúðirnar á öllum þessum stöðum í boði ár eftir ár en þó kom stundum fyrir að hætt væri við eina og eina íbúð, oftast vegna þess að þær höfðu ekki uppfyllt kröfur sjóðfélaga eða eigendurnir seldu þær eða hættu að leigja þær af öðrum ástæðum.

Sumarið 2009 var í fyrsta sinn boðið upp á orlofshús á Norðurlandi vestra en það var á Ytri-Gröf í Skagafirði og Hábæ. Þar með gátu sjóðfélagar leigt orlofshús eða íbúðir í öllum landsfjórðungum. Næstu tvö sumur bættust við bústaðir á Bíldudal, í Flókalundi, Vatnsfirði, á Blönduósi, í Ólafsfirði, Norðfirði, Eyjafirði og Svarfaðardal. Og þeir staðir sem bæst hafa við á síðustu árum eru Kvígindisdalur, Þingeyri, Svínadalur, Hvalfjarðarsveit, Flókalundur, Hólar í Hjaltadal, Hraun í Öxnadal, Geldingsá í Svalbarðsstrandarhreppi, Gljúfraborg í Breiðdal, Úthlíð, Apavatn, Grímsnes og Hveragerði.

**Orlofskostir erlendis**

Eins og áður hefur komið fram var það meðal fyrstu verka stjórnar OBHM á áttunda áratugnum að auðvelda sjóðfélögum að komast í orlofsferðir til útlanda. Um miðjan níunda áratuginn tók sjóðurinn í fyrsta sinn íbúð í Kaupmannahöfn á leigu og endurleigði hana sjóðfélögum. Árið 1993 bættist við íbúð í París og árið 2001 var boðið upp á íbúð í Alicante á Spáni ásamt fyrrnefndum stöðum.[63]

Árið 2005 var í fyrsta sinn boðið upp á íbúð í Þýskalandi og hægt hefur verið að fá íbúð þar öll sumur upp frá því en ekki alltaf á sama stað. Fyrsta árið var leigð íbúð skammt frá flugvellinum í Friedrichshafen í Bodense-Ailingen og ári seinna líka í Unterraderach. Fyrrnefndi staðurinn er enn í boði.

Sumarið 2008 var valmöguleikunum í Danmörku fjölgað en þá var boðið upp á sumarhús í Otterup á Fjóni og tveimur íbúðum í Kaupmannahöfn bætt við. Löndin voru því þrjú þetta sumar eins og fyrr: Danmörk, Frakkland og Þýskaland en ekki var lengur í boði að leigja íbúð á Spáni.

Bankahrunið haustið 2008 hafði þau áhrif að eftirspurn íbúðanna erlendis reyndist minni á vormánuðum 2009 en áður. Leiguvikur losnuðu um sumarið á öllum stöðunum erlendis en íbúðirnar leigðust ekki út aftur sem var óvanalegt og var það rakið til hrunsins.[64] Þetta varð til þess að sumarið 2010 var fækkað um tvær íbúðir í Kaupmannahöfn og leiguvikum í heild fækkað úr 90 í 62. Árið 2011 var leiguvikunum enn fækkað, úr 62 í 52, leigu hússins í Otterup í Danmörku var hætt en í þess stað boðið upp á hús í Ordrup á Norður-Sjálandi. Aðeins ein íbúð var þá í boði í Kaupmannahöfn, ein í Barcelona á Spáni og sem fyrr íbúðin í Bodense-Ailingen í Þýskalandi.

Sumarið 2012 voru allir sömu kostir í boði en vegna aukinnar eftirspurnar var bætt við einni íbúð í Barcelona og herragarði í Þýskalandi: Villa Lückendorf. Það er stórhýsi með plássi fyrir 12 manns í sjö herbergjum. Villan stendur í útjaðri þorpsins Lückendorf, þar sem um 600 manns búa, við landamæri Tékklands.

Sumarið 2013 bættust við orlofshús í Haldstrand í Danmörku og stórhýsið Myllan í Commissey í Frakklandi. Myllan er 330 fermetrar með átta rúmgóðum svefnherbergjum og mörgum öðrum vistarverum. Commissey er í nokkurra kílómetra fjarlægð frá vínhéruðunum Chablis og Irancy. Það er enn í leigu.

Sumarið 2014 voru allar sömu eignir í boði og áður að viðbættri íbúð í Los Mimosas á Spáni sem er innan við 100 kílómetra frá Alicante. Sumarið eftir var ekki önnur breyting en sú að í stað hússins í Ordrup í Danmörku var boðið upp á nýuppgert 220 fermetra hús í Ringsted, Øvej 10. Þessi orlofshús voru líka í boði sumarið 2016 að undanskyldum íbúðunum í Barcelona sem OBHM gat ekki boðið upp á lengur þar sem yfirvöld borgarinnar höfðu hert reglur um leigu til ferðamanna vegna of mikils ferðamannastraums til borgarinnar.[65]

Leiga allra þeirra orlofshúsa og íbúða sem hér hafa verið nefndar, nema Vesterbrogade 114 í Kaupmannahöfn, hefur frá upphafi verið bundin við sumarmánuðina. Íbúðin í Kaupmannahöfn hefur hins vegar staðið sjóðfélögum til boða allt árið en hefur nú verið seld og mun því ekki verða í boði árið 2017.

## 4.8 Önnur orlofsfyrirgreiðsla sjóðsins

Eftirspurn orlofshúsa á úthlutunartímum, á sumrin og páskum, hefur frá upphafi verið meiri en framboðið. Til þess að koma eitthvað til móts við þá sem fengu synjun var snemma byrjað að greiða götu þeirra til ferðalaga um landið eða til útivistar. Fram hefur t.d. komið að á níunda áratugnum var samið við Edduhótelin um hagstætt verð fyrir félagsmenn og á tíunda áratugnum byrjaði sjóðurinn að niðurgreiða ferðir um landið með ferðaskrifstofunni Samvinnuferðum-Landsýn og Ferðafélagi Íslands.

Haustið 2006 var samið við við Hótel Akureyri, Icelandair hótel og Fosshótel um gistingu með svokölluðum hótelmiðum sem OBHM tók þátt í að greiða. Hægt var að bóka hótelmiðana á bókunarvef sjóðsins. Strax ári seinna fjölgaði hótelum í þessu kerfi. Seinna voru hótelmiðarnir kallaðir orlofsávísanir.[66]

Snemma á árinu 2009 var þeirri spurningu beint til stjórnar sjóðsins hvort ekki væri hægt að fá afslátt á veiðikortum og útilegukortum sem víða væru í boði. Stjórnin kannaði málið og á sumarmánuðum byrjaði sjóðurinn að bjóða sjóðfélögum upp á slíka fyrirgreiðslu, útilegukort sem veita aðgang að tjaldsvæðum og veiðikort að um 30 veiðivötnum gegn vægu gjaldi. Viðtökurnar voru góðar og fyrsta sumarið seldust 290 veiðikort og 106 útilegukort.

Um líkt leyti tóku ýmis stéttarfélög sig saman og stofnuðu ferðanefnd stéttarfélaga sem fékk það hlutverk að ná hægstæðum tilboðum í hótelmiða, útilegukort, veiðikort og flugmiða. OBHM tók þátt í þessu starfi. Samvinnan skilaði árangri og árið 2011 byrjaði sjóðurinn að bjóða upp á sérstök gjafabréf sem fyrst í stað giltu hjá flugfélögunum Icelandair og Iceland Express. Ferðanefnd stéttarfélaga samdi um magnafslátt þannig að hvert gjafabréf varð mun verðmætara en viðkomandi félag greiddi fyrir það. Strax ári seinna komu til sögunnar gjafakort hjá fleiri aðilum, t.d. Útivist og Ferðafélagi Íslands, og ekki löngu seinna hjá WOW air og flugfélaginu Ernir. Þá voru golfkort líka komin til sögunnar.[67]

# Tilvísanaskrá


## 1. Inngangur. Ögn flókin saga bandalags

1 ÞÍ. Skjöl BHM. Gjörðabók fulltrúaráðs 26.11. 1959.
2 *Stjórnartíðindi* 1973 A, 112–118. Lög nr. 46 25. apríl 1973.
3 ÞÍ. Skjöl BHM. Gjörðabók fulltrúaráðs 24. og 30.5. 1973. – Sérprent. Lög fyrir Bandalag háskólamanna 5.5. 1973.
4 Guðríður Þorsteinsdóttir: „Skipulag BHM", 1. – Jón E. Ragnarsson: „Allir háskólamenn á sama báti", 11.
5 Valdimar K. Jónsson: „BHM á tímamótum", 2.
6 Grétar Ólafsson: „BHM-þingið. Framtíð BHM", 2.
7 ÞÍ. Skjöl BHMR. „BHMR – Starfshættir og framtíðarmarkmið". Skýrsla nefndar um framtíðarmarkmið og starfshætti BHMR 20.3. 1994.
8 Skjöl á skrifstofu. Gjörðabók miðstjórnar 18.9. 1996. – Um ítarlega þróunar- og starfssögu BHM skal bent á: Friðrik G. Olgeirsson: *BHM. Saga Bandalags háskólamanna* 1958–2008.

## 2. Upphaf Orlofssjóðs BHM

1 ÞÍ. Skjöl BHM. Gjörðabók stjórnar 16.4. 1970, 31. 7., 7.8. og 29.8. 1973. – *Málgagn Bandalags háskólamanna–BHM* 1. tbl. 1974, 11.
2 ÞÍ. Skjöl BHM. Ársskýrsla stjórnar um starfsemi BHM árið 1974. – *Málgagn Bandalags háskólamanna–BHM* 1. tbl. 1976, 15. – Stefán Hermannsson: „Orlofsmál", 20. – *BHM-tíðindi* ágúst 2007, 7.
3 ÞÍ. Skjöl BHM. Skýrslur stjórnar um starfsemi BHM 1974–1976. – *Málgagn Bandalags háskólamanna* 1. tbl. 1977, 16.
4 ÞÍ. Skjöl BHM. Skýrslur stjórnar um starfsemi BHM 1974–1976 og 1976–1978. – *Málgagn Bandalags háskólamanna* 1. tbl. 1977, 16.
5 Skjs. OBHM. Reglugerð um Orlofsheimilasjóð BHM. Samþykkt á 2. þingi BHM 18.11. 1976.
6 Friðrik G. Olgeirsson: *BHM. Saga Bandalags háskólamanna 1958–2008*, 131–133, 258–260 og 289.
7 *Málgagn Bandalags háskólamanna* 2. tbl. 1974, 14; 1. tbl. 1976, 15. – *Fréttabréf BHM* 1. tbl. í apríl 1977, 1; 1. tbl. apríl 1978, 1.
8 ÞÍ. Skjöl BHM. Ársskýrsla stjórnar um starfsemi BHM árið 1975.
9 ÞÍ. Skjöl BHM. Gjörðabók stjórnar 1.7. 1975.
10 Stefán Hermannsson: „Orlofsmál", 20.
11 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 14.2. 2006. Í henni er ljósrit afsals frá 8.6. 1976.
12 ÞÍ. Skjöl BHM. Gjörðabók fulltrúaráðs 23.10. 1958.
13 ÞÍ. Skjöl BHM. Gjörðabók fulltrúaráðs 26.11. 1959.
14 ÞÍ. Skjöl BHM. Gjörðabók fulltrúaráðs 11.6. og 26.11. 1959; 29.12. 1960.
15 ÞÍ. Skjöl BHM. Gjörðabók fulltrúaráðs 11.2. og 24.10.1963. – *BHM-bréf* nr. 5, janúar 1967, 2.
16 ÞÍ. Skjöl BHM. Gjörðabók stjórnar 7.7. og 17.12. 1964. – Gjörðabók fulltrúaráðs 24.11. 1964. – *BHM-bréf* nr. 5, janúar 1967, 2.
17 ÞÍ. Skjöl BHM. Gjörðabók stjórnar 19.11. 1968 og 5.5. og 24.11. 1969. – Gjörðabók fulltrúaráðs 13.5. og 27.11. 1969. – Ársskýrslur stjórna fyrir árin 1968–1972.
18 Friðrik G. Olgeirsson: *Á leið til upplýsingar*, 117–119. – *Málgagn Bandalags háskólamanna–BHM* 1. tbl. 1976, 10.
19 *Málgagn Bandalags háskólamanna–BHM* 1. tbl. 1975, 14–15.
20 ÞÍ. Skjöl BHM. Þingin. Fundargerð 2. ársþings BHM í nóv. 1976.
21 *Fréttabréf BHM* nóvember 1977, 3; júní 1978, 6–7.

## 3. Starfsemi Orlofssjóðs BHM 1976–1998

1 ÞÍ. Skjöl BHM. Gjörðabók stjórnar 23. og 30. 5. 1978. – Fundargerð fulltrúaráðs 1. 7. 1978. – *Fréttabréf BHM* 2. tbl. í júní 1978, 3 og 7.
2 ÞÍ. Skjöl BHM. Fundargerð fulltrúaráðs 8. 2. 1979. – *Fréttabréf BHM* 1. tbl. í apríl 1979.
3 ÞÍ. Skjöl BHM. Gjörðabók stjórnar 5. 8. 1981 og 23. 11. 1982. – Fundargerð fulltrúaráðs 26. 11. 1981. – Skýrsla stjórnar um starfsemi BHM 1980–1982. – *BHM-blaðið* 1. tbl. í febrúar 1983, 10.
4 *BHM blaðið* 5. tbl. nóvember 1985, 13.
5 Friðrik G. Olgeirsson: *BHM. Saga Bandalags háskólamanna 1958–2008*, 221.
6 ÞÍ. Skjöl BHM. Ársskýrsla framkvæmdastjórnar um starfsemi BHM 1990–1991. – Skýrsla framkvæmdastjórnar um starfsemi BHM 1990–1992. – *BHMR-tíðindi* 1. tbl. febrúar 1992, 2; 4.tbl. júlí 1992, 6.
7 Helga Þórarinsdóttir: „Saga Ljósmæðrafélags Íslands 1919–1979", 7. – *BHMR-tíðindi* desember 1997, 8.
8 *BHM-blaðið* 1. tbl. febrúar 1983, 21.
9 *BHMR-tíðindi* 3. tbl. apríl 1992, 2.
10 Skjs. OBHM. Kassi nr. 20. Reglugerð OBHMR 1994. – *BHMR-tíðindi* 3. tbl. maí 1994, 9.
11 Skjs. OBHM. Kassi nr. 20. Reglugerð OBHMR 1994. – *BHMR-tíðindi* 3. tbl. maí 1994, 9.
12 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 6.5. 1998.
13 ÞÍ. Skjöl BHMR. Gjörðabækur og önnur gögn orlofsnefndar/stjórnar OBHM 1974–1998.

14 ÞÍ. Skjöl BHM. Gjörðabók stjórnar 23. 3. 1976, 10. 1. 1978 og 15. 3. 1979. – *BHM-Málgagn Bandalags háskólamanna* 1. tbl. 1975, 3.
15 ÞÍ. Skjöl BHM. Skýrsla framkvæmdastjórnar um starfsemi BHM 1982–1984. – *BHM-blaðið* 3. tbl. í september 1983, 5.
16 *BHMR-tíðindi* 2. tbl. mars 1994, 14.
17 *BHMR- tíðindi* ágúst–september 1994, 3.
18 *BHMR-tíðindi* 1. tbl. 1988, 2; 4. tbl. 1988, 27.
19 ÞÍ. Skjöl BHM. Gjörðabók stjórnar 17. 5. 1977, 18. 10. 1977.
20 ÞÍ. Skjöl BHM. Ársskýrsla stjórnar um starfsemi BHM árið 1978. – *Fréttabréf BHM* 1. tbl. apríl 1978, 2. – Skjs. OBHM. Kassi nr. 20. Samningur OBHM og FM/FHK 30.11. 1977. – Samningur OBHM við Lögmannafélag Íslands 16.3. 1978.
21 Skjs. OBHM. Kassi nr. 20. Ódagsett bréf Þorsteins A. Jónssonar til fjárveitingarnefndar Alþingis árið 1986.
22 *BHM-blaðið* 5. tbl. í nóvember 1985.
23 ÞÍ. Skjöl BHMR. Skýrsla stjórnar OBHMR til aðalfundar 5.12. 1986 og 5.3. 1988. – Skjs. OBHM. Kassi nr. 20. Kaupsamningur 30.12. 1987 á landi OFB. – Afsal 16.5. 1988.
24 ÞÍ. Skjöl BHMR. Skýrsla stjórnar OBHMR til aðalfundar 30.3. 1990 og 22.3. 1991. – *BHMR-tíðindi* 2. tbl. febrúar 1992, 1.
25 *BHMR-tíðindi* 3. tbl. október 1991; 3. tbl. maí 1993, 1; 5. tbl. nóvember 1993, 1.
26 Skjs. OBHM. Bréf Unnar V. Ingólfsdóttur til skrifstofu sjóðsins 29.3. 2017.
27 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar OBHM 6. desember 2000. – Kassi nr. 20. Bréf Danfríðar Skarphéðinsdóttur 30.4. 1998 til Blaðamannafélags Íslands og annarra félaga í landi Brekku.
28 *BHMR-tíðindi* desember 1997, 8.
29 Skjs. OBHM. Kassi nr. 20. Samningur um leiguland nr. 11 22.8. 1986.
30 Skjs. OBHM. Kassi nr. 20. Úttekt Harðar Blöndal 26.9. 1994 fyrir OBHM.
31 *BHM-tíðindi* 3. tbl. desember 1995, 15. – Skjs. OBHM. Kassi nr. 20. Samningur við VMA 15.11. 1995. – Samningur við Hermann Sigurðsson Hraunkoti II Aðaldal 30.11. 1995.
32 Skjs. OBHM. Kassi nr. 20. Kaupsamningur OBHMR við Hlyn Kr. Halldórsson og Eddu K. Björnsdóttur 20.9. 1995.
33 Skjs. OBHM. Kassi nr. 20. Verksamningur OBHMR og Trésmiðju Fljótdalshrepps 8.11. 1996.
34 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 13.11. 2012 og 19.3. 2013.
35 *BHM-tíðindi* 3. tbl. desember 1995, 15; 3. tbl. júní 1999, 16.
36 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 15.9. 1999. Samantekt um starfsáætlanir 30.4. 1991–6.10. 1999.
37 *BHMR-tíðindi* 4. tbl. 1989, 27.
38 *BHMR-tíðindi* 2. tbl. febrúar 1992, 1.
39 *BHM-tíðindi* 1. tbl. febrúar 2000, 11; 1. tbl. febrúar 2005, 10.
40 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 15.9. 1999. Samantekt um starfsáætlanir 30.4. 1991–6.10. 1999.
41 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 15.9. 1999. Samantekt um starfsáætlanir 30.4. 1991–6.10. 1999.

## 4. Starfsemi Orlofssjóðs BHM 1999–2016

1 Skjs. OBHM. Skipulagsskrá fyrir Orlofssjóð Bandalags háskólamanna frá 12. maí 1999. Sjá 11. grein.
2 Skjs. OBHM. Skýrsla stjórnar OBHM á aðalfundi BHM 2000. – *BHM-tíðindi* 1. tbl. janúar 1999, 15.
3 Skjs. OBHM. Skipulagsskrá fyrir Orlofssjóð Bandalags háskólamanna frá 12. maí 1999.
4 Skjs. OBHM. Frumvarp að Samþykktum Orlofssjóðs BHM 4. maí 2016. Athugasemdir við frumvarpið.
5 Skjs. OBHM. Ársfundur fulltrúaráðs 15.4. 2005.
6 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 14.1. 2005.
7 *BHM-tíðindi* 4.tbl. september 1999, 3.
8 Skjs. OBHM. Kassi nr. 20. Mappa 1998. Drög að skýrslu formanns OBHM til aðalfundar 1998. – *BHM-tíðindi* desember 1997, 8.
9 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 12.11. 2013. Viðhengi: Samningur OBHM og KTFÍ 22.3. 2004.
10 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 12.8. og 3.10. 2008; 14.9. 2010; 14.10. 2014.
11 *BHM-tíðindi* febrúar 1999. Orlof 99. *BHM-tíðindi* febrúar 2001. Orlof 2001. *BHM-tíðindi* febrúar 2002. Orlof 2002. – Ársfundir fulltrúaráðs 15.4. 2005; 9.5. 2007; 31.3. 2008; 17.4. 2009. 15.4. 2011; 16.4. 2012; 26.4. 2013; 16.4. 2015. – Fulltrúaráðsfundur 12.12. 2008. – Gjörðabók stjórnar 10.11. 2003; 4.2. 2004; 26.6. 2007; 8.4. 2008; 3.6. 2008; 12.5. 2009; 14.5. og 30.5. 2013; 12.5. 2015; 14.6. 2016.
12 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar í janúar 2000.
13 Skjs. OBHM. Fulltrúaráðsfundur 10.12. 2004. – Gjörðabók stjórnar 5.1. 2005.
14 Skjs. OBHM. Bandalag háskólamanna – Viðhorfskönnun júní 2005.
15 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 3.6. 2005.
16 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 3.6.; 12.8.;16.9.; 3.10. og 16.10. 2008.
17 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 8.12. 2009.
18 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 12.11. 2013 og 9.9. 2014.
19 Skjs. OBHM. Skjöl ársins 2001. Verklagsreglur Orlofssjóðs BHM um pöntun og úthlutun orlofshúsa, greiðslu leigu, umgengni o.fl. – *BHM-tíðindi* febrúar 2001. Orlof 2001.
20 Skjs. OBHM. Skjöl ársins 2001. Verklagsreglur Orlofssjóðs BHM um pöntun og úthlutun orlofshúsa, greiðslu leigu, umgengni o.fl. Annar hluti.
21 Margrét Þórisdóttir: „Þá er komið að fyrsta vorboðanum", 3. – Skjs. OBHM. Skjöl um verklagsreglur með gjörðabók stjórnar 2.3. 2010 og 25.8. 2011.
22 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 1. og 8.11. 2011.
23 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 6.10. 2006.
24 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 17.11. 2008. – Rekstrarreikningur OBHM 2007.
25 *BHM-tíðindi* febrúar 2000. *Orlof 2000.* – *BHM-tíðindi* febrúar 2001. *Orlof 2001.* -*BHM-tíðindi* febrúar 2002. *Orlof 2002.*
26 Skjs. OBHM. Þjónustusamningur BHM og Orlofssjóðs BHM 14.1. og 23.1. 2002.
27 Friðrik G. Olgeirsson: *Saga BHM*, 276. – Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 3.11. 2004; 9.8. og 8.11. 2005.
28 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 8.11. 2011 og 6.11. 2011. – Minnisblöð framkvæmdastjóra 30.9. og 18.10. 2011. –

Þjónustusamningur BHM og Orlofssjóðs BHM 14.1. og 23.1. 2002 með viðauka 9.10. 2012.

29 *BHM-tíðindi* febrúar 1999. *Orlof 99.* – *BHM-tíðindi* febrúar 2000. *Orlof 2000.* – Hreinn Hjartarson: „Orlofshugleiðingar“, 18. – Margrét Þórisdóttir: „Þá er komið að fyrsta vorboðanum“, 3.

30 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 10.8. 2010 og 10.4. 2012.

31 *BHM-tíðindi* febrúar 1999. *Orlof 99.* – *BHM-tíðindi* febrúar 2003. *Orlof 2003.* – Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 3.3. 2004 og 6.9. 2005.

32 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 8.9. 2009. – Fulltrúaráðsfundur 11.12. 2009.

33 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 8.3. og 30.9. 2011.

34 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 8., 14.4. og 19.9. 2014.

35 Skjs. OBHM. Ársreikningur 2016

36 Hreinn Hjartarson: „Bætt aðstaða“, 17.

37 *BHM-tíðindi* febrúar 2000. *Orlof 2000.*

38 *BHM-tíðindi* 3. tbl. desember 1995, 15. – ÞÍ og Skjs. OBHM. Skýrslur stjórnar OBHM á aðalfundum/ársfundum 1996, 1998, 2002, 2004 og 2006.

39 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 5.2. 2003.

40 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 23.4. 2004.

41 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 9.8., 11.10., 8.11. og 13.12. 2005.

42 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 6.10. 2006 og 8.5. 2007.

43 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 12.5. og 18.6. 2009.

44 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 10.11. og 8.12. 2009; 12.1. og 2.3. 2010. – Fulltrúaráðsfundur 11.12. 2009.

45 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 9.11. 2010 og 14.12. 2010 með verksamningi við Smíðandi hf.

46 *DV* 2.–4. mars 2012, 7.

47 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 8.2. og 8.3. 2011.

48 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 15.5. og 14.8. 2012.

49 *BHM-tíðindi* janúar 2013. *Orlof 2013*, 6.

50 *BHM-tíðindi* janúar 2013. *Orlof 2013*, 6.

51 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 14.1., 11.2. og 8.4. 2014.

52 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 11.3., 13.5., 10.6. og 26.8. 2014; 10.3. og 8.9. 2015.

53 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 18.9. 2015; 9.2. og 8.3. 2016.

54 Skjs. OBHM. Ársfundur fulltrúaráðs 15.4. 2005. – Gjörðabók stjórnar 13.6. 2006.

55 Unnur V. Ingólfsdóttir: „Ágætu sjóðfélagar“, 3. – Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 8.3., 24.9., 9.11. 2010; 12.4. 2011.

56 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 11.12. 2007; 11.8. og 16.9. 2008. – Fulltrúaráðsfundir 12.12. 2008 og 11.12. 2009. – Ársfundur fulltrúaráðs 15.4. 2010.

57 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 12.4. 2011.

58 Skjs. OBHM. Skýrsla stjórnar á fulltrúaráðsfundi 16.12. 2016.

59 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 26.1. 2016.

60 Eyþóra Kristín Geirsdóttir: „Ágætu sjóðfélagar“, 2.

61 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 2.3. 2010 og 12.1. 2016. – Ársfundur fulltrúaráðs 15.4. 2011.

62 *BHM-tíðindi* febrúar 2005. *Orlof 2005.*

63 *BHM-tíðindi* febrúar 2001. *Orlof 2001.*

64 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 11.8. 2009.

65 *Orlofsblað* 1. tbl. janúar 2016. Orlofssjóður BHM.

66 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 28.11. 2006.

67 Skjs. OBHM. Gjörðabók stjórnar 2.3. og 13.4. 2010; 10.5. 2011; 19.9. 2014; 14.4. 2015. – Ársfundur fulltrúaráðs 15.4. 2011.

# *Heimildaskrá*


## A. Skjöl og aðrar óprentaðar heimildir

### 1. (ÞÍ) Þjóðskjalasafn Íslands

1. 1. Skjöl BHM:

Ársskýrslur stjórna BHM um starfsemina árin 1958–1975, 1978.

Ársskýrsla framkvæmdastjórnar um starfsemi BHM 1990–1991.

Gjörðabækur fulltrúaráðs BHM 23. 10. 1958–4.4. 1963; 18.7. 1963–17.9. 1971. Fundargerðir fulltrúaráðs 1973, 1978, 1979, 1981.

Gjörðabækur stjórnar BHM 1964–1982.

Sérprent. Lög fyrir Bandalag háskólamanna 5.5. 1973.

Skýrslur stjórnar um starfsemi BHM 1974–1976.

Skýrslur stjórnar um starfsemi BHM 1976–1978.

Skýrsla stjórnar um starfsemi BHM 1980–1982.

Skýrsla framkvæmdastjórnar um starfsemi BHM 1982–1984. (Á 6. þingi 1984)

Skýrsla framkvæmdastjórnar um starfsemi BHM 1990–1992. (Á 10. þingi 1992)

Þingin. Fundargerð 2. ársþings BHM í nóv. 1976.

1. 2 Skjöl BHMR (1986–1994):

„BHMR – Starfshættir og framtíðarmarkmið“. Skýrsla nefndar um framtíðarmarkmið og starfshætti BHMR 20. 3. 1994.

Gjörðabækur og önnur gögn orlofsnefndar/stjórnar OBHM 1974–1998.

Skýrsla stjórnar OBHMR til aðalfunda 1986, 1988, 1990, 1991.

### 2. (Skjöl á skrifstofu) Skjalasafn BHM í Borgartúni 6

Gjörðabók miðstjórnar BHM 18.9. 1996.

### 3. (Skjs. OBHM) Skjalasafn Orlofssjóðs Bandalags háskólamanna

Ársfundir fulltrúaráðs15.4. 2005; 9.5. 2007; 31.3. 2008; 17.4. 2009; 15.4. 2010; 15.4. 2011; 16.4. 2012; 26.4. 2013; 16.4. 2015.

Ársreikningar OBHM 2001–20016.

Bandalag háskólamanna – Viðhorfskönnun júní 2005.

Bréf Unnar V. Ingólfsdóttur til skrifstofu sjóðsins 29.3. 2017.

Frumvarp að Samþykktum Orlofssjóðs BHM 4. maí 2016. Athugasemdir við frumvarpið.

Fulltrúaráðsfundir 10.12. 2004; 12.12. 2008; 11.12. 2009.

Gjörðabók stjórnar OBHM 1998, 2000, 2003–2016.

Gjörðabók stjórnar 15.9. 1999. Samantekt um starfsáætlanir 30.4. 1991–6.10. 1999.

Gjörðabók stjórnar 14.2. 2006. Þar í ljósrit afsals fyrir Brekkuskógi 8.6. 1976.

Gjörðabók stjórnar 12.11. 2013. Viðhengi: Samningur OBHM og KTFÍ 22.3. 2004.

Gjörðabók stjórnar 9.11. 2010 og 14.12. 2010 með verksamningi við Smíðandi hf.

Kassi nr. 20. Samningur OBHM og FM/FHK 30.11. 1977.

Kassi nr. 20. Samningur OBHM við Lögmannafélag Íslands 16.3. 1978.

Kassi nr. 20. Samningur um leiguland nr. 11 22.8. 1986.

Kassi nr. 20. Ódagsett bréf Þorsteins A. Jónssonar til fjárveitingarnefndar Alþingis árið 1986.

Kassi nr. 20. Kaupsamningur 30.12. 1987 á landi Orlofssjóðs Félags bókagerðamanna. – Afsal 16.5. 1988.

Kassi nr. 20. Reglugerð OBHMR 1994.

Kassi nr. 20. Úttekt Harðar Blöndal 26.9. 1994 fyrir OBHM.

Kassi nr. 20. Kaupsamningur OBHMR við Hlyn Kr. Halldórsson og Eddu K. Björnsdóttur 20.9. 1995.

Kassi nr. 20. Samningur við VMA 15.11. 1995. – Samningur við Hermann Sigurðsson Hraunkoti II Aðaldal 30.11. 1995.

Kassi nr. 20. Verksamningur OBHMR og Trésmiðju Fljótdalshrepps 8. 11. 1996.

Kassi nr. 20. Bréf Danfríðar Skarphéðinsdóttur 30.4. 1998 til Blaðamannafélags Íslands og annarra félaga í landi Brekku.

Kassi nr. 20. Mappa 1998. Drög að skýrslu formanns OBHM til aðalfundar 1998.

Minnisblöð framkvæmdastjóra 30.9. og 18.10. 2011.

Reglugerð um Orlofsheimilasjóð BHM. Samþykkt á 2. þingi BHM 18.11. 1976.

Skipulagsskrá fyrir Orlofssjóð Bandalags háskólamanna frá 12. maí 1999.

Skjöl ársins 2001. Verklagsreglur Orlofssjóðs BHM um pöntun og úthlutun orlofshúsa, greiðslu leigu, umgengni o.fl.

Skjöl ársins 2001. Verklagsreglur Orlofssjóðs BHM um pöntun og úthlutun orlofshúsa, greiðslu leigu, umgengni o.fl. Annar hluti.

Skjöl um verklagsreglur með gjörðabók stjórnar 2.3. 2010 og 25.8. 2011.

Skýrsla stjórnar OBHM á aðalfundi BHM 2000.

Skýrslur stjórnar OBHM á aðalfundum/ársfundum 1996, 1998, 2002, 2004 og 2006.

Skýrsla stjórnar á fulltrúaráðsfundi 16.12. 2016.

Þjónustusamningur BHM og Orlofssjóðs BHM 14.1. og 23.1. 2002.

Þjónustusamningur BHM og Orlofssjóðs BHM 14.1. og 23.1. 2002 með viðauka 9.10. 2012.

## B. Prentaðar heimildir

*BHM-blaðið* 1. tbl. febrúar 1983; 3. tbl. september 1983; 5. tbl. nóvember 1985.

*BHM-bréf* nr. 5, janúar 1967.

*BHM-tíðindi* 3. tbl. desember 1995; desember 1997; 1. tbl. janúar, 3. tbl. júní og 4. tbl. september 1999; 1. tbl. febrúar 2000; 1. tbl. febrúar 2005; ágúst 2007.

*BHM-tíðindi. Orlofsblað* 1999, 2000, 2001, 2002, 2003, 2005, 2013.

*BHMR-tíðindi* 1. tbl. og 4. tbl. 1988; 4. tbl. 1989; 3. tbl. október 1991; 2. tbl. febrúar, 3. tbl. apríl og 4. tbl. júlí 1992; 3. tbl. maí og 5. tbl. nóvember 1993; 2. tbl. mars, 3. tbl. maí og ágúst–september 1994.

*DV* 2012.

Eyþóra Kristín Geirsdóttir: „Ágætu sjóðfélagar". *Orlofsblað OBHM* janúar 2016.

*Fréttabréf BHM* 1. tbl. apríl 1977, 1; 1. tbl. apríl 1978; 2. tbl. júní 1978; 1. tbl. apríl 1979.

Friðrik G. Olgeirsson: *Á leið til upplýsingar. Saga Bókavarðafélags Íslands, aðildarfélaga þess og Félags bókasafnsfræðinga*. Upplýsing, Reykjavík 2004.

Friðrik G. Olgeirsson: *BHM. Saga Bandalags háskólamanna 1958–2008*. BHM, Reykjavík 2008.

Grétar Ólafsson: „BHM-þingið. Framtíð BHM". *BHM-blaðið* 1. tbl. mars 1987.

Guðríður Þorsteinsdóttir: „Skipulag BHM". *Fréttabréf BHM* 2. tbl. mars 1982.

Helga Þórarinsdóttir: „Saga Ljósmæðrafélags Íslands 1919–1979". *Ljósmæður á Íslandi* II. Ljósmæðrafélag Íslands, Reykjavík 1984.

Hreinn Hjartarson: „Bætt aðstaða". *BHM-tíðindi*, orlofsblað, febrúar 2001.

Hreinn Hjartarson: „Orlofshugleiðingar". *BHM-tíðindi, orlofsblað,* febrúar 2002.

Jón E. Ragnarsson: „Allir háskólamenn á sama báti". *BHM-blaðið* 5. tbl. nóvember 1982.

Margrét Þórisdóttir: „Þá er komið að fyrsta vorboðanum". *BHM-tíðindi, orlofsblað,* febrúar 2003.

*Málgagn Bandalags háskólamanna–BHM* 1. tbl. 1974; 2. tbl. 1974; 1. tbl. 1975; 1. tbl. 1976; 1. tbl. 1977.

*Orlofsblað* 1. tbl. janúar 2016. Orlofssjóður BHM.

Stefán Hermannsson: „Orlofsmál". *BHM-blaðið* 4. tbl. 1983.

*Stjórnartíðindi* 1973 A. Lög nr. 46 25. apríl 1973.

Unnur V. Ingólfsdóttir: „Ágætu sjóðfélagar". *BHM-tíðindi* mars 2012.

Valdimar K. Jónsson: „BHM á tímamótum". *BHM-blaðið* 5. tbl. nóvember 1982.









Orlofssjóður BHM

Borgartúni 6, 105 Reykjavík · Sími: 595 5100 · Bréfsími: 595 5101 · www.bhm.is